



SKOÐUN Bullið tröllrífur hverjum krók og kima íslenskrar umræðu, skrifar Sif Sigmarsdóttir. **15**



MENNING Heimildarmyndin Hvellur eftir Grím Hákonarson fær fjórar stjörnur. **26**



SPORT Ólafur Stefánsson snýr aftur til Íslands í sumar og tekur þá við þjálfun Vals. **30**

BILMAGNARAR PR LAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVEP MARGNARAR BILTÆKI FERDATÆKI MAGNARAR

RISAÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MED ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

Sjá allt úrvalið á ht.is

Heimilistæki www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 569 1500

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
30. janúar 2013
25. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt óvæntingalokunum Capacent Gallup, janúar - maí 2012

FRÉTTIR



Karflansan er víst til
Ólík virkni heila kynjanna leiðir til þess að karlar verða veikari en konur af ýmiss konar umgangspæstum. **2**

Skattarnir hækka lánin Skattkerfisbreytingar hafa hækkað íbúðalán landans um 21 milljarð. **4**

Óttast að laxeldi hindri siglingar Heimamenn í Fjarðabyggð óttast að fjöldi sjókvía á Reyðarfirði loki á siglingaleiðir fyrir olíuleitarskip. **6**

Pólitískt Pandórubox Icesave-málið hefur skekið íslenska pólitík. Sagan sýnir að stjórnarflokkar hafa verið fylgjandi samningum en stjórnarandstaðan á móti. **12**

Reglan að rafmagnnið fari

Vestfirðingar langþreyttir á rafmagnstruflunum sem fylgja vondum veðrum. Bæjarráð Ísafjarðar skorar á Landsnet og OV að flýta framkvæmdum við varaafstöð. Óviðunandi ástand, segir framkvæmdastjóri fiskvinnslu.

VESTFIRÐIR Íbúar á Vestfjörðum eru orðnir langþreyttir vegna langvarandi rafmagnsleysis og -skömmtnar undanfarin misseri. Rafmagnslaust var víða á norðanverðum Vestfjörðum í gær vegna skemmda á flutningslínunum í Breiðadal, norður frá Mjólklársvirkjun í Arnarfirði. Er þetta í annað sinn á stuttum tíma sem Vestfirðingar glíma við rafmagnstruflanir sem raska meðal annars rekstri fyrirtækja.

Á fundi sínum í fyrrkvöld skoraði bæjarráð Ísafjarðarbæjar á stjórnvöld, Landsnet og Orkuþing Vestfjarða (OV) að hraða uppbyggingu varaafstöðvar í Bolungarvík og styrkja kerfi svæðisins til að koma í veg fyrir langvarandi rafmagnsleysi. Ljóst væri að afhendingaröryggi raforku á svæðinu væri með öllu óviðunandi og það væri orðin regla frekar en undan-

Göng undir heiðina bæti ástandið

Guðmundur Ingi hjá Landsneti bendir á að verði af framkvæmdum við göng úr Dýrafirði undir Hrafnseyrarheiði muni Landsnet leggja þar línur í jörð í gegnum göngin. „Þá tökum við af þennan slæma kafla sem fer yfir heiðina og það mun bæta afhendingaröryggið til muna,“ segir hann. Hrafnseyrarheiði er helsti vegartálminn milli norðanverðra og sunnanverðra Vestfjarða og lokast iðulega yfir vetrartímann.

tekning að tenging norðanverðra Vestfjarða við dreifikerfi dytti út þegar eitthvað væri að veðri.

Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets, játar að hinir ýmsu annmarkar í rafveitukerfinu geri afhendingaröryggi minna á Vestfjörðum en annars staðar. Varðandi áskorun bæjarráðs segir hann lítið hægt að gera annað en að halda framkvæmdum áfram. „Við getum einfaldlega ekki hraðað þeim þar sem þær eru á fullri fart,“ segir hann.

Gert er ráð fyrir að aflstöðin komist í gagnið næsta haust og nemur kostnaður hundruðum milljóna.

Kristján Haraldsson, orkuþingstjóri OV, tekur undir orð Guðmundar og segir afhendingaröryggi ábótavant, þó svo það hafi farið batnandi síðustu ár. „Það er mjög langt síðan við höfum lent í svona langvarandi ástandi, en það stafar af því hversu alvarleg línubilunin er núna,“ segir hann.

Guðni Einarsson, framkvæmdastjóri fiskvinnslufyrirtækisins

Klofnings á Suðureyri, segir rafmagnsskammtanirnar orsaka eitt-hvert framleiðslutap hjá fyrirtækinu, en lítið annað sé hægt að gera en að laga sig að aðstæðum. „Auðvitað er þetta ekki viðunandi,“ segir Guðni.

Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri hraðfrystihússins Gunnvarar í Hnífsdal, segir Landsnet og OV hafa staðið sig mun betur nú en um jóln varðandi upplýsingaflæði, meðal annars með fjöldaskilaboðum í síma. Bilanirnar hafi haft vond áhrif á tölvukerfi Gunnvarar og annan tæknibúnað en framleiðslan hafi náð að halda sér að mestu.

Varaafstöðvar voru notaðar víða í gær og var rafmagnsskammtað á Þingeyri, Flateyri, Ísafirði, Hnífsdal og Bolungarvík þar til viðgerð á Breiðdalslínu lauk síðdegis.

- sv / þj

SHALDOR 14

Bolungarvík	0°	NA	8
Akureyri	-1°	NA	5
Egilsstaðir	0°	NNA	7
Kirkjubæjarkl.	1°	NA	3
Reykjavík	3°	A	7

Lægir í dag eru horfur á strekkingi á annesjum NV-til og SA-til en vindur verður hægari inn til landsins. Búast má við stöku éljum norðan- og austantil **4**

2 SÉRBLÖÐ

Útfarir | Fólki

FÓLK
ÚTFARIR



FJÖRUTÍU Í EINANGRUN Guðrún Ellen Halldórsdóttir, hjúkrunarfræðingur á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi, býr sig undir að sinna sjúklingi í einangrun. Hátt í 40 sjúklingar hafa verið í einangrun síðustu daga.

Purftu að fá fleiri dýnur til að geta bætt við sjúkrarúmum á Landspítalanum:

Velja daglega veikasta fólkið

HEILBRIGÐISMÁL Farið er yfir biðlista vegna aðgerða og lyfjameðferða daglega á Landspítalanum til að velja úr fólki sem getur ekki beðið lengur. Dregið hefur úr allri slíkri valstarfsemi á spítalanum eftir að óvissustigi var lýst yfir að nýju í gær vegna plássleysis og flensu. Sjúklingum á biðlistum er forgangsraðað til að tryggja öryggi þeirra.

Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, segir sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk sýna ástandinu skilning. „Fólk tekur því ótrúlega vel að þurfa að bíða,“ segir hún. „Við

köllum veikustu sjúklingana inn af biðlistum, en því sem má bíða er ýtt aftar.“

Sjúkrarúmum á spítalanum hefur verið fjölgað til að bregðast við ástandinu og nauðsynlegt var að útvega aukadýnur í sjúkrarúmin sem til voru. Fjölgunin hefur ríum á kostnað dagdeildarpláss, en einnig hefur rúmum verið komið fyrir í setustofum, vinnuherbergjum og á göngum. Allt starfsfólk spítalans hefur verið beðið um að aðstoða frekar við vinnuna með því að taka á sig aukavaktir.

Færir út kvíarnar: Hannar líka fyrir dömurnar

MENNING „Hingað til hef ég einbeitt mér alfarið að herrafatnaði svo þetta er svolítið nýtt fyrir mér. En ég er mjög spenntur fyrir þessu,“ segir Guðmundur Jörundsson, sem frumsýnir fyrstu dömulinu sína á Reykjavík Fashion Festival.

Guðmundur hannar bæði undir eigin nafni og fyrir Herra-fataverslun Kormáks og Skjaldar. Hann stefnir á að opna eigin búð við Laugaveg.

Stílisti Chris Brown óskaði eftir fótum frá Kormáki og Skildi í haust en notaði þau ekki. Guðmundur segist feginn að söngvarinn hafi ekki farið í fötin hans.



GUÐMUNDUR JÖRUNÐSSON

- sm / sjá síðu 34

Egill Arnason

STÓRÚTSALA

Suðurlandsbraut 20 | Sími: 595 0500

DOMTI®
Allt fyrir heimilið

Aðeins þrjú verð:
290 kr **390 kr** **690 kr**

Smáratorgi 1 • 522 7000 • www.domti.is

SÉRVERKEFNI

- Hreingerningar
- Iðnaðarþrif
- Bónvínna
- Parkethreinsun
- Steintepparþrif

ISS

www.iss.is

SPURNING DAGSINS



Pórir, áttu ekki von á að selja fleiri plötur en þú seldir?

„Ef allt fer þá munu fleiri eintök seljast af minni plötu en ég þurfti að selja til að búa hana til.“

Tónlistarmaðurinn Pórir Georg seldi 50 til 100 vinyllplötur úr safni sínu til að borga útgáfu á nýju plötunni sinni I Will Die and You Will Die and It Will Be Alright. Pórir fékk reyndar útgáfusamning á lokaspjettinum.

Skuldatryggingarálag ríkissjóðs batnaði lítillega í kjölfar Icesave-dómsins á mánudag:

Icesave-dómur bætti horfur um lánshæfi

EFNAHAGSMÁL Alþjóðlegu matsfyrirtækin Moody's og Fitch eru sammála um að sigur Íslands í Icesave-málinu fyrir EFTA-dómstólnum feli í sér mjög góð tíðindi fyrir lánshæfi landsins. Fyrirtækin birtu í gær viðbrögð við dóminum en ekki var þó gerð breyting á lánshæfiseinkunum ríkissjóðs.

Í umfjöllun Moody's segir að úrskurður EFTA-dómstólsins eyði mikilli lagalegri og fjárhagslegri óvissu sem íslensk stjórnvöld hafi búið við. Þá kemur þar fram að

áhættan á óhagstæðri niðurstöðu í Icesave-deilunni hafi verið einn helsti áhættuþátturinn sem fyrirtækið hafi litið til við mat sitt á lánshæfi landsins.

Í umfjöllun Fitch segir að dómurinn sé jákvæður fyrir lánshæfi Íslands þótt gjaldyrishöftin hafi enn mikil áhrif á lánshæfiseinkun ríkissjóðs. Dómurinn er sagður fjarlægja áhættuþátt sem hefði getað haft umtalsverð neikvæð áhrif á stöðu ríkisfjármála.

Þriðja stóra matsfyrirtækið,

Standard & Poor's, hefur enn ekki birt viðbrögð við dóminum. Bandaríska fréttaveitan Bloomberg hafði þó eftir sérfræðingi hjá fyrirtækinu á mánudag að dómurinn myndi til skemmri tíma ekki valda breytingum á lánshæfismati Íslands.

Ísland er sem stendur í lægsta fjárfestingarflokki hjá öllum þremur fyrirtækjunum, með neikvæðar horfur hjá Moody's en stöðugar hjá hinum tveimur.

Þá lækkaði fimm ára skuldatryggingarálag Íslands um tvo

170

Fimm ára skuldatryggingarálag Íslands stendur nú í 170 stigum og hefur ekki mælst lægra síðan fyrir bankahrun.

punkta á mánudag og er nú tæplega 170 stig. Hefur skuldatryggingarálagið ekki mælst lægra síðan fyrir bankahrun.

- mþl



PARÍS Á SUNNUDAG Stuðningsmenn lögleiðingar hjónabands samkynhneigðra hafa verið áberandi á götum Parísar síðustu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frakkar deila um hjónabönd samkynhneigðra: Þjóðin klofin í afstöðu sinni

PARÍS, AP Ríkisstjórn François Hollande, forseta Frakklands, hefur kynnt umdeilt frumvarp þess efnis að hjónaband samkynhneigðra verði gert löglegt í landinu.

Franska þjóðin er klofin í afstöðu sinni til frumvarpsins, ekki síst kaþólski meirihlutinn í landinu. Bæði stuðningsmenn og andstæðingar frumvarpsins hafa haldið fjölda fundi á götum Parísar á síðustu dögum. Hafa hundruð þúsunda Parísarbúa sótt fundina til að sýna vilja sinn í verki.

Umræður um frumvarpið í franska þinginu eiga að taka tvær vikur en stjórn og stjórnarandstaða eiga í viðræðum um framgang frumvarpsins.

- mþl

Vafningsmálinu ekki lokið: Lárus áfrýjar til Hæstaréttar

DÓMSMÁL Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, hefur áfrýjað fangelsisdómnum sem hann hlaut í Vafningsmálinu til Hæstaréttar.

Lárus var dæmdur í níu mánaða fangelsi, þar af voru sex mánuðir skilorðsbundnir, eins og Guðmundur Hjaltason. Guðmundur hefur ekki tekið ákvörðun um áfrýjun síns dóms en hefur frest til þess til 4. febrúar.

Tvímennigarnir voru dæmdir fyrir umboðssvik með því að láta Glitni lána Milestone tíu milljarða í ársbyrjun 2008.

- sh

Ekki rætt við fjölmiðla: Forsetinn hittir Tim Ward í gær

STJÓRNSÝSLA Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fundaði í gær með Tim Ward og Kristjáni Andra Stefánssyni úr málflutningsteyminu sem flutti Icesave-málið við EFTA-dómstólinn fyrir hönd Íslands.

Í tilkynningu segir að þeir hafi meðal annars rætt um niðurstöðu EFTA-dómstólsins, sterkan málstað Íslands og afleiðingar fyrir umræður og stefnumótun innan ESB og á vettvangi alþjóðlegs fjármálasamstarfs.

Ólafur Ragnar hefur ekki viljað ræða við fjölmiðla frá því að niðurstaða dómstólsins lá fyrir.

- mþl

Karlaflensan virðist til eftir allt saman

Breskur prófessor í lífeðlisfræði segir karla upplifa einkenni kvefpesta og flensu sterkar en konur. Karlar hafa stundum verið sagðir kvartarárari en konur í veikindum. Mögulega ekki að ástæðulausu. Ólík virkni heila kynjanna skýrir muninn.

HEILBRIGÐISMÁL Ólík virkni heila kynjanna leiðir til þess að karlar verða veikari en konur af umgangspæstum ýmiss konar. Þetta er niðurstaða Amöndu Ellison, prófessors í lífeðlisfræði við Durham-háskóla í Bretlandi.

Breska dagblaðið Telegraph hefur eftir Ellison, sem einnig er hluti af teymi sem stundar rannsóknir á taugakerfi mannsins, að ástæða þess að karlar verði veikari en konur sé að stöð heilans sem stýrir margvíslegri virkni líkamans, þar á meðal hitastigi, sé öðruvísi í þeim en í konum. Ellison byggir niðurstöðu sína á samantekt margvíslegra nýrra rannsókna á mannsheilanum. Hún birtir niðurstöður sínar í bókinni Getting Your Head Around the Brain, en í henni er áhersla lögð á muninn á milli kynjanna.

„Rannsóknir mínar snúa að því hvernig ólíkir hlutar heilans hafa samskipti hver við annan,“ segir Ellison.

Kynin segir hún þó byrja ævina jafnfætis hvað umgangspæstir varðar, þar sem umrætt svæði heilans (preoptic-kjarninn) sé jafnstórt í piltum og stúlkum. Við kynþroska verði hins vegar breytingar í undirstúku heilans vegna testósterónframleiðslu drengja sem leiði til þess að svæðið stækki.

„Þegar fólk fær kvef þá bregst líkaminn við árásinni með hita,“ hefur Telegraph eftir Ellison.



KVEINKAR SÉR UNÐAN SPRAUTUNNI Kenningar eru uppi um að heilar karla og kvenna nemi og stýri hitabreytingum í líkamanum á ólíkan hátt og því verði karlar veikari en konur þegar þeir fá kvef eða flensu.

NORDICPHOTOS/AFP

„Karlar hafa hins vegar fleiri hitanema þar sem þetta svæði heilans er stærra hjá þeim en í konum. Vegna þessa fá karlar hærri hita og líður verr. Og kvarti þeir undan slæmri líðan sinni er það ef til vill ekki að ástæðulausu,“ segir hún.

Þórir B. Kolbeinsson, fyrrverandi formaður Félags íslenskra heimilislækna og yfirlæknir Heilsugæslustöðvarinnar á Hellu, segist ekki hafa áður heyrt af þessum kenningum. Með fyrir-

vara um að hafa ekki skoðað niðurstöður eða frumgögn telur hann þær þó ekki endilega út í bláinn.

„Ég leyfi mér bara að vitna í að löngum hefur því verið haldið fram, sérstaklega af kvenþjóðinni, að karlar beri sig lakar og séu kvartarárari þegar þeir veikjast,“ segir Þórir, en kveðst til þessa fremur hafa skrifað slíkar kenningar á togstreituna á milli kynjanna. „En kannski er eitthvað annað að koma í ljós.“

olikk@frettabladid.is

Óvænt vandamál komið upp hjá nýrri myndbandþjónustu Twitter : Twitter glímir við klámfaraldur

TÆKNI Örbloggsíðan vinsæla Twitter hefur neyðst til þess að ritskoda leitarverkfæri síðunnar síðustu daga eftir að stutt klámmyndbönd urðu skyndilega fyrirferðarmikil á síðunni.

Myndböndin má rekja til nýrrar þjónustu sem Twitter kynnti í síðustu viku og nefnist Vine. Vine gerir notendum kleift að taka sex sekúndna löng myndbönd sem birtast síðan í samnefndu appi og auðvelt er að birta líka á Twitter.

Á mánudag birti Vine fyrir slysi gróft klámmyndband í hópi myndbanda sem þjónustan mælir sérstaklega með. Í kjölfarið dreifðist myndbandið eins og eldur í sínu um bæði Vine og Twitter sem og fleiri klámmyndbönd sem sami aðili hafði birt á Vine.

Fyrir vikið hefur Twitter ritskodað leitarmöguleika Vine og Twitter til að sjá til þess að klámið verði ekki á vegi venjulegra notenda nema einbeittur vilji liggja þar að baki. Það er nefnilega ekki bannað að taka upp klámmyndbönd á Vine en Twitter vill forðast að venjulegir notendur eigi sífellt á hættu að sjá þau.

Í tilkynningu frá Twitter segir að ekki standi til



TWITTER Twitter kynnti í síðustu viku nýja þjónustu sem nefnist Vine og gerir notendum kleift að dreifa stuttum myndböndum á síðunni.

NORDICPHOTOS/AFP

að ritskoda leitarverkfæri síðunnar til frambúðar. Fyrirtækið ætli sér hins vegar að breyta því hvernig notendur nálgast og skoði viðkvæmt efni.

- mþl

HEIMSSENDINGAR UM ALLT LAND

NÝ VEFSÍÐA LYFJAVER.IS

Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRÁUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

UMBÚÐAHÖNNUN 2013

Oddi, Félag íslenskra teiknara (FÍT) og Norræna húsið standa að opinni hönnunarsamkeppni umbúða úr kartoni, bylgjupappír og/eða mjúku plasti.

DÓMNEFND SKIPA:

Hörður Lárusson
Grafískur hönnuður/Formaður FÍT
Elísabet Ýr Sigurðardóttir
Umbúðahönnuður hjá Odda
Katrín Ragnars
Arkitekt
Einar Gylfason
Grafískur hönnuður
Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir
Vöruhönnuður

KEPPNIN ER ÖLLUM OPIN ÁN ENDURGJALDS

Oddi, Félag íslenskra teiknara (FÍT) og Norræna húsið standa að opinni hönnunarsamkeppni umbúða úr kartoni, bylgjupappír og/eða mjúku plasti.

Tillögurnar skulu, að hluta eða öllu leiti, miða við það hráefni sem keppnishaldarar leggja til, en þátttakendum er frjálst að velja sér viðfangsefni.

Beiðni um keppnisgögn skal senda á netfangið keppni@oddi.is þar sem fram kemur nafn eða nöfn þátttakenda, netföng og símanúmer. Frjálst er að senda fleiri en eina tillögu inn í keppnina.

Lokaskil á tillögum er **3. mars** og skal þeim skilað á rafrænu formi á netfangið keppni@oddi.is fyrir miðnætti þann dag.

ÚRSLITAKVÖLDIÐ VERÐUR HALDIÐ ÞANN 7. MARS 2013

Allar tillögur sem berast dómnefnd verða númeraðar með sérstöku raðnúmeri og er því full nafnleynd á öllu því sem dómnefnd sér.

Allar innsendar tillögur verða skoðaðar með framleiðslumöguleika í huga og verður samið sérstaklega við höfund ef til framleiðslu kemur.

VERÐLAUN

1. VERÐLAUN

150.000 kr. í peningum og 250.000 kr. prentinneign hjá Odda

2. VERÐLAUN

75.000 kr. í peningum og 150.000 kr. prentinneign hjá Odda

3. VERÐLAUN

35.000 kr. í peningum og 100.000 kr. prentinneign hjá Odda

AUKAVERÐLAUN

Út fyrir boxið


150.000 kr. prentinneign hjá Odda verður veitt þeirri tillögu sem sýnir fram á fram-sækna eða nýja nálgun á notkun umbúða.

Umhverfisvænar umbúðir

Norræna húsið verðlaunar sérstaklega þá tillögu sem þykir umhverfisvænust með tilliti til efnisnotkunar, notagildis og endurvinnslumöguleika.



FÍT



NORRÆNA HÚSIÐ

GENGID
29.01.2013

	Bandaríkjadalur	128,65	129,27
	Sterlingspund	202,27	203,25
	Evra	172,82	173,78
	Dönsk króna	23,161	23,297
	Norsk króna	23,238	23,374
	Sænsk króna	20,028	20,146
	Japanskt jen	1,4214	1,4298
	SDR	197,59	198,77

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
234,8823

Samtök atvinnulífsins með opinn fund um atvinnumál:

Hagkerfið vantar 10.000 störf

EFNAHAGSMÁL Skapa þarf tíu þúsund störf á næstu árum til að koma á fullri atvinnu hér á landi og mæta vaxandi fjölda einstaklinga á vinnu- markaði. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýju tímariti Samtaka atvinnulífsins (SA) sem verður til umræðu á opnum morgunverðar- fundi SA í Hörpu á morgun.

Í riti SA kemur fram að til þess að Íslendingar njóti sambærilegra lífs- kjara og nágrannaþjóðirnar þurfi árlegur hagvöxtur á næstu árum að vera yfir 3,5% og verðbólga lág.

ÁSDÍS HALLA
BRAGADÓTTIRHÖRÐUR ARNAR-
SON

Þá þurfi að skapa tíu þúsund ný störf til að sjá þeim fyrir störfum

sem misstu vinnuna á árunum 2008 til 2012. SA reiknast til að takist að skapa fimmtán þúsund ný störf á næstu fimm árum nemi árleg- ur ávinningur samfélagsins um 60 milljörðum króna.

Á fundinum á morgun munu fjöl- margir stjórnendur úr íslensku atvinnulífi ræða um leiðir til að fjölga störfum á Íslandi á næstu árum. Í þeim hópi verða Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkj- unar, og Ásdís Halla Bragadóttir, stjórnarformaður Sinnnum. - mbl

Tölur Hagstofunnar:
Þriðjungur færri
gjaldþrot í fyrra

VÍÐSKIPTI Um 30 prósentum færri íslensk fyrirtæki fóru í þrot á síð- asta ári en árið 2011. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands.

Alls voru 1.109 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta í fyrra en 1.579 fyrirtæki árið áður. Flest gjald- þrot voru í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, 227 talsins.

1.752 fyrirtæki voru nýskráð árið 2012, sem er tæplega þriggja prósent aukning frá árinu 2011 þegar 1.700 fyrirtæki voru skráð. - þj

HEIMURINN



Hollandsdrottning hættir

1 HOLLAND Beatrix Hollandsdrottning skýrði frá því á mánudag að hún ætlaði að hætta í lok apríl. Um sjö milljónir manna fylgdust með ávarpi hennar í beinni sjónvarpsútsendingu. Elsti sonur hennar, Willem-Alexander krónprins, verður þá næsti konungur Belgíu og eiginkona hans Maxima verður drottning.



Lík fundust í brunn

2 MEXÍKÓ Tíu vopnaðir menn réðust inn í geymsluhús við búgarð í Mexíkó fyrir helgi, þar sem hljómsveitin Kombo Kolombía lék fyrir dansi, og fóru burt með hljómsveitina og aðstoðarmenn hennar. Einn hljómsveitarmanna birtist svo hjá lögreglu á sunnudaginn, og sagði að hópurinn hefði verið myrtur og líkunum kastað ofan í brunn. Hann einn hefði lifað af. Lögreglan hélt á staðinn og að minnsta kosti tólf lík höfðu fundist á mánudagskvöld.

Fundabanni aflétt í Búrma

3 BÚRMA Búrmastjórn hefur aflétt banni við útifundum, sem hefur verið í gildi í landinu síðan 1988, eða allar götur frá því herforingjastjórn hrifsaði völdin í landinu. Þetta er nýjasta skrefið í lýðræðisátt í Búrma, en áður hefur ritskoðun að mestu verið aflétt og samviskuföngum verið sleppt úr fangelsi. Í desember síðastliðnum ákvað stjórnin að leyfa útgáfu dagblaða í einkaeigu frá og með apríl.

Presturinn tali grænlenku

4 GRÆNLAND Nauðsynlegt er að prestur Grænlandinga í Danmörku tali grænlenku, segir Doris Jakobsen þingmaður fyrir Siumut-flokksins í samtali við fréttavef Sermitsiaq. Staðan var búin til fyrir skemmstu, en yfirvöld lýstu nýlega yfir að tungumálakunnátta væri ekki skilyrði. Jakobsen segir annað fráleitt en að viðkomandi kunni málið, enda séu tungumálaörðug- leikar ein helsta hömlun Grænlandinga við iðkun trúar sinnar í Danmörku. Kirkjan segir að ráðning velti á umsækjendum og því sé óljóst hvernig fari á endanum.

Skattar hækkuðu
lán um 21 milljarð

Vísitala neysliverðs hækkaði verðtryggð íbúðalán um 226 milljarða frá 2009 og fram að síðustu áramótum. Tíu prósent hækkunarinnar tilkomin vegna skattkerfis- breytinga. Nauðsynlegar hækkanir til að bæta afkomu ríkissjóðs, segir ráðherra.

EFNAHAGSMÁL Tæplega tíu prósent af nafnverðshækkun íbúðalána frá byrjun árs 2009 og til loka árs 2012 eru vegna skattkerfisbreytinga sem stjórnvöld hafa ráðist í.

Alls hafa skattkerfisbreyt- ingarnar hækkað skuldir vegna íbúðalána um 21,6 milljarð króna. Þetta kemur fram í svari Katrínar Júlíusdóttur, fjármála- og efnahagsráðherra, við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þing- manns Sjálfstæðisflokksins, um áhrif aukinnar skattaálagning- ar ríkisstjórnarinnar á hækkun höfuðstóls íbúðalána.

Í svarinu kemur fram að skuld- ir vegna íbúðakaupa nemi 1.124 milljörðum króna í lok árs 2011. Stærstur hluti þeirra skulda er verðtryggður.

Frá byrjun árs 2009 og fram til loka árs 2012 hækkaði vísi- tala neysliverðs um 20,1 prósent. Það hefur hækkað höfuðstól verð- tryggðra íbúðalána um 226 millj- arða króna. Af þeirri nafnverðs- hækkun íbúðalána má rekja 9,6 prósent, eða 21,6 milljarða króna, til skattkerfisbreytinga.

Ráðherrann segir í svarinu að taka verði tillit til fleiri þátta. Meginmarkmið stjórnvalda væri að bæta afkomu ríkissjóðs, meðal annars með skattbreytingum, „til þess að draga úr skuldasófnun og þar með vaxtakostnaði en hann er nú stærsti einstaki gjaldaliðurinn í rekstri ríkissjóðs[...]. Hefði ekki verið gripið til þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur gert er mjög líklegt að geta heimilanna til að



RÁÐHERRA Í svari Katrínar Júlíusdóttur við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar kemur fram að meginmarkmið stjórnvalda sé að bæta afkomu ríkissjóðs, meðal annars með skattbreytingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

greiða húsnæðislán væri minni en hún er nú“. Samkvæmt fjárlögum ársins 2013 mun vanta 3,7 millj- arða króna upp á að tekjur ríkis- sjóðs dugi fyrir gjöldum hans. Vaxtakostnaður vegna lántöku er áætlaður 84,7 milljarðar króna. Þá segir Katrín að ríkisstjórnin hafi meðal annars beitt sér fyrir aðgerðum sem bætt hafi getu lán- takenda til að greiða af íbúðalánunum sínum, einkum þeirra sem eru með lágur tekjur og þunga vaxtabyrði. „Frá árinu 2008 og til ársins 2011 hækkuðu vaxtabætur og sérstök vaxtaniðurgreiðsla samkvæmt álagningu um 4,6 milljarða,“ segir í svarinu. thordur@frettabladid.is

1.124 milljarðar eru skuldir vegna íbúðakaupa í lok árs 2011.

21,6 milljarðar er sú upphæð sem skattkerfisbreytingar hafa hækkað lánin frá 2009.

84,7 milljarðar er áætlaður vaxtakostnaður ríkissjóðs í ár.

0 er fjöldi þeirra ára sem ríkissjóður hefur verið rekinn með hagnaði síðan frá hruni.

Bókamarkaður
2013


Árlegur bókamarkaður Félags íslenskra bóka- útgefenda verður í Perlunni **22. febrúar til 10. mars** næstkomandi.

Útgefendur sem vilja bjóða bækur sínar á markaðinum er bent á að hafa samband við Félag íslenskra bókaútgefenda sem fyrst, eða eigi síðar en **7. febrúar** n.k., í síma 511 8020 eða á netfangið baekur@simnet.is

FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegis



KÓLNAR Í dag verður strekkingur eða allhvasst á annesjum NV- og SA-lands en hægari vindur inn til landsins. Á morgun verður víða nokkuð hægur vindur og það kólnar heldur í veðri. Á föstudaginn gæti sést til sólar í einhverjum landshlutum!

Alicante 21°	Berlín 11°	Friedrichshafen 10°	Las Palmas 23°	New York 14°	París 13°
Apna 14°	Billund 5°	Gautaborg 5°	London 12°	Orlando 28°	San Francisco 16°
Basel 11°	Frankfurt 12°	Kaupmannahöfn 5°	Mallorca 16°	Ósló 2°	Stokkhólmur 2°

Á morgun
Strekkurinn syðst, annars hægari.

Föstudagur
Hæg breytileg átt.

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður



DRAUMARÚM

30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM

TRYGGIR ÞÉR GÓÐAN SVEFN

Rafmagnsrúm
á verði frá
190.049

Tvíbreið heilsurúm á
verði frá **129.360**

ÚTSÖLULOK
SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing 16.732

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing 11.497

JANÚARTILBOÐ: Tökum gamla rúmið uppí nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

Eini aðilinn á Íslandi sem býður uppá legugreiningu

Janúartilboð á arineldstæðum
20-65% afsláttur



– Mikið úrval af eldstæðum –

ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir aðallögfræðingur Íslands í Icesave-málinu?
2. Hvaða lið hefur keypt knattspyrnu-kappann Alfred Jóhannsson?
3. Hvað hét verslun Júlíusar Þorbergs-sonar á Rauðarárstíg?

SVÖR

1. Tim Ward 2. AZ Alkmaar 3. Draumtími

Öldungadeild Bandaríkjanna greiðir atkvæði um nýjan utanríkisráðherra:

Kerry tekur við af Clinton

BANDARÍKIN, AP Öldungadeildarþingmaðurinn John Kerry mætti engri mótstöðu í utanríkisráðgjafnefnd deildarinnar í gær þegar hún samþykkti einróma að hann yrði næsti utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Búist var við því að síðar í gær myndi öldungadeildin leggja blessun sína yfir að hann taki við af Hillary Clinton, sem hefur verið utanríkisráðherra frá því Barack Obama tók við embætti forseta fyrir fjórum árum.



JOHN KERRY

Obama ætlar að gera að varnarmálaráðherra, né John Brennan, sem til stendur að verði yfirmað-

ur leyniþjónustunnar CIA, eiga þó von á jafn góðum stuðningi meðal öldungadeildarþingmanna. Báðir hafa sætt töluverðri gagnrýni meðal repúblikana í deildinni.

Kerry bauð sig fram til forseta Bandaríkjanna árið 2004 en tapaði fyrir George W. Bush. Kerry sóttist aftur eftir því að verða forsetaefni Demókrataflokksins árið 2008 en Obama hafði betur, varð forsetaefni flokksins og vann sigur í kosningunum. -gb

Skartgripir á leið úr landi: Í haldi grunaðir um 19 innbrot

LÖGREGLUMÁL Tveir Litháar á fertugsaldri hafa setið í gæsluvarðhaldi frá því í byrjun janúar vegna fjölda innbrota á höfuðborgarsvæðinu í desember og fram yfir áramót.

Þýfi úr nítján innbrotum fannst á dvalarstað manna, að því er segir í tilkynningu frá lögreglu. Málin séu upplýst.

Búið var að pakka þjófstoðnum skartgripum niður og telur lögregla að þýfið hafi verið á leið úr landi. -sh

Fiskbúðin Höfðabakka

Fiskbúð • Kjötborð • Heitur matur í hádeginu

Höfðabakka 1 • ☎ 587 5070

Ýsa í raspi
990 kr/kg

Lambakótilettur

1.790 kr/kg

Nautahakk 1. fl.

1.390 kr/kg

100% austfirsk gæði

Risalaxeldi má ekki hindra olíuleitarskip

Laxar fiskeldi ehf. vill bæta tíu þúsund tonnnum ofan á starfsleyfi upp á sex þúsund tonna ársframleiðslu af laxi í sjókvíum í Reyðarfirði. Heimamenn óttast að fjöldi sjókvía loki á siglingaleiðir vegna þjónustu við olíuleitarfyrirtæki á Drekasvæðinu.

ATVINNUMÁL Ef áform Laxa fiskeldis ganga eftir mun framleiðsla fyrirtækisins á eldislaxi í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði verða ríflega tuttugu þúsund tonn á ári.

Fyrirtækið hefur þegar starfsleyfi fyrir sex þúsund tonna framleiðslu í Reyðarfirði sem hefja á vorið 2014 en vill bæta tíu þúsund tonnnum við. Í Fáskrúðsfirði vill fyrirtækið leyfi fyrir fjögur þúsund tonna ársframleiðslu.

„Með auknu eldismagni skapast meira hagræði í rekstri, betri samkeppnisstaða og traustari grundvöllur fyrir starfsemina. Með tilkomu laxeldis af þessari stærðargráðu munu stóðir atvinnulífs í Fjarðabyggð styrkjast,“ segir í greinargerð Laxa fiskeldis.

Skipulagsstofnun hefur óskað eftir álitum Fjarðabyggðar á því hvort framkvæmdin eigi að vera háð mati á umhverfisáhrifum. Sú umsógn er í vinnslu og verður lögð fram á bæjarstjórnarfundum á fimmtudag í næstu viku.

Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri segir að þótt menn fagni allri nýrri atvinnustarfsemi þurfi að líta til fleiri þátta.

„Við horfum til framtíðaruppbyggingar á hafnarstarfsemi á Reyðarfirði, ekki síst með þjónustu við olíuleitarfyrirtæki á Drekasvæðinu í huga. Það er því afar mikilvægt að sjókvíar verði ekki til að teppa siglingaleiðir í firðinum,“ nefnir Páll sem dæmi um þætti sem séu til skoðunar hjá heimamönnum.

Í greinargerð Laxa fiskeldis segir um þetta að kvíunum sé valinn staður „vel utan siglingaleiða“.

Landssamband veiðifélaga mótmælti á sínum tíma þegar sex þúsund tonna starfsleyfið var til



SJÓKVÍAR Í REYÐARFIRÐI Laxar fiskeldi ehf. áforma að ársframleiðsla af eldislaxi í Reyðarfirði verði sextán þúsund tonn en segja fjórðinn geta borið 35 þúsund tonna framleiðslu. Kvíar verða beggja vegna fjarðarinnar „vel utan siglingaleiða“, segja forsvarmenn fyrirtækisins. MYND/LAXAR FISKELDI.

umfjöllunar. Haft var eftir Óðni Sigbórssyni, formanni sambandsins, í ríkisútvarpinu í nóvember 2011 að eiga mætti von á því að einn lax úr hverju tonni myndi sleppa úr sjókvíunum. Þannig myndu sex þúsund laxar sleppa árlega og leita upp í ár til hrygningar. Um væri að ræða norskættadan lax og menn óttuðust áhrif hans á íslenska laxastofna.

Laxar ehf. telja hins vegar ekki hættu á ferðum að þessu leyti.

„Reynslan sýnir að í fullkomnu kvíunum, sem eru sömu gerðar og Laxar ehf. munu nota, hefur enginn lax sloppið út,“ segir í greinargerð fyrirtækisins þar sem vísað er til þess að þegar mikið af eldislaxi og hafbeitarlaxi



Pað er því afar mikilvægt að sjókvíar verði ekki til að teppa siglingaleiðir í firðinum.“

Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð

hafi gengið í Elliðaárna á níunda og tíunda áratugnum hafi engin blöndun við náttúrulega stofninn þar greinst. Þar að auki séu engar laxveiðiár í Reyðarfirði.

gar@frettabladid.is

Síminn þarf að leyfa Vodafone að senda út sjónvarp um ljósnet sitt:

Vodafone fær fljótlega aðgang

FJARSKIPTI Vodafone mun fljótlega geta boðið upp á sjónvarpsútsendingar um ljósnet Símans, í samræmi við úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) frá því í desember.

Ljósnetið, sem Síminn hyggst leggja til 53 þéttbýlistaða á landinu til viðbótar á þessu ári, hefur hingað til verið boðið öðrum netþjónustufyrirtækjum í heildsölu.

Vodafone kvartaði hins vegar til PFS yfir því að fá ekki aðgang að kerfinu til sjónvarpsútsendinga. Niðurstaða PFS var að Síminn skyldi veita Vodafone aðganginn, og að verð og kostnaðaráætlun fyrir slíkan aðgang skyldi vera tilbúið af hálfu Símans fyrir 1. febrúar.

Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, segir að Síminn muni verða við því í tíma.

Að því loknu, og að því gefnu að Vodafone muni greiða fyrir slíkan aðgang, munu líkast til líða nokkrir mánuðir áður en Vodafone getur hafið sjónvarpsútsendingar um ljósnet Símans. -sh



HLÝÐIR PFS Sævar Freyr Þráinsson segir að verð og kostnaðaráætlun verði til reiðu fyrir 1. febrúar.

TÖLVUNÁMSKEIÐ FYRIR ELDRI BORGARA

Sími 519 7550

BYRJENDUR 60+

Námskeið sérstaklega ætlað 60 ára og eldri sem litla sem enga tölvukunnáttu hafa. Hæg yfirferð með reglulegum upprifunum og endurtekningum í umsjá þolinmóðra og reyndra kennara. Tölvugrunnur, internetið og tölvupóstur.

Hefst: **4. feb.** • Kennt: **Mán. og mið.** (sjö skipti) frá kl. 13-16
Verð: **29.000 kr.** (Kennslubók á íslensku innifalin)

FRAMHALD 60+

Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifun tölvugrunns áður en haldið er lengra í ritvinnslu. Frekari æfingar í notkun internets (t.d. Facebook o.fl.) og í allri meðferð tölvupósts.

Hefst: **5. feb.** • Kennt: **Þri. og fim.** (sjö skipti) frá kl. 13-16
Verð: **29.000 kr.** (Kennslubók á íslensku innifalin)

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR OG TÖLVAN 60+

Vinsælt og gagnlegt námskeið þar sem tekið er fyrir það helsta sem almennir notendur þurfa að kunna um stafrænar myndavélar. Yfirfærsla mynda í heimilistölvuna, skipulag myndasafns, einfaldar lagfæringar, myndir prentaðar og sendar í tölvupósti.

Hefst: **25. feb.** • Kennt: **Mán. og mið.** (fjögur skipti) frá kl. 13-16
Verð: **19.900 kr.** (Kennsluhefti á íslensku innifalið)

Skeifunni 11B • Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is

PROMENNT

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Foreldrum og veirvöldum
ber að tryggja öryggi barna

EKKI
MISSA AF ÞESSU

ÚTSÖLULOK
ÚTSÖLUNNI LYKUR Á FIMMTUDAGINN

ENN Í FULLU FJÖRI!

25% afsláttur af Chiro Collection heilsudýnum



Chiro Deluxe dýna (aukahlutir á mynd botn og lappir)

Verðdæmi: 160x200 cm. Verð nú kr. 131.205 • 180x200 cm. Verð nú kr. 162.000,-

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengr

Vandaðir hægindastólar

20% afsláttur



Verðdæmi

LEVANTO

hægindastóll
með skemli

Kr. 111.840

Verð kr. 139.800

Til í svörtu, hvítu
og rauðu leðri.

Stillanleg heilsurúm í sérflokki!

20%-45% afsláttur



HOLLANDIA

stillanlegt að þínum þörfum!

Sængurver í sérflokki!

20% afsláttur



JOOP!

elegante
bed linen fashion

bruno banani

30%
afsláttur



McGREGOR®
ESTABLISHED NEW YORK 1921

Úrval af baðsloppum
- allar stærðir -
fyrir dömur og herra

Tempur® Original SMALL heilsukoddi!

50% afsláttur

Útsöluverð **kr. 8.950**

Verð kr. 17.900



Allir aðrir Tempur® heilsukoddar 25% afsláttur

Temprakon dúnsæng

30% afsláttur

140x200

kr. 33.162

Verð kr. 47.375



TEMPRAKON®

Vandaðar C&J heilsudýnur!

25% afsláttur

Verðdæmi

C&J Platinum heilsurúm

Dýna botn og lappir	TILBOÐ
160x200 - kr. 173.900	129.900
160x200 - kr. 112.773	84.500 (Bara dýna)
180x200 - kr. 189.900	139.900
180x200 - kr. 124.170	93.100 (Bara dýna)

C&J Gold heilsudýna

Dýna botn og lappir	TILBOÐ
160x200 - kr. 199.900	149.925
160x200 - kr. 139.679	104.760 (Bara dýna)
180x200 - kr. 219.900	164.800
180x200 - kr. 154.371	115.770 (Bara dýna)



Charlotte **S** Julien
Dream your world™

Frábært verð!

Edward svefnsófi

50% afsláttur



EDWARD svefnsófi

Afsláttarverð **kr. 104.500**

Verð kr. 209.000

www.betrabak.is

Betra
BAK

Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Ópið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

MINNA ELDSNEYTI NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR

B|L



FER 1.428 KM
Á EINUM TANKI
M.v. blandaðan akstur



RENAULT MEGANE II SPORT TOURER
1.5 dísil, sjálfskiptur. Verð 3.890 þús. kr.

Eyðsla: **4,2 l/100 km***

VINSÆLASTI
SPORTJEPPINN
Samkv. Umferðarstofu 2012



NISSAN QASHQAI – 4x4
Dísil, beinskíptur. Verð 5.090 þús. kr.

Eyðsla: **4,6 l/100 km***

SPARNEYTINN
SUBARU
Ný vél, aukinn bensinsparnaður



SUBARU XV – 4x4
Bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590 þús. kr.

Eyðsla: **6,6 l/100 km***

SKYNSAMLEG
KAUP
Hrikalega gott verð



DACIA DUSTER – 4x4
Dísil, beinskíptur. Verð 4.090 þús. kr.

Eyðsla: **5,1 l/100 km***

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílís / Akranesi / 431 2622 – Bílasala
Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000



Stjórnarflokkarnir endurskoða ekki EES

Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs tekur af öll tvímæli. EES-samningurinn verður ekki endurskoðaður á næsta kjörtímabili haldi stjórnin velli eftir þingkosningarnar í haust, þrátt fyrir pressu innan hinna tveggja stjórnarflokkanna.

NOREGUR Norsk stjórnvöld munu ekki krefjast endurskoðunar EES-samningsins á næsta kjörtímabili haldi núverandi stjórnarmynstur áfram eftir kosningar í haust. Þetta segja forsvarsmenn stjórnarflokksanna þriggja, Verkamannaflokksins, Sósíalíska vinstriflokksins og Miðjuflokksins, rauðgræna samstarfsins svokallaða.

Málið hefur verið í umræðunni síðasta árið, en komst í hárnæli undir lok síðustu viku þegar Martin Kolberg, þingmaður Verkamannaflokksins, sakaði hina tvo stjórnarflokkana um að grafa undan stjórnarsamstarfinu með því að ala á óvissu um framtíð EES-samningsins. Enn harðnaði svo umræðan um helgina þegar formaður norska alþýðusambandsins lýsti því yfir í ræðu að samninginn skyldi endurskoðaður og vinnu- markaðsmál tekin þar út.

Jens Stoltenberg forsætisráðherra sagði að endurskoðun kæmi ekki til greina.

„EES-samningurinn er einn af grundvöllum stjórnarsamstarfsins og það má ekki ríkja nein óvissa um það. Þess vegna verður ekki farið út í endurskoðun því að það getur skapað óvissu um samninginn, sem er mikilvægur fyrir Noreg og hefur legið til grundvallar frá upphafi þessa samstarfs.“



ENGIN ENDURSKOÐUN Jens Stoltenberg hefur kveðið niður raddir innan hinna stjórnarflokkanna um endurskoðun EES-samningsins. NORDICPHOTOS/AFP

Skiptar skoðanir um utanríkismál

Stjórnarflokkarnir þrír hafa unnið saman frá árinu 2005. Utanríkisstefna þeirra byggir á aðild að EES og NATO auk þess sem ekki verður sótt um aðild að ESB. Verkamannaflokkurinn er hallari undir Evrópusamruna en mun ekki tala fyrir ESB-aðild gegn því að ekki verði hróflað við EES. Nefnd skilaði skýrslu um stöðu Noregs í EES fyrir réttu ári en þar var lagt til að samningurinn yrði tekinn til endurskoðunar.

Í kjölfarið lýstu forsvarsmenn hinna flokkanna því yfir að endurskoðun væri ekki til umræðu á næsta kjörtímabili, þar sem rauðgræna samstarfið væri í húfi. Sumir stjórnarandstöðuflokk-

anna þrýsta á um endurskoðun, sem og ungliðahreyfingar Miðflokksins og Sósíalíska vinstri flokksins, sem lýstu yfir óánægju með óbilgirni Stoltenbergs.

thorgils@frettabladid.is

Borgarferðir

á frábæru verði



Osló
frá **9.900 kr.**
febrúar og mars
aðra leið með sköttum.

Köben
frá **19.900 kr.**
mars, apríl og maí
aðra leið með sköttum.

Billund frá **19.900 kr.**
maí, júní, júlí, ágúst og september
aðra leið með sköttum.



Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is



VILTU VERÐA SKÖPUNARGÁFAÐUR?

3 spennandi námskeið í Grafík og margmiðlun hjá NTV

GRAFÍSK HÖNNUN NTV

“*Grafísk hönnun er frábært nám sem getur hjálpað þér bæði í vinnu og frítíma .*
Þorgrímur Sveinsson - Innkaupstjóri.”

Grafísk hönnun NTV er flott nám fyrir þá sem vilja sjálfir hanna sínar auglýsingar, kynningarefni og bæklinga. Kennst er á þau forrit sem mest eru notuð við auglýsingagerð allt frá hugmynd að fullunnu verki.

Allt er kennt frá grunni en nemendur þurfa að hafa haldgóða þekkingu á Windows stýrikerfinu og reynslu af Internetnotkun.

- **Almennt:**
156 stundir - Verð 209.000.-
- **Næstu námskeið:**
Síðdegisnám hefst 12. feb.
Kvöldnám hefst 11. feb.

PHOTOSHOP EXPERT

“*Ég mæli virkilega með Photoshop expert þar sem kennslan var mjög útarleg og fagleg.*
Ingibjörg Friðriksdóttir - kennari.”

Við hjá NTV leyfum okkur að fullyrða að þetta sé námskeiðið sem uppfylli kröfur þeirra sem einhverja reynslu hafa af Photoshop.

Námskeiðið er yfirgripsmikið þar sem mikið er lagt upp úr þeim þætti sem snýr að eftirvinnslu s.s. litgreiningu, prófílum, upptöku aðgerða, skipulag, meðferð RAW skráa og myndblöndun.

- **Almennt:**
60 stundir - Verð 107.000.-
- **Næsta námskeið:**
Kvöldnám hefst 22. apr.

ALVÖRU VEFSÍÐUGERÐ

“*Ég fór á námskeið í Alvöru vefsíðugerð, og starfa nú hjá einni stærstu vefstofum landsins.*
Sigurður I. Jónsson - Vefari.”

Kennd verður vefsíðugerð frá grunni þar sem farið er útarlega í HTML, CSS og Photoshop. Ennfremur er kennt á hið vinsæla vefum-sjónarkerfi Wordpress sem er Freeware sem allir geta notað, sér að kostnaðarlausu.

Í lokin gera nemendur sína eigin vefsíðu frá grunni. Spennandi námskeið fyrir þá sem vilja verða sjálfbærir í vefsíðugerð.

- **Almennt:**
198 stundir - Verð 189.000.-
- **Næsta námskeið:**
Kvöld- og helgarnám hefst 14. feb.

Trúarhátíð á Indlandi



ÝMISLEGT Á SIG LAGT Kumbh Mela, trúarhátíð Hindúa, stendur yfir þessa dagana í borginni Allahabad á Indlandi. Á hátíðinni eru nýir Naga Sadhu trúarleiðtogar vígðir en fyrst þurfa þeir að framkvæma helgisíð sem nefnist Diksha og þessi ungi maður lagði á sig í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Þúsundir Egypta hunsa útgöngubann

Yfirmanni egypska hersins líst ekki á blikuna og óttast mótmæli gegn stjórn Mohammeds Morsi. Átökin hafa kostað tugi manna lífið síðustu daga. Stefnt er á þingkosningar í Egyptalandi innan nokkurra vikna samkvæmt nýrri stjórnarskrá.

EGYPTALAND, AP Yfirmaður egypska hersins segir að Egyptaland geti riðað til falls linni ekki hinum harkalegu pólitísku átökum sem tröllriðið hafa landinu síðustu daga og vikur.

Herinn beið átekta í borgunum Port Saíd og Súes og fylgdist með þúsundum manna mótmæla á götum úti í fyrrakvöld þrátt fyrir neyðarlög og útgöngubann eftir klukkan níu að kvöldi. Í þriðju borginni, Ísmalíu, hélt fólk einnig út á götur að mótmæla og storkaði þar með bæði hernum og stjórn Muhammeds Morsi forseta.

Síðustu daga hafa átökin í þessum þremur borgum kostað meira en sextíu manns lífið. Þessi átök hófust fyrir helgi eftir að dómstóll kvað upp dauðadóma yfir 21 manni sem áttu þátt í óeirðum í tengslum við fótboltaleik í Port Saíd snemma á síðasta ári. Þau átök kostuðu 44 menn lífið.

Abdel-Fattah el-Sissi, sem er bæði varnarmálaráðherra Egyptalands og æðsti yfirmaður herafslans, segir átökin grafa undan stofnunum ríkisins: „Þetta er alvarlegt mál sem skaðar þjóðaröryggi og framtíð landsins.“

Jafnt stjórnin sem herinn óttast að mótmælin breiðist út og snúist upp í almenna uppreisn í landinu,



MÓTMÆLI Í PORT SAÍÐ Mótmælendur létu ekki neyðarlög og útgöngubann stöðva sig.

NORDICPHOTOS/AFP

enda ríkir víða óánægja með forsetann og störf hans.

Andstæðingar Morsis segja hann nota völd sín í þágu íslamista en hunsa kröfur frjálslyndra aflu sem voru einn helsti drifkrafturinn í uppreisn almennings gegn Hosni Mubarak, forvera Morsis, fyrir nærri tveimur árum.

Samkvæmt nýju stjórnarskránni, sem samþykkt var í þjóðaratkvæðagreiðslu í desember þrátt fyrir gagnrýni stjórnarandstæðinga, á undirbúningur að

þingkosningum að hefjast seint í næsta mánuði. Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, vekur athygli á því hve mikið mannfall hefur orðið í átökunum síðustu daga. Hún hvetur stjórnvöld til að tryggja að her og lögregla beiti aldrei framfar óhóflega miklu ofbeldi gagnvart mótmælendum. Ekki aðeins brjóti slíkt gegn lögum heldur sé hætt við því að ofbeldi af hálfu lögreglu og hers geri ástandið enn illviðræðanlegra.

gudsteinn@frettabladid.is

Láttu hjartað ráða



„Pastasósan mín er unnin úr lífrænum tómötum sem fá að þroskast til fulls á plöntunni. Hún er enn fremur sykurlaus.“

Sella

BONUS

HAGKAUP



HIMNESKT



TENGI

HREINLÆTISTÆKJADAGAR Í TENGI

ALLT AÐ **50%** AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM*



lfö

BAÐINNRETTINGAR Á 20 % AFSLÆTTI

* Gildir meðan birgðir endast.



MORA Junior
handlaugartæki
Tilboð kr. **4.900,-**

Sphinx




MEDALLION handlaug 48.5 cm
Verð kr. 29.647,-
Tilboð kr. **17.788,-**



ADRIA sturtuhorn 80x80
Verð kr. 58.500
Tilboð kr. **38.285,-**

Tilboð án botns



ADRIA sturtuhorn 90x90
Verð kr. 59.900
Tilboð kr. **38.935,-**

Tilboð án botns



MORA Verde
eldhústæki
Tilboð kr. **5.900,-** morai

GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

Smíðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
Opð virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

ICESAVE OG STJÓRN MÁLAFLOKKARNIR

Pólitísk Pandóruaskja

Icesave-málið hefur skekið stjórnarsamstarfið, sett ný viðmið í samskiptum ríkisstjórnar og forseta, valdið stjórn málaflökum erfiðleikum og kallað á lengstu umræðu í þingsögunni. Sinnaskipti í málinu tengjast því hvort flokkar eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Stjórnin er fylgjandi samningum, stjórnarandstaða á móti.

Óhætt er að segja að fá mál hafi verið jafn áberandi í íslenskum stjórn málaflökum síðustu árin, ef ekki áratugin, og Icesave. Fyrir fram benti fátt til þess að starfsemi íslensks banka á erlendri grundu ætti eftir að skekja flestalla stjórn málaflökka, valda afsögn ráðherra og ógna lífi ríkisstjórnar. Sú varð hins vegar raunin.

Þegar sagan er skoðuð koma ansi skýrar línur í ljós. Þeir flokkar sem eru í stjórnarandstöðu eru á móti samningum vegna Icesave, en stjórnarflokkar fylgjandi. Þannig var Sjálfstæðisflokkurinn fylgjandi samningum á meðan hann var í ríkisstjórn en andvígur, að mestu, eftir stjórnarskipti. Vinstrihreyfingin – grænt framboð var hins vegar ötull gagnrýnandi samninga þegar flokkurinn var í stjórnarandstöðu, en fylgjandi, að mestu, þegar í ríkisstjórn kom.

Samfylkingin hefur setið í ríkisstjórn síðan málið kom upp og ætíð stutt samningaleiðina og Framsóknarflokkurinn, sem verið hefur í stjórnarandstöðu allan tímann, hefur verið á móti þeirri leið.

Nýtt hljóð í strokkinn

„Ég er með álit og greinargerðir að minnsta kosti fjögurra eða fimm lögfræðinga í höndunum sem draga mjög í efa að ábyrgðir okkar séu umfram þau lög og þann innlánstryggingasjóð sem við höfum stofnað á grundvelli tilskipana frá Evrópusambandinu. Við erum að afsala okkur réttinum á því að láta reyna á þann grunn málsins eftir því sem ég skil þessa yfirlýsingu.“

Þótt það komi kannski á óvart, miðað við núverandi málflutning, var það Steingrímur J. Sigfússon sem mælti svo í desember 2008. Þá samþykkti Alþingi Brussel-viðmiðin svokölluðu, samningsgrundvöll vegna Icesave. Þau gerðu ráð fyrir að lágmarksinnstæður á reikningunum yrðu tryggðar, en þó yrði tekið tillit til „erfiðra og fordæmalausra aðstæðna Íslands“.

Ög hver mælti fyrir frumvarpinu? Jú, Bjarni Benediktsson, þáverandi formaður utanríkisráðgjafar og núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann sagði óhagstæða niðurstöðu um skuldbindingu Íslands mundu hafa alvarlegar afleiðingar fyrir ríkisstjórn.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



BJARNI BENEDIKTSSON



JÓHANNA SIGURÐARÐÓTTIR



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON



SKÝR ÞJÓÐARVILJI Þjóðin var býsna skýr í afstöðu sinni varðandi samningana. 93,2% höfnuðu þeim í fyrri þjóðaratkvæðagreiðslunni og 58,9% í þeirri síðari.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Hagur þess að lausn finnst við samningaviðræður er því ótvíræður. Þess má geta að á meðan ágreiningur aðila um þetta efni var óleystur var sú hætta fyrir hendi að Evrópusambandsríkin gripu til aðgerða gagnvart Íslandi sem settu EES-samninginn að hluta eða í heild í hættu.“

Hljómar kunnuglega? Jú, þetta eru rökkin sem Samfylking og Vinstri græn notuðu síðar fyrir samningum.


Innanflokksvandráði

Icesave hefur verið Bjarna nokk-

uð erfitt. Hann sagði á Alþingi á mánudag að niðurstaða EFTA-dómstólsins væri „sigur þjóðar á ofríki ríkisstjórnar“. Sjálfur studdi Bjarni hins vegar síðasta Icesave-samninginn sem þjóðin síðan féldi.

Bjarni hefur legið undir ámæli frá mörgum fyrir þann stuðning. Fyrrum formenn hafa látið hann heyra það í fjölmiðlum og ekki var samstaða innan flokksins um þá leið. Ekki er víst að hann sé búinn að bíta úr nálinni með það.

Á sama hátt hefur Steingrímur átt í erfiðleikum með að réttlæta



STJÓRN EÐA EKKI STJÓRN Sagan sýnir að flokkar sem sitja í stjórn hafa verið fylgjandi samningum um Icesave en stjórnarandstaða andvíg. Afstaða Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna breyttist við stjórnarskipti.

breytta afstöðu gagnvart sínum flokksmönnum. Gagnrýni kom fram innan þingflokksins og enginn gekk jafn langt og Ögmundur Jónasson, þá heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra, sem gekk hreinlega úr ríkisstjórn. Hann sagði menn hafa tengt saman framtíð ríkisstjórnarinnar og lausn Icesave-málsins.

„Þegar það fékkst síðan staðfest á útsíðum Fréttablaðsins í dag [gær] að líf ríkisstjórnarinnar væri undir því komið að við sem sætum í ríkisstjórn töludum einni röddu í Icesave-málinu, ákvað ég að víkja fremur en tefla þessu lífi stjórnarinnar í tvísýnu,“ sagði Ögmundur í viðtali við Fréttablaðið strax eftir afsögn.

Pólitik ...

Það er hins vegar einmitt það sem gerðist; Icesave varð tengt lífi ríkisstjórnarinnar. Og hví ætti stjórnarandstaðan að lengja líf hennar? Málið varð því snemma rampólítískt og Steingrímur J. Sigfússon, sem tók það að sér, varð persónugervingur þess. Ekki minnkaði pólitíska tengingin sem sett var á málið þegar Svavar Gestsson, fyrrum samherji Steingríms úr Alþýðubandalaginu, leiddi samninganefnd um málið.

Annar fyrrum samherji úr Alþýðubandalaginu, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, blandaðist síðan rækilega inn í málið þegar hann í tvígang neitaði að skrifa undir lög um Icesave-samningana.

Það olli vægast sagt kergju í ríkisstjórninni og samskiptin við forsetann voru við frostmark. Steingrímur sagðist undrandi á ákvörðun forsetans árið 2011 og

Jóhanna sagði hana hafa komið sér á óvart og að forsetinn væri að taka verulega áhættu með þessu.

„Jóhanna hefur aldrei fyrirgefið mér það, að ég tók þessa Icesave-ákvörðun,“ sagði Ólafur Ragnar síðan á Bylgjunni í kosningabaráttu fyrir forsetakosningarnar.

Eins og hönnuð atburðarás

Nú þegar Icesave er fyrir bí er hverjum manni hollt að skoða söguna á yfirvegaðan hátt. Framsóknarflokkurinn hefur alla tíð staðið gegn samningaleiðinni og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður flokksins var því að vonum ánægður með niðurstöðuna.

„Þegar réttlætið er annars vegar má ekki víkja. Ísland hefur nú unnið fullnaðarsigur með því að standa á rétti sínum,“ sagði hann á þingi á mánudag.

Hins vegar má velta því fyrir sér hvort atburðarásin hafi ekki verið Íslendingum eins hagstæð og mögulegt var, úr því að til þessa ólukkumáls þurfti að koma?

Stjórnvöld sömdu og losuðu þannig um lánalínur, þjóðin hafnaði og losaði sig þannig undan skuldbindingunum sem stjórnin setti á hana. Það hefði hins vegar enginn getað séð fyrir.

Icesave var Pandóruaskja íslenskra stjórn mála. Þegar upp er staðið reyndist askjan hins vegar ekki innihalda jafn mikla óáran og í fyrstu var óttast.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



FLEIRI STÖRF – BETRI STÖRF!

Opinn fundur SA í Hörpu - Silfurbergi - fimmtudaginn 31. janúar kl. 8.30-10.

Hugmyndir og tillögur:

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA
Ásdís Halla Bragadóttir, stjórnarformaður Sinnnum
Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar
Sigríður Heimisdóttir, iðnhönnuður
Kolbeinn Kolbeinsson, forstjóri Ístaks
Eva María Þórarinsdóttir Lange, eigandi og framkvæmdastjóri Pink Iceland
Halldór Arnason, hagfræðingur hjá SA

Innskot úr íslensku atvinnulífi – í tærum og ferskum litum.

Fundarstjóri: Vilmundur Jósefsson, formaður SA
Samantekt: Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA

Þátttakendur fá nýtt tímarit SA sem kemur út sama dag.
Boðið verður upp á kraftmikla morgunhressingu frá kl. 8.

➔ SKRÁNING Á WWW.SA.IS



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS




VERÐLAUNUÐ LEIÐ TIL BJARTRAR FRAMTÍÐAR

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Á síðustu árum hefur **Frjálsi lífeyrissjóðurinn** þrisvar unnið hin alþjóðlegu verðlaun **Investment Pension Europe** sem bestu lífeyrissjóður á Íslandi. Þessar viðurkenningar endurspeglar sterka stöðu sjóðsins og árangur hans undanfarin ár.

Ef þú hefur frjálst val um hvar þú ávaxtar skyldulífeyrissparnaðinn þinn og vilt faglega stýringu þá er **Frjálsi lífeyrissjóðurinn** góður kostur. Jafnframt stendur öllum til boða að ávaxta viðbótarlífeyrissparnað sinn hjá **Frjálsa lífeyrissjóðnum**.

Þú færð ítarlegar upplýsingar um sjóðinn í næsta útibúi Arion banka, á www.frjalsilif.is eða með því að senda fyrirspurn á lifeyristhjonusta@arionbanki.is.



ÁVÖXTUN FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS

- Nafnávöxtun 2012
- 5 ára meðalnafnávöxtun tímabilið 31.12.2007 - 31.12.2012

Ráðherra vill þrengja fasteignaréttindi útlendinga:

Lög gegn vanda sem er ekki til

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra vill þrengja verulega að rétti útlendinga til að eiga fasteignir á Íslandi. Í greinargerð með frumvarpsdrögum, sem ráðherrann hefur lagt fram til kynningar, segir að heimildir útlendinga til fjárfestinga í fasteignum á Íslandi hafi verið rýmkaðar verulega undanfarin ár, eftir að Ísland gerðist aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Það er rétt og það er líka áreiðanlega rétt að ein afleiðing þeirrar rýmkunar er að útlendingar, reyndar bæði frá ríkjum utan og innan EES, hafa eignast hér bæði hús- og jarðeignir.

Að mati Ögmundar Jónassonar hefur þessi þróun þýtt að „erlendir auðmenn eru að safna hér jörðum, kaupa jarðir og leggja byggðarlögin í rúst“ eins og hann orðaði það í fréttum Ríkissjónvarpsins.

Við þessa lýsingu kannast enginn annar, enda á hún ekki við nein rök að styðjast. Auknum fjárfestingum útlendinga í hús- og landareignum á Íslandi hafa ekki fylgt nein sérstök vandamál. Engar af þeim hrakspám, sem hafðar voru uppi um þessi mál þegar EES-samningurinn var til umræðu, hafa rætt. Ráðherrann virðist vilja þrengja lagaheimildirnar til að bregðast við vandamáli sem er ekki til.

Lagabreytingar af þessu tagi væru misráðnar. Þær myndu í fyrsta lagi stuðla að lækku á verði fasteigna með því að minnka hóp hugsanlegra kaupenda. Það er ekki núverandi eigendum í hag, allra sízt þeim sem eiga eignir utan eftirsóttustu þéttbýlis-svæða.

Takmarkanir á rétti erlendra ríkisborgara, þar með talinna EES-borgara, til að eiga hér fasteignir, gætu líka leitt af sér breytingar á rétti íslenskra ríkisborgara í öðrum ríkjum. Við getum að minnsta kosti ekki ætlað til að Íslendingar njóti réttinda í öðrum ríkjum, sem þegar þeirra njóta ekki á Íslandi.

Áherzla frumvarpsins á að útlendingar, sem á annað borð fá að eiga fasteignir á Íslandi, eigi hvorki vatns- né veiðiréttindi, ber í þriðja lagi vott um að höfundarnir hafi enga trú á innlendu regluverki um meðferð þessara réttinda. Ef erlendir eigendur vatns- eða veiðiréttar geta misnotað þau gegn almannahagsmunum, hljóta innlendir eigendur að geta það líka.

Loks væri það ákaflega misráðið á þessum tímamarki, þar sem áform um að auka erlenda fjárfestingu á Íslandi eftir hrun hafa að stórum hluta farið út um þúfur, að leggja enn fleiri steina í götu erlendra fjárfesta en núverandi ríkisstjórn hefur þegar gert.

Það er gamalt trix stjórnmálamanna, ekki sízt þegar kosningar nálgast, að spila á minnimáttarkennd og ótta gagnvart útlendingum. Enda segist innanríkisráðherrann viss um að kjósendur muni styrkja málstað hans í komandi kosningum. Hér er hins vegar verið að hræða fólk með vandamáli sem á sér ekki stöð í veruleikanum, en hætta á að ýmis ný yrðu búin til í leiðinni.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sigur varð að tapi

Ýmislegt var látið flakka í kjölfar sýknu Íslands fyrir EFTA-dómstólum og margir létu tilfinningar sínar bera sig ofurliði. Skiljanlega kannski, málið hafði legið sem mara á þjóðinni um allanga hríð. Sérkennileg var þó röksemdafærsla Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins á Alþingi í gær. Hann sagði ríkisstjórnina eiga að hugsa sinn gang enda hefði hún í tvígang verið gerð afturreka með samning „og tapar nú dómsmáli“. Það þarf ansi einbeittan



vilja, eða metnaðarfulla Morfistækni, til að fá það út að ríkisstjórnin hafi tapað málinu. Hefði hún þá unnið málið ef Ísland hefði tapað?

Ekki rétti tíminn

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra lýsti því yfir að ekki væri tími til að leita sökudólga strax eftir dómminn umrædda. Það má vel vera. Jóhönnu hefur hins vegar oft þótt hinn besti tími til að leita sökudólga hins og þessa, hún er til dæmis óþrestandi við að finna sökudólga hrunsins.

Hamfaraorðfærið

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði, í þingræðu á mánudag, að stutt væri síðan hér hefði allt verið í kaldakoli. Ó af því að hún er vel máli farin er rétt að gefa henni orðið: „Ekki er mjög langt síðan, kannski fjögur ár, þingmenn fóru ekki svo upp í þennan stól að þeir ræddu ekki um brimskafla og kóluský og ýmiss konar boðaföll og hamfarir.“ Vonandi er hamfaraorðfærið horfið úr íslenskum stjórnmálum.

kolbeinn@frettabladid.is

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Gagnagrunnur gegn ferðafrelsi

NÁTTÚRA



Ólafur Magnússon áhugamaður um útivist og ferðafrelsi

Nú er komið fram frumvarp til náttúruverndarlaga og liggur það fyrir Alþingi. Í þessu nýja frumvarpi er ýmislegt ágætt en einnig margt sem er undarlegt, illa skilgreint eða sem beinist beinlínis gegn ákvæðnum hópum ferðamanna.

Meðal þess sem ósátt er um er að lagt er til að búinn verði til ríkisgagnagrunnur yfir vegslóða. Verði lögin samþykkt verður bannað að keyra allar leiðir nema þær sem samþykktar hafa verið í gagnagrunninum. Þetta gæti hljómað vel í eyrum sumra, sem tæki til náttúruverndar. Raunin er hins vegar sú að þvert á móti vinnur þessi grunnur gegn náttúruvernd.

Það er fullkomlega óraunhæft að allar leiðir sem farnar hafa verið rati inn í grunninn. Það eitt og sér takmarkar ferðalög fólks, því leiðir sem fólk hefur ekið árum eða áratugum saman verða túlkadur sem utanvegaakstur, jafnvel þótt þar sé greinileg slóð. Samkvæmt lögunum má sekta eða gera ökutæki upptækt við slíkt athæfi, fjölskyldu sem kannski er að fara að tjalda, fara í veiðiferð eða í berjamó. Því er refsað fyrir það að ferðast, en ekki fyrir að valda landspjöllum.

Þá er verið að þröngva fólk til að aka eftir sömu ríkisleiðunum, með auknu álagi á þær og þeirra nærumhverfi. Með auknu álagi er meiri hætta á náttúruskemmdum.

Það virðist þó vera í lagi samkvæmt lögunum, því farið er eftir ríkisleiðinni. Getur það kannski verið að fólk muni samt aka leiðirnar án athugasemda yfirvalda og lagaákvæðin þannig verða marklaus? Eða verður slóðalögga sett á laggirnar sem fylgist með öllu hálandinu, vetur sem sumar? Verða kannski settar myndavélar upp um allt hálandið til að fylgjast með fólki? Þetta er í alla staði vont ákvæði fyrir ferðafólk og náttúruna. Ákvæðið virðist frekar ætlað til stjórnunar og eftirlits en til náttúruverndar. Ég tel að í þessu samhengi ætti náttúran að njóta vafans og ákvæðið um ríkisgagnagrunnin að fara út.

Hættum nú eftirlits- og forsjárhyggjunni, tókum frekar höndum saman um að vinna regluverk sem við getum sameinast um, sem gefur okkur frelsi til að ferðast en felur okkur jafnframt ábyrgð til að ganga vel um landið okkar. Hjálpumst að við að uppfræða landa okkar og gesti um skynsamlega umgengni á ferðalögum og njótum landsins okkar í sátt og samlyndi. Á ferðafrelsi.is er nú í gangi undirskriftsaðföndun til að mótmæla þessu frumvarpi. Ég hvet almenning til að kynna sér það sem þar kemur fram og skrifa undir ef hann er ósáttur. Ég hvet einnig þingmenn til að hafna frumvarpinu eins og það er, svo hægt sé að vinna að nýju frumvarpi í sátt við þjóðina.

icesave-samningarnir afleikur aldarinnar



Á tilboði í Eymundsson - aðeins

990 kr.

meðan birgðir endast



Ef keisarinn er ekki í neinum fötum...

Í DAG

Sif
Sigmarsdóttir
ríthöfundur

Um mitt ár 2007 birtist ný maskarauglýsing frá snyrtivöruframleiðandanum L'Oréal á breskum sjónvarpsskjáum. Í auglýsingunni blakaði leikkonan Penelope Cruz svo umfangsmiklum augnhárum að undrum sætti að hún tókst ekki hreinlega á loft. Áhrif maskarans sem kenndur var við „sjónauka“ sagði hún „stjarnfræðileg“ en hann lengdi augnhárin um 60%. Bresk auglýsingayfirvöld voru hins vegar ekki lengi að snúa háfleygum loforðum L'Oréal aftur til jarðar. Í ljós kom að í auglýsingunni skartaði leikkonan bláskum augnhárum. L'Oréal var gert að breyta auglýsingunni og taka fram í henni að augnhárin væru ekki afrakstur maskarans heldur búnt af gervihárum ella hætta sýningu hennar.

Hámark ósvífninnar

Í upphafi árs bárust þær stórfreittir úr heimi fræga fólksins á Íslandi að vinslit hefðu orðið með viðskiptafélögnum og líkamræktarfrömuðunum Arnari Grant og Ívari Guðmundssyni. Séð og heyrt var fyrst til að fjalla um málið. „Þeir bara hættu að heilsast,“ var haft eftir „sameiginlegum vini“ félaganna. „Það slitnaði varla slefið á milli þeirra fyrir áramót, en núna er allt frosið og enginn veit neitt.“

Slúðuriðnaðurinn iðaði af getgátum. Hvað gerðist? Hverjum var um að kenna? Áhugamenn um fræga fólkið gátu hins vegar varpað öndinni léttar tveimur vikum síðar. Í ljós kom að vinslitin, rétt eins og gerviaugnhár Penelope Cruz, voru aðeins auglýsingabrella sem ætlað var að vekja athygli á próteindrykknum Hámarki sem þeir félagar brugga í samstarfi við Vífilfell.

Viðbrögðin við auglýsingaherferðinni komu einfaldningi eins og mér á óvart. Þegar fyrirtæki lýgur að viðskiptavinum

sínum, hefur þá að fíflum með því að láta þá velta sér upp úr tilbúnum slúðurfregnum til að selja þeim fleiri fernur af mjólkur- og mysupróteinum, hefði maður haldið að þessir sömu viðskiptavinir yrðu reiðir. Fyndist uppátæki Hámarks-manna hámark ósvífninnar. Jafnvel hefði mátt búast við að slík auglýsingaherferð myndi snúast í höndum auglýsandans og salan á drykknum hreinlega minnka. En nei.

Sú staðreynd að ekki nokkur sála kippir sér upp við það að fyrirtæki noti lygar og bull í auglýsingaskyni ber þess vitni að við Íslendingar erum orðin allt of vön slíkum málfutningi; allt of gjörn á að láta hann yfir okkur ganga þegjandi og hljóðalaust.

Tilgangurinn helgar bullið

Bullið tröllrífur hverjum krók og kima íslenskrar umræðu. Ógmundur Jónasson hefur síðustu daga farið mikinn í tilraunum sínum til að selja frumvarp sem hann vinnur nú að og á að banna erlendum ríkisborgurum að kaupa jarðir á Íslandi. Hann segist vera að bregðast við þróun sem sé að eiga sér stað hér á landi. „Það sem er að gerast er að erlendir auðmenn eru að safna hér jörðum – kaupa jarðir – og leggja byggðarlögin í rúst.“ Sannleikurinn er hins vegar sá að útlendingar eiga aðeins hluti í 101 jörð á Íslandi af þeim ríflega 7.600 sem skráðar eru í fasteignaskrá. Sveitarstjórnir sem fréttamenn Sjónvarpsins ræddu við í kvöldfréttum í fyrrakvöld könnuðust jafnframt ekki við lýsingar innanríkisráðherra um afleiðingar jarðakaupa þessara fáu útlendinga.

En sumir virðast telja að tilgangurinn helgi bullið.

Viðbrögð við niðurstöðu EFTA-dómstólsins í Icesave-málinu báru merki um bull-hefð stjórnmalanna. Mörgum dögum áður en niðurstaðan lá fyrir reið forsetinn á vaðið. Um miðja síðustu viku virtist Ólafur Ragnar Grímsson farinn að óttast að málið væri tapað. Hann brá því á það ráð að spinna sér bull-vef, öryggisnet sem myndi mýkja fall hans af stalli sjálfskipaðs

lausnara þjóðarinnar, ef svo illa vildi til að málið færi honum í óhag. Í viðtali við sjónvarpsstöðina Sky fullyrta hann að niðurstaða dómstólsins væri aðeins „ráðgefandi“. Lögfróðari menn voru ekki lengi að hrekja þá staðhæfingu – en gaman væri að vita hvort forsetanum þyki niðurstaðan jafnráðgefandi í þessari viku og honum fannst hún í þeirri síðustu.

Of mikill skáldskapur

Á sama tíma og sannleikurinn er að engu hafður í opinberri umræðu er hins vegar spröttin upp krafa um meiri sannleik í sjálfu musteri uppspunans. Nokkrir bloggarar risu upp á afturfætturna á dögnum í kjölfar þess að Hallgrímur Helgason var tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir skáldsöguna Konan við 1000°.

Kveikjan að bók Hallgríms var ævi Brynhildar Georgíu Björnsson, sonardóttur Sveins Björnssonar, fyrsta forseta

Íslands, og er sagan lauslega byggð á lífshlaupi hennar.

Einn bloggaranna, Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, kvartaði yfir að of mikill skáldskapur væri í skáldsögunni: „Við sem þekktum Brynhildi vitum að þetta er skáldsaga og vitum hvað er raunverulegt og hvað ekki. En hvað með fólk sem þekkti hana ekki? Hvernig eiga þeir lesendur að gera mun á raunveruleika og skáldskap?“

Öllu hefur verið snúið á hvolf. Fréttir af fræga fólkinu eru auglýsingar í dulargervi. Krafan um að stjórnmalamenn fari með rétt mál hefur fyrir löngu verið látin niður falla. En sannleikurinn á hins vegar að ríkja í skáldskapnum, hliðarveröldinni þar sem frelsi til að skrumskæla, spinna og bulla þótti framan af óskorað.

Er ekki tími kominn til að koma tilverunni aftur á réttan kjól? Tryggja uppspunanum fyrrum sess sinn í heimi skáld-

„Krafan um að stjórnmalamenn fari með rétt mál hefur fyrir löngu verið látin niður falla. En sannleikurinn á hins vegar að ríkja í skáldskapnum ...“

skapar en krefjast þess að vegur sannleikans sé aukinn í raunheiminum. Maskari lengir ekki augnhár – hann lætur þau aðeins virðast lengri. Ef fjölmiðill birtir fréttir af vinslitum sem reynast auglýsing er fjölmiðillinn ekki lengur fjölmiðill heldur auglýsingabæklingur. Löggjöf á að nota til að bregðast við raunverulegum vandamálum sem samfélag stendur frammi fyrir, hún á ekki að vera vettvangur fyrir ráðherra til að fá útrás fyrir hugmyndafræðilegar fantasíur sínar. Ef keisarinn er ekki í neinum fötum þá er hann einfaldlega nakinn.

AÐALFUNDUR NÝHERJA HF.

Föstudaginn 22. febrúar 2013, kl. 16:00 í ráðstefnusal félagsins, Borgartúni 37



Á DAGSKRÁ FUNDARINS VERÐA:

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 4.13. gr. í samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutfélagalaga.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið fyrir á dagskrá fundarins sem lögð verður fram viku fyrir fundinn. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 16:00 föstudaginn 15. febrúar 2013. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.nyherji.is.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutfé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta:

- a) veitt öðrum skriflegt umboð.
- b) greitt atkvæði skriflega.

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Aðrar upplýsingar

Öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og tillögur stjórnar eru hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins frá og með 31. janúar 2013.

Endanleg dagskrá verður birt á heimasíðu félagsins viku fyrir fundinn, 15. febrúar 2013, kl. 16:00.

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutfélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynnt verður um framboð til stjórnar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins, www.nyherji.is.

Reykjavík, 30. janúar 2013.
Stjórn Nyherja hf.



ÁKVARÐANATAKA TIL ÁRANGURS

STRATEGIC DECISION MAKING

Vinnustofa 14. febrúar kl. 8:30–11:30



Vinnustofa í Opna háskólanum í HR með **Dr. Eric Weber**, aðstoðarrektor IESE viðskiptaháskólans, fyrir stjórnendur og aðra sem koma að skipulagi og stjórnun fyrirtækja og stofnana.

- Leiðir til að ná hámarksárangri
- Formlegar og óformlegar leikreglur innan fyrirtækja
- Samþætting skipulags og innleiðingar á stefnu
- Valddreifing og miðstýring
- Sjálfstæð ákvarðanatoka
- Hvatning og samhæfing
- Upplýsingaflæði



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Skráning á:
opnihaskolinn.is
opnihaskolinn@opnihaskolinn.is

www.nyherji.is

NÝHERJI

Jafnaðarstjórn í fjögur ár: Jöfnuður og bætt líf skjör

Jöfnuður og samfélagsleg ábyrgð eru pólitísk grundvallargildi. Það sama á við um markaðsfrelsi og trúna á að markaðurinn leysi öll helstu þjóðfélagslegu vandamál. Við erum reynslunni ríkari um það hvert óheft og áhættusækin markaðshyggja getur leitt okkur.

Í öllu uppbyggingar- og endurreisnarstarfi liðinna fjögurra ára hafa stjórnarflokkarnir lagt ríka áherslu á það hlutverk ríkisvaldsins að vernda mannréttindi og öryggi borgaranna og stuðla að félagslegu réttlæti, ekki síst til að auka jöfnuð.

Fjöldi athugana sýnir að aukinn jöfnuður og betri lífskjör og lífsgæði haldast í hendur. Þess vegna er sú vegferð samfélagsumbóta, sem fyrsta meirihlutastjórn jafnaðarmanna og félagshyggjufólks stendur nú fyrir, afar merkileg.

Breski fræðimaðurinn R. Wilkinson segir enda að ójöfnuður hafi verstu áhrifin á þá sem eru í tekju-

STJÓRN MÁL



Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra þriðja grein

lægsta hópi samfélagsins, en aukinn jöfnuður feli einnig í sér ávinninga fyrir þá sem mest hafa handa á milli. Aukinn efnahagslegur jöfnuður færir öllum betri lífskjör.

Aukinn jöfnuður

Undir forystu jafnaðarstjórnar Samfylkingar og VG undanfarin fjögur ár hafa orðið gagnger umskipti í þessum efnunum. Komið var

böndum á ójöfnuðinn sem grafið hafði um sig á löngum valdaferli Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Á innan við tíu árum hafði hlutur hinna ríkustu í heildartekjum þjóðarinnar aukist úr fjórum til fimm prósentum í um tuttugu prósent. Á sama tíma minnkaði skattbyrði þessa hóps stig af stigi en skattbyrði annarra jókst að sama skapi. Þessi stefna framkallaði á einum áratug meiri stéttskiptingu á Íslandi en við höfðum áður séð.

Með margvíslegum aðgerðum hefur dregið svo mjög úr ójöfn-

uði að nú er hann með því minnsta sem gerist í heiminum. Ójöfnuður ráðstöfunartekna í landinu er um helmingi minni nú en árið 2007 þegar hann varð mestur. Á svo nefndum GINI-kvarða varð ójöfnuður skattskyldra tekna heil 0,43 stig skömmu fyrir hrún en er nú kominn niður í um 0,23 (því meira sem talan nálgast 0 því meiri er jöfnuðurinn.)

Sanngjarnari og minni skattar

Margir undrast að á sama tíma og jöfnuður eykst hér á landi dregur úr skattheimtu sem hlutfalli af landsframleiðslu. Ísland er í 16. sæti meðal 30 landa ESB og EFTA sem nýleg gögn Eurostat um skattbyrði ná til. Nærri 36 prósent landsframleiðslunnar renna nú til hins opinbera í formi tekjuskatts, virðisaukaskatts og launatengdra gjalda. Þetta hlutfall var yfir 40% árið 2007. Í hópi Norðurlandanna mælist skattbyrðin minnst hér á landi og nær allar viðskiptaþjóðir okkar í Evrópu innheimta meiri skatta sem hlutfall af landsfram-

leiðslu en gert er hér á landi. Þrátt fyrir minnkandi hlutfall skatta hefur ríkisstjórnin varið stærri hluta ríkisútgjalda til velferðarmála og aukins jöfnuðar. Yfir 100 milljónum króna hefur verið varið í barnabætur og vaxtabætur á kjörtímabilinu. Þá hafa íbúðaeigendur fengið um 35% vaxtakostnaðar vegna húsnæðislána endurgreiddan úr ríkissjóði og var þetta hlutfall næstum tvöfaldað á liðnum tveimur árum. Sé litið til tekjulægstu 10% heimila árið 2010 þá niðurgreiddi ríkið næstum því helming alls vaxtakostnaðar þess hóps.

Réttlæti og minni fátækt

Alþjóðleg samanburðargögn sýna einnig að fátækt meðal barna er hvergi minni en hér á landi og hið sama á við um hættuna á fátækt og félagslegri einangrun landsmanna og fjölda þeirra undir lágtekjumörkum. Hvergi í Evrópu er staðan betri að þessu leyti.

Ástæðu þessa má ekki síst rekja til þess hvernig stjórnvöld kappkostuðu að hlífa eins og kostur var

→ Það er ánægjulegt til þess að vita að þrátt fyrir skelfilegar afleiðingar hrunsins eru Íslendingar nú með allra ánægðustu þjóðum með líf sitt.

Þeim samfélagsþópum sem lakast stóðu og færa byrðarnar sem mest á breiðari bökin.

Samkvæmt skýrslu Þjóðmálastofnunar HÍ tókst þetta bærulega. Meðalryrnun ráðstöfunartekna fjölskyldna árin 2008-2010 var um 20% en hjá lágtekjufólki rýrnðu kjörin um 9%. Hjá millitekjufólki var kjaraskerðingin um 14% en hjá hátekjufólki um 38%.

Það er ánægjulegt til þess að vita að þrátt fyrir skelfilegar afleiðingar hrunsins eru Íslendingar nú með allra ánægðustu þjóðum með líf sitt. Samkvæmt könnun sem Eurobarometer birti í desember síðastliðnum líta þeir nánustu framtíð bjartari augum í efnahagslegu tilliti en aðrar Evrópuþjóðir. Enn er þó margt ógert.

Handbendi valdsins

Senn líður að kosningum. Atkvæðaveiðar frambjóðenda eru fram undan. Tími loforða, leikja og látbragða er runninn upp. Riddarans á hvíta hestinum með lausnirnar er vænst, sem leiða mun þjóðina úr skugga fortíðar og inn í birtu og yl þeirrar framtíðar er þjóðin þráir. En hvað ef riddarinn kemur ekki? Sitjum við þá uppi með okkur sjálf? Munum við einu sinni enn

STJÓRN MÁL



Pétur Fjeldsted Einarsson í stjórn Hægri grænna

senda fulltrúa á Alþingi Íslendinga, þar sem flokkurinn kemur fyrst og þjóðin rekur lest?

Hver tekur þá á stóru málunum, sem leiða þarf til lykta á grundvelli fjármálaöryggis, atvinnuöryggis, fæðuöryggis, velferðar og sjálfstæðis? Hvaða mál eru það annars og hvernig gætu þau verið öðruvísi en við eigum að venjast? Er verðtrygging á húsnæðis-

lán náttúrulögmál, svo dæmi sé tekið? Er óstöðugleiki í ríkisfjármálum okkar besta svar við þeirri hagsæld, sem við gætum notið? Mun fjórflokkurinn áfram tölta sinn vanagang eða munu smáflokkarnir skeiða í mark með von um betri tíð? Það er stundum sagt að ungdómurinn muni erfa þetta land. En hverjir, nema óvitar, hafa áhuga á því, með öllum þeim göllum sem því fylgir?

Kjösendur hafa valdið

Í þessu fagra landi hefur þessi

ríka þjóð klúðrað nánast öllu sem hægt er að klúðra í ríkisbúskap, lagasetningu varðandi úrbætur á fjármálakerfinu og því lýðræðisfyrirkomulagi, sem við búum við. Einræðisherra myndi hér engu vilja breyta. Með kjörna fulltrúa, sem handbendi valdsins, færir hann sínar leiðir í þeim málum, sem hann skipta. Þjóðin á ekki að sætta sig við þau setningu og einsleitan valdakjarna. Kjósendur hafa valdið og eiga ekki að framsetja það nema með skýrum skil-

yrðum. Nokkrir tugir sjálfskipaðra riddara eiga ekki að fá að valsa frjálslir á víðavangi með fjöregg þjóðarinnar í vasanum.

Rúmlega 200.000 kosningabærra Íslendinga verða að þetta raðirnar, blása til sóknar, efla beint lýðræði og koma á reglulegum þjóðaratkvæðagreiðslum um einstök mál. Sameinuð getum við betur. Stólum ekki á að aðrir geri þetta fyrir okkur. Við þurfum ekki riddarann á hvíta hestinum. Við þurfum hvíta hestinn.

Komdu á frumsýningu í dag

20% sparneytnari og enn öruggari Mazda6 á frábæru verði



Mazda6 kostar aðeins frá 4.390.000 kr.

Glæsilegur staðalbúnaður, m.a. snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), 17" álfelgur, Bluetooth, nálægðarskynjarar, upplýsingasnertiskjár í mælaborði, hraðastillir (cruise) og regnskynjari í framsíðu.



ÚTSALA

FRAMLENGJUM ÚTSÖLUNA
TIL NÆSTA SUNNUDAGS
- EKKI MISSA AF ÞESSU -

NATURE'S REST heilsurúm

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Frábærar kantstyrkingar
- Gegnheilar víðarlappir
- 320 gormar pr fm²

160 x 200 cm.

Aðeins

Kr. 91.200

Fullt verð 114.900

180 x 200 cm.

Aðeins

Kr. 107.920

Fullt verð 127.900



TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR



C&J stillanlegt heilsurúm með Shape dýnu



2x80x200	Fullt verð 375.800	Tilboð 319.430
2x90x200	Fullt verð 399.800	Tilboð 339.830
2x90x210	Fullt verð 405.800	Tilboð 344.930
2x100x200	Fullt verð 423.800	Tilboð 360.203
120x200	Fullt verð 230.900	Tilboð 196.265
140x200	Fullt verð 257.900	Tilboð 219.215

TILBOÐ
15%
AFSLÁTTUR
Charlotte Julien

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og enda-stoppapar svo dýnur færast ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð



TILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR

CAROLINE sófasett

Caroline 3ja sæta sófi. Stærð: 215 x 100 cm
Aðeins kr. 125.930 Fullt verð 179.900
Caroline 2ja sæta sófi: Stærð: 154 x 100 cm
Aðeins kr. 111.930 Fullt verð 159.900
Caroline stóll. Stærð: 100 x 100 cm
Aðeins kr. 69.930 Fullt verð 99.900

ALVÖRU DÚNSÆNG á frábæru verði!

DÚNN
90%
10% FÍÐUR



Aðeins kr. 15.900



TILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR

DARCY sófasett

DARCY 3ja sæta sófi. Stærð: 220 x 95 cm
Aðeins kr. 97.930 Fullt verð 139.900
DARCY 2ja sæta sófi: Stærð: 165 x 95 cm
Aðeins kr. 76.930 Fullt verð 109.900
DARCY stóll. Stærð: 115 x 95 cm
Aðeins kr. 69.930 Fullt verð 99.900

DARCY fæst í tveimur litum: Bronse og grænum

DAISY svefnsófi



TILBOÐ
15%
AFSLÁTTUR

Svefnsvæði 120x195 cm
Með rúmfatageymslu
Fullt verð 79.900 án arma Aðeins kr. 67.915
Fullt verð 89.900 með örmum Aðeins kr. 76.415

SILO svefnsófi með tungu

Br. 228 cm
Hæð 83 cm
Tunga 162 cm
Slitsterkt dökk- eða ljósgrátt áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna.



TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

Fullt verð 159.990 Aðeins kr. 127.992

GENOVA svefnsófi



ÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR
TAKMARKAD MAGN!

Stærð: 218 x 95 cm
Litur Ljós- og dökkgrátt áklæði

Aðeins kr. 111.450
Fullt verð 222.900

MILANO hægindastóll á frábæru tilboði!

Verð frá kr. 34.900



NÚ EINNIG Í TAU!

MONTORIO svefnsófi



TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

Aðeins kr. 79.920 Fullt verð 99.900
Stærð: Br. 159 cm. D. 208 cm H. 63,5 cm.

SABRINA sófasett



ÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR

3 + 2 sófasett
Tilboð 71.950 Fullt verð 143.900
3ja sæta br. 190 cm
2ja sæta br. 145 cm

OSLO tungusófi



TILBOÐ
26%
AFSLÁTTUR

Fjórir litir: svartur, grár, ljósgrár og beige
Stærð: 230 x 150/85 cm
Fullt verð: 185.900 Aðeins kr. 139.900

LYFTISTÓLL

rafmagnslyftistóll á frábæru verði



Tilboð aðeins kr. 99.900



OPÍÐ Holtagörðum
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnud.aga kl. 13-16

DORMA
- býður góða nótt

Pöntunarsími 512 6800
www.dorma.is



Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?

EBBA GUÐNÝ kennir hvernig búa má til hollan og góðan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri.

Miðvikudaginn 6. feb. kl. 20 - 22

Hægt er að skrá sig á netfangið: ebba@pureebba.com eða í síma 775 4004. Verð kr. 4.000,- Takmarkaður fjöldi!

Námskeið í Heilsuhásinu Lágmúla 5

www.heilsuhusid.is



Lýðræðisáætlun í stað stjórnarskrárbreytingar

Hér er lagt til að ríkisvaldið og Alþingi geri lýðræðisáætlun til nokkurra ára sem feli í sér að auka þátttöku almennings í lausn sameiginlegra mála samfélagsins með hagnýtingu netsins og félagsmiðla. Meginmarkmið áætlunarinnar verði að styrkja lýðræðið með vandaðri og opnari undirbúningi framkvæmdarvaldsins. Fagadilar verði hafðir til ráðgjafar við gerð áætlunarinnar og mat á árangri og tekið mið af lýðræðisúrræðum sem hafa reynst vel erlendis. Litið verði á verkefnið sem undanfara lagabreytinga um framkvæmd lýðræðisins og stjórnskipunina, sem verði gerðar við lok þess, en frestist í bili.

STJÓRNARSKRÁ →



Haukur Arnþórsson stjórnslufræðingur

→ Þannig er hættu á því að tillögur stjórnlagaráðs vinni gegn markmiðum sínum, sem m.a. eru þau að almenningur komi í auknum mæli að samfélagslegri stefnumótun.

bæði gæti þurft skipulagsbreytingar og nýja hugbúnaðargerð. Mikilvægt er að áætlunin sé gerð af alvöru og til þess að prófa úrræði sem ganga mislangt og meta áhrif þeirra, en sé ekki yfirborðsleg og eins og til þess að sýnast. Almennigur er áhugasamur og mjög tölvuvanur og getur vafalítið tekið þátt í úrræðum sem ganga langt í hagnýtingu tækninnar. Verkefnið taki til eftirtalinnna atriða:

Tillögur stjórnlagaráðs virðast hafa endaskipti á hlutunum, byrja á aðkomu almennings að ákvarðanatökunni meðan margir erlendir fröðimenn benda á að heppilegra væri og meira gefandi fyrir lýðræðið að opna dagskrá mála í samfélaginu og opna leið hans að undirbúningi þeirra. Þannig er hættu á því að tillögur stjórnlagaráðs vinni gegn markmiðum sínum, sem meðal annars eru þau að almenningur komi í auknum mæli að samfélagslegri stefnumótun. Það má rökstyðja með kenningum um ásökunarfærni stjórnkerfisins, en hugsanlegt er að sterk aðkoma almennings að ákvörðun sameiginlegra mála leiði til lokaðra stjórnkerfis en áður var og að erfitt verði að koma af stað samræðu og samráði milli stjórnvalda og almennings undir hótunum um undirskriftarsafnanir ef út af bregður.

a) Til aukinnar birtingar gagna. Fram komi hvaða mál eru á dagskrá stjórnvalda, hver staða þeirra er og hvernig almennigur hefur áhrif á hana. Þá verði gerðar vandaðar tengingar í efni sem tengjast máli, nýtt og gamalt, þær fylgi máli til Alþingis og öll álit birt.

b) Til undirbúnings mála. Hann verði vandaðri en verið hefur þannig að skýr stefnumörkun liggja fyrir, rannsóknir, áætlanir og útreikningar og að mál hafi verið rætt við hagsmunaaðila og almenning á netinu áður en það kemur til kasta Alþingis.

c) Til samráðs við almenning og hagsmunaaðila á netinu sem gæti tekið til dagskrár mála, stefnumótunar, rannsókna og útfærslu þeirra – og yrðu leiðir í því efni valdar með tilliti til þess sem reynst hefur vel erlendis og með hliðsjón af eðli máls.

d) Til ákvörðunar, en fyrir liggja hvernig skrifleg sjónarmið almennings, erindi og innlegg í umræðum hafi áhrif á ákvarðanatöku á lægri og hærri stjórnstigum og hvernig þau verða órjúfanlegur hluti af gögnum málsins á hvaða stigi þess sem að því er unnið.

e) Öðrum aðgerðum, svo sem að uppfylla skilyrði Stjórnslustofnunar Sp (UNPAN) um raf-ræna þátttöku og að Ísland nái leiðandi sæti í mati á henni.

Sjónarmið umræðulýðræðis

Mikilvægt er að byggja fræðilega nálgun áætlunarinnar á sjónarmiðum umræðulýðræðis og að hún verði lærdómsferli fyrir alla þátttakendur þess, jafnt almennig, stjórnmalamenn og starfsfólk Stjórnarráðsins. Hafa verður í huga að Ísland er orðið á eftir í hagnýtingu tölvutækninnar í lýðræðinu og þarf að ávinna sér reynslu af nýjum starfsaðferðum og að Stjórnarráðið hefur til þessa gegnt fremur óbeinu lýðræðishlutverki en beinu. Áætlunin kallar því á að Stjórnarráðið taki sér stöðu sem lýðræðisstofnun, svipað og í nágrannaríkjunum, og

Útvarps- og sjónvarps-samband í dreifbýli

Þar sem ég er nýorðin 18 ára, lögráða og byrjuð að borga skatta fór ég að kynna mér fyrir hvað ég borga skatt. Það sem liggur mér helst á brjósti er skattur sem okkur ber að greiða fyrir ríkisútvarpið, það er 17.000 krónur árlega á mann, og dagskráin og þjónustan þar af skornum skammti.

RÚV



Gunnlaug Birta Þórgrímsdóttir íbúi á landsbyggðinni

→ Ég spyr því, fyrir hvað erum við að borga þessar 17 þúsund krónur?

Fyrir tuttugu árum var það forgangsmál á þingi að það kæmi gott sjónvarps- og útvarps-samband um land allt. En í dag er ekki enn þá búið að negla það mál. Tek sem dæmi að á mínu heimili náum við ekki ríkissjónvarpinu nema í gegnum digital-lykil frá Stöð 2, sem er allt annar handleggur og því meiri skattur ofan á skattinn frá RÚV. Ef við drögum saman það sem ég var að segja þá er þetta nokkurn veginn staðan:

■ Það er ekki almennilegt útvarps-samband.

■ Útvarpsfnið er skammtað, þar sem útvarpið dettur út þá og þegar og flakkar á aðrar stöðvar í gríð og erg til að ná merki.

■ Annar peningur fer í aðra sem sjá til þess að sjónvarpið náist.

Ég spyr því, fyrir hvað erum við að borga þessar 17 þúsund krónur?

Útvarpsfni skammtað

Nú tala ég sérstaklega fyrir bændur og okkur fólkið sem er búsett langt frá þéttbýli og næstu útvarps-sendum. Okkur fólkinu í dreifbýlinu er skammtað útvarpsfni þar sem það er svo lélegt samband að RÚV næst ekki, það er því flakkað á milli langbylgjunnar og RÚV. Oft þegar ég hlusta á útvarpið missir það sambandið og fer á aðra stöð svo að ég get ekki klárað að hlusta á þáttinn sem ég var að hlusta á. Tala nú ekki um það þegar jólamessan næst ekki inn á heimilið, en þannig var það í ár og pabbi hljóp í ofvæni út, kveikti á bílnum og hlustaði á messuna þar.

LAGER- HREINSUN

SETTU ÞAÐ SAMAN

INNRETTINGAR

ALLT Á AÐ
SELJAST

–við rýmum
lagerhúsnæðið

45%
afsláttur

af lagervöru
Skápar, hurðir, borðplötur,
skúffur, rennihurðir o.fl.

25%
af sérpöntuðum
viðbótum Biðtími.

Takmarkað magn – Fyrstur kemur fyrstur fær!
–EINSTAKT TÆKIFÆRI–

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Velkomin í sýningarsal okkar í Lágmúla 8 og kynntu þér málið betur eða hringdu í Baldur í síma 530 2819 og/eða í Vilhjálm í síma 5302821

KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ
SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ
GAGNRÝNUM HÆTTI



S A F T

www.saft.is

Heimill og skóli

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



NÝIR STAÐIR

Stærstu lággjaldaflugfélögin í Evrópu, Ryanair, Easyjet og Norwegian, eru sífellt að bæta við sig nýjum áfangastöðum. Þeir sem ætla að fara á nýjar slóðir í sumar ættu að skoða heimasíður þessara félaga því ódýrustu sætin fást oft með löngum fyrirvara.

Vandaðir, þýskir, herrakuldaskór úr leðri, ullarfóðraðir. Góður sóli

Teg: 456703
Stærðir: 42 - 47
Verð: 24.500.-



Misty skor
Laugavegi 178



Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

Sími 551 2070. Opíð mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.

Á TOPPI TILVERUNNAR

MEÐ BAKTERÍU Guðmundur Jónsson fékk útivistar- og klifurbakteríu árið 2005 eftir að honum var boðið í ferð á Mont Blanc. Hann heldur úti útivistarsíðunni Climbing.is ásamt félögum sínum.

Ég varð alveg heillaður af kletta- og ísklifri eftir ferðina á Mont Blanc. Fljótlega fór ég að draga fólk með mér í þetta og þar á meðal Arnar Jónsson og Óðin Árnason. Við stofnuðum svo síðuna Climbing.is þar sem við setjum inn ýmislegt tengt ferðum okkar," segir Guðmundur.

Ís- og klettaklifur er ekki eitthvað sem maður hendir sér út í á einum degi. Það krefst æfingar, þekkingar og reynslu. „Fljótlega keypti ég mér ísklifuraxir eftir Mont Blanc-ferðina. Við félagarnir fórum á tvö ísklifurnám-skeið hjá Alpaklúbbnum og erum svo búnir að lesa okkur helling til. Svo erum við bara búnir að vera duglegir að æfa okkur.“

Spurður um áhættuna sem fylgir klifrinu segir Guðmundur að hann hafi ekki dottið neitt alvarlega. „Ef maður gerir hlutina rétt og gætir að örygginu þá er þetta nokkuð öruggt. Klifur byggir líka á mikilli samvinnu og maður þarf að treysta félögunum. Ef það er ekki til staðar þá geturðu bara verið heima.“

Climbing.is er hugarsmið þeirra félaga og eru þeir mjög ánægðir með útkomuna. Þar er að finna ferðasögur, myndir, pistla, fróðleik um klifur og vandað útivistarkort með upplýsingum um útivistarsvæði víða um land. Með einum smelli á stað á kortinu má sjá ítarlegar upplýsingar um göngu- og klifurleiðir, erfiðleikastig, myndir og fleira. „Við byrjuðum með síðuna mjög fljótlega og höfum uppfært hana reglulega. Arnar er hönnuður og sá um hönnunina og ég sá um forritunina enda er ég forritari. Við munum svo setja kortið inn á Alpaklúbbssíðuna í framtíðinni. Þá er hún er líka á ensku og planið er að reyna að koma konseptinu út fyrir landsteinana.“

Útivistarkortið er lifandi kort í stöðugri vinnslu og sífellt bætast við nýjar leiðir. Hægt er að velja um sjö flokka og sjá þannig einungis þá útivist sem



notandinn kys. „Í framtíðinni munu svo fleiri flokkar rata inn á kortið.“ Á síðunni er líka að finna mikinn fjölda fallegra mynda af náttúru Íslands og sjá þeir um að útvega fallegt prentverk til fólks á góðu verði.

Á HRAUNDRANGA Í ÖXNADAL Hraundrangi gnæfir yfir Öxnadal og Hörgárdal í Eyjafjarðarsýslu í 1.075 metra hæð yfir sjó.

■ vidir@365.is

TÆKIFÆRISGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum



Tékk
KRISTALL

www.tk.is

OPERA

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.



<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

Amerísk gæðavara

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flisar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Hringás ehf.

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

MOGUMÞÁT
LURUMM ÓMÁT
ALÁ VÍRKA
DAGA KA. 7

LÉTTIR réttir

LÉTT
BURRITO
395 kcal.

Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is

Við flytjum þér
góðar fréttir

Póstdreifing

Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

OLANG FYRIR DÖMUR OG HERRA Verð: 24.000.-

DC ICE GRIP SYSTEM

NÝ SENDING!
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM
MEÐ MANNBRODDUNUM

Parisar TÍZKAN B/A/S/L/E/R

Skipholti 29b • S. 551 0770

Fyrir árshátíðina

50% AFSLÁTTUR Í DAG
af síðkjólum og völdum stuttum kjólum

Ath. aðeins í dag

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Fleiri myndir á Facebook Vertu vinur

ÚTVARPSÞÁTTURINN SNORRI MEÐ ORRA
- FRÁ HÁDEGI ALLA VIRKA DAGA

X

ÍSLENSK MATARGERÐ FREISTAR FERÐAMANNA

MATARMENNING Náttúran hefur lengi verið helsta aðdráttarafl erlendra ferðamanna hérlendis. Nú er íslensk matargerð farin að vekja athygli.

Íslensk matargerð og matarmenning er ein af vannýttum auðlindum í íslenskri ferðaþjónustu að mati Jóns Baldurs Þorbjörnssonar, eins eiganda Ísafold Travel, sem um fjögurra ára skeið hefur unnið að markaðssetningu landsins sem áfangastaðar fyrir matar-áhugamenn. „Þegar kemur að íslenskum mat búum við að bestu hráefnum sem við getum fengið. Við höfum úrvals hráefni frá norðlægum slóðum og kunnum að vinna það. Auk þess er mikið af vannýttum mat í náttúrunni sem nútímamaðurinn þekkir lítið í dag, til dæmis sveppir, fjallagrös og þörungur.“ Það er þó ekki eingöngu hráefnið sem ferðamönnum finnst spennandi, segir Jón. „Flestum finnst mest spennandi að reyna fyrir sér, að útvega matinn og taka þátt í eldun hans.“

Í lok síðasta árs bauð Ísafold Travel nokkrum erlendum blaðamönnum í kynningarferð til landsins. „Hópurinn var mjög hrifinn af því sem í boði var hér á landi, til dæmis hvernig við nýttum berin, sveppina, fjallagrösina og skelfiskinn. Margs af þessum mat er ekki hægt að neyta með sama hætti erlendis vegna mengunar. Síðan búum við svo vel að eiga marga matreiðslumenn sem kunna að nýta matinn úr náttúrunni. Þetta er fólk sem er bundið náttúrunni í tengslum við mat og opnar marga möguleika. Sannkallaðir boðberar nýrra tíma sem nota það sem er til í náttúrunni auk þess að rækta eitt og annað.“

Jón segir mikil tækifæri vera til staðar hérlendis þegar kemur að þessum þætti ferðamenskunnar en það taki alla nýbreytni tíma að festa sig í sessi. „Við erum ekki dæmigert land sem er þekkt fyrir matarmenningu erlendis en það er engin ástæða til að vera með minnimáttarkennd í þeim efnum. Við trúum því að matur eigi erindi við alla. Í raun á allur vestrænn matarmenningarheimur erindi hingað en við tókum bara eitt skref í einu. Nú hafa birst greinar í þekktum þýskum blöðum sem vakíð hafa athygli á okkur. Þetta mun opna augu útlendinga sem hafa aldrei hugsað um Ísland sem matarmenningarland.“

starr@365.is



ÚRVALS HRÁEFNI „Þegar kemur að íslenskum mat búum við að bestu hráefnum sem við getum fengið,“ segir Jón Baldur Þorbjörnsson, einn eigenda Ísafold Travel.



FJÖR Í FERÐUM Jón Baldur tekur í gítarinn í einni ferðinni.



JEPPAFERÐ Konurnar skemmtu sér vel í jeppaferð en síðan var snætt á veitingahúsi á eftir.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

ÉLJAGANGUR 2013

Vetrar- og útivistarhátíð á Akureyri 14.-17. febrúar

Hálöndin - opið hús
Fjallaskíði Þryluskíði
Sleðaspyrna Íscrosskeppni
DC brettakeppni og session
Vélsleðaferðir og -sýning
Gönguskíðanámskeið

Og svo ótrúlega margt fleira - Skoðaðu dagskrána á: www.eljagangur.is

Myndi/bakgrunnur: © Einar Guðmann

INTERSPORT

N4 Sjónvarp Éljagangur verður á N4 dagana 11.-17. febrúar Fylgist með!

f /eljagangur

blæk

ÚTFARIR

MÍÐVIKUDAGUR 30. JANÚAR 2013

Kynningarblað

Útfararþjónusta,
blómaskreytingar,
legsteinar, útfararsíðir og
stuðningur í sorg.



Útfararþjónustan hefur látið hana og smíða íslenskar kistur úr íslenskum viði í samstarfi við Þorstein B. Jónmundsson.



„Hljá, auðmýkt og virðing er það leiðarljós sem við fylgjum alltaf,“ segir Rúnar Geirmundsson útfararstjóri sem hér sést ásamt syni sínum Elís við líkbiðana þeirra tvo.

MYND/STEFÁN

Fjölskyldufyrirtæki í 23 ár

Rúnar Geirmundsson útfararstjóri rekur Útfararþjónustuna ehf. ásamt konu sinni og tveimur sonum. Hann hefur þrjátíu ára reynslu af útfararþjónustu og segir skipta höfuðmáli í sínu starfi að sýna hinum látna virðingu og nálgast aðstandendur með hlýju og auðmýkt.

Orðsporið skiptir útfararþjónustu miklu eins og Rúnar Geirmundsson veit en hann rekur Útfararþjónustuna ehf. „Ef maður sinnir sínu starfi vel er það fljótt að spyrjast út,“ segir Rúnar sem hefur þrjátíu ára reynslu af útfararþjónustu. „Fyrst og fremst þarf að taka tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Við þurfum að gæta að því sem við gerum og segjum og eins að nálgast fólk með hlýju og auðmýkt. Það getur verið mjög erfitt að bjóða fólki við þessar aðstæður þjónustu sem kostar peninga en þetta hefur lært í gegnum árin og við tökum mjög mikið tillit til þess hvernig aðstæður eru hverju sinni,“ segir hann.

Virðingin í forgrunni

Rúnar hefur unnið við útfararþjónustu frá því 1983, fyrst hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur og síðan í eigin fyrirtæki. Hann segist hafa lært það á löngum ferli að það skipti ekki höfuðmáli hvaða trú fólk aðhyllist eða hvort það aðhyllist trú yfirleitt, virðingin fyrir hinum látna sé alltaf í forgrunni. „Og það þurfum við alltaf að hafa í huga, án þess að taka afstöðu til trúmála. Hljá, auðmýkt og virðing er það leiðarljós sem við fylgjum alltaf.“

Hvað skal gera þegar andlát ber að garði?

Það er mikilvægt að hafa samband við útfararþjónustu sem fyrst eftir

að andlát ber að,“ segir Rúnar. „Í fyrsta lagi þarf að flytja hinn látna af dánarstað og í líkhús og síðan að byrja að undirbúa kistulagninguna. Útfararstjórinn heimækir yfirleitt aðstandendur daginn eftir og þeir leggja þá fram óskir sínar varðandi framkvæmd kistulagningar og síðan jarðarfara. Í því felst í flestum tilfellum að velja prest og hafa samband við hann og síðan að tímasetja allar athafnir og grafartöku í tölvuforrit sem við notum og er beintengt við kirkjugarðana. Næsta skref er svo að ákveða hvað kemur í okkar hlut að sinna en við sjáum um allt er lýtur að undirbúningi og framkvæmd útfara. Til að mynda höldum við utan um öll samskipti við

tónlistarfólk, blómabúðir, kirkjugarða og alla þá sem koma að útförinni.“

Íslenskar kistur úr íslenskum viði

Val á kistum getur vafist fyrir aðstandendum enda úrvalið nokkuð. „Við eigum umhverfisvænar og fallegar hefðbundnar hvítar kistur sem eru algengastar en einnig töluvert úrval af viðarlitum kistum.“ Í fyrsta sinn á Íslandi hefur Útfararþjónustan nú látið hana og smíða íslenskar kistur úr íslenskum viði í samstarfi við Þorstein B. Jónmundsson. „Hann hefur hannað sérstaka kistu og einnig duftker út frá hugmyndinni um íslenska kistu fyrir íslenskar aðstæður til brennslu og

jarðsetningar,“ útskýrir Rúnar. Kisturnar eru úr viði sem er unninn og þurrkaður í Hallormsstaðaskógi. „Þessi kista er mjög falleg, úr grófum viði og ólökkuð eða máluð á náttúrulegan máta.“

Fjölskyldufyrirtæki í 23 ár

Rúnar stofnaði Útfararþjónustuna á vormánuðum árið 1990 og hefur alla tíð veitt fyrirtækinu forstöðu sem framkvæmdastjóri þess og útfararstjóri. Útfararþjónustan er í eigu Rúnars og eiginkonu hans, Kristínar Sigurðardóttur, og starfa synir þeirra, Sigurður og Elís, þar ásamt föður sínum. Nánari upplýsingar er að finna á www.utfarir.is eða í síma 567 9110 allan sólarhringinn, alla daga ársins.



Þær kistur sem við bjóðum, eru framleiddar í Danmörku og hafa staðist allar væntingar um fagleg vinnubrögð og góðan frágang.

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Fjarðarási 25 • 110 Reykjavík • Sími 567 9110 • 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Fjölskyldufyrirtæki í 23 ár

Markmið okkar hefur ávallt verið að veita bestu faglegu þjónustu varðandi undirbúning og framkvæmd útfara.



Rúnar Geirmundsson Sigurður Rúnarsson Elís Rúnarsson Þorbergur Þórðarson



VEITA HUGGUN OG LÍKN

Útfararsálmur losa margir hverjir um sorg og grát og veita syrgjendum huggun og líkn. Allt eins og blómstrið eina eftir Hallgrím Pétursson er algengur útfararsálmur. Hér eru birt fjögur erindi af þrettán.

Allt eins og blómstrið eina

Allt eins og blómstrið eina upp vex á sléttri grund fagurt með frjóvgun hreina fyrst um dags morgunstund, á snöggum augabragði af skorið verður fljótt, lit og blöð niður lagði, líf mannlegt endar skjótt.

Svo hleypur æskan unga óvissa dauðans leið sem aldur og ellin þunga, allt rennur sama skeið. Innsigli engir fengu upp á lífsstunda bið,

en þann kost undir gengu allir að skilja við.

Dauðinn má svo með sanni samlíkjast, þykir mér, slyngum þeim sláttumanni, er slær allt, hvað fyrir er: grösín og jurtir grænar, glóandi blómstrið frítt, reyrt, stór sem rósir vænar reiknar hann jafnfánýtt.

Ég lífi' í Jesú nafni, í Jesú nafni' eg dey, þó heilsa' og líf mér hafni, hræðist ég dauðann ei. Dauði, ég óttast eigi afl þitt né valdið gilt, í Kristi krafti' eg segi: Kom þú sæll, þá þú vil.

Hallgrímur Pétursson



LITIR BLÓMANNA

Hvítar rósir tákna sakleysi og hreinleika, hvítar nellikur tákna minningu, bleikar nellikur tákna þakklæti og bleikir túlpanar umhyggju. Hvítar og rauðar rósir saman eru einingartákn og ljósbleikar rósir geta táknað samúð.

Heimild: www.byflugan.is



„Það er gott að eyða smá tíma með aðstandendum hins látna til að setja sig inn í líf hans áður en útförin sjálf er undirbúin,“ segir Guðrún um undirbúning útfara. MYNDAVALLI

Aðkoma prests

Guðrún Karls Helgudóttir starfar sem prestur í Grafarvogskirkju. Hluti starfsins snýr að andláti og útförum. Allt frá því að tilkynna andlát, styðja aðstandendur í sorginni í að jarðsetja hinn látna.

Guðrún ólst upp á þokkalega kirkjuræknu heimili. Afi hennar var prestur svo það kom fyrir að farið var í kirkju. „Ég fór síðar í guðfræði í Háskóla Íslands á heimspekilegum forsendum og ætlaði mér alls ekki að verða prestur. Fljótlega skipti ég þó um skoðun og fannst guðfræðin eitt það skemmtilegasta sem ég hafði fengist við,“ segir Guðrún um upphaf prestsferilsins.

útförum. „Þó er það ansi frjálst og nokkuð svigrúm til að gera hlutina öðruvísi. Það er bara gaman og gott ef fólk vill gera eitthvað annað og persónulegt.“

Bréf frá hinum látna

Sumir vilja skipuleggja eigin útför áður en þeir deyja. „Ég hef fengið afhent bréf frá látnu fólki með ákveðnar óskir um eigin útför. Eins hef ég farið að hitta fólk sem er dauðvona og vill skipuleggja sína eigin jarðaför. Það getur verið hluti af sorgar- og sáttarferli deyjandi manneskju. Bæði getur það verið erfitt en er alltaf mjög gefandi stund.“

Andlátstilkynningar erfiðar

Þegar kemur að andlátum og útförum segir Guðrún það vera erfiðasta og vandasamasta hluta starfsins. „Oft eru prestar beðnir um að koma með lögreglu til að tilkynna andlát. Það er alltaf erfitt að vera boðberi slæmra tíðinda. Ég reyni ávallt að hafa mann-gæskuna og mennskuna að leiðarljósi í öllu sem ég geri og þykjast ekki að vera neitt annað en ég er. Með það að leiðarljósi tel ég að mér farnist best að sinna þessum erfiðu verkum.“

Dauðinn er hluti af lífinu

Í nútímasamfélagi er búið að flytja margt sem dauðanum fylgir út úr samfélaginu og inn á stofnanir; sjúkrahús, líkhús, útfarastofur og kirkjur taka við hinum látna og svo mætir fólk í jarðarför. „Dauðinn er jafn sjálfsagður og fæðing og hluti af lífinu. Ég ráðlegg fólki oft en ekki að taka börn með í jarðarfari og jafnvel kistulagningar, eftir atvikum. Því meira sem fólk er nálægt og tekur þátt því betra. Með því að gera það verður dauðinn minna ógnvekjandi og eðlilegri partur af lífinu. Áður fyrr stóð kistan með hinum látna inni á heimilum fólks svo það hefur mikið breyst síðan þá.“

Flutti til Svíþjóðar

Guðrún fór til Svíþjóðar í nokkur ár eftir útskrift. „Ég elti ástina þangað og vígdist inn í sænsku kirkjuna og starfaði þar í fjögur og hálf ár.“ Guðrún man vel eftir fyrstu útförinni sem hún hafði umsjón með og segir það hafa verið ákveðna eldraun. „Ég var skíthrædd um að gera allt vitlaust en ég fékk góða þjálfun í Svíþjóð og það var annar prestur með mér. Það skipti miklu máli að vita af honum.“

Undirbúningur útfara

Undirbúningur útfara er mjög misjafn og ratar á borð Guðrúnar eftir mismunandi leiðum. „Algangast er að fjölskyldumeðlimur biðji um útför. Ég byrja á því að hitta viðkomandi aðila og fara yfir það sem gerst hefur. Það er gott að eyða smá tíma með aðstandendum hins látna áður en útförin sjálf er undirbúin. Stundum er allt slétt og fellt og ekki mjög flókið en stundum eru hlutirnir flókari, vandasamari og viðkvæmari að eiga við. Fólk finnst skipta miklu máli að athöfnin endurspegli persónu og líf hins látna. Þess vegna skiptir máli fyrir prestinn sem talar við jarðarför að gefa sér góðan tíma með ættingjum til að setja sig inn í líf hins látna. Útförin verður oft persónulegri ef ættingjarnir hafa gefið prestinum mikið til að vinna úr.“

Útförin sjálf

Kirkjan er með handbók með föstu ritúali sem prestar fylgja í



Vönduð og persónuleg þjónusta

Sími: 551 7080 - 691 0919
athofn@athofn.is - Akralandi 1 - 108 Reykjavík



Inger Steinsson



Inger Rós Ólafsdóttir

Vandaðir steyptir krossar á leiði

Falleg og varanleg minning





Hvassavík ehf. hvassavik.ehf@gmail.com
Sími 778 0007 - www.krossar.is

Virðing fyrir látnum og lifandi

Útfararstofa Svafars og Hermanns er ung útfararstofa byggð á gömlum grunni. Stofan leggur megináherslu á persónulega og einstaklingsmiðaða þjónustu þar sem virðing, reynsla og góð þjónusta er í fyrirrúmi.

Jarðarfarir og bálfarir eru kveðjuathöfn samfélagsins og um leið tækifæri ættingja og vina til að votta hinum látna virðingu sína. Íslendingar hafa löngum lagt mikla rækt við virðuleika í útförum enda eiga allir rétt á legstað í kirkjugarði, óháð trúfélagi. Útfararstofa Svafars og Hermanns var stofnuð á síðasta ári en á bak við hana standa engir nýgræðingar. Svafar Magnússon hefur starfað við útfararþjónustu í Reykjavík í 17 ár og Hermann Jónasson í 30 ár, bæði í Reykjavík og á Siglufirði. Þeir segja báðir að persónuleg þjónusta sé aðalatriðið þegar kemur að skipulagi útfara. „Stofan er mjög fagmannleg og persónuleg og erum við til þjónustu reiðubúnir hvenær sólarhringsins sem er. Við leggjum aðaláherslu á persónulega og einstaklingsmiðaða þjónustu í öllu ferlinu, frá andláti að hinstu kveðjustund. Það skiptir miklu máli í þessari grein að bera virðingu fyrir bæði látnum og lifandi. Við reynum ávallt að verða við öllum óskum, jafnt hins látna sem aðstandenda.“

Huga þarf að ýmsu

Svafar og Hermann segja að huga þurfi að mörgum þáttum í kjölfar

andláts ástvarar. „Við sjáum í raun um allt ferlið frá andláti. Þá sækjum við viðkomandi einstakling, hvort sem það er á elliheimili, spítala eða á heimili. Við aðstoðum ættingja við val á kistu og frágang ýmissa skjala, til dæmis að sækja dánarvottorð og koma því til sýslumanns. Einnig þarf að huga að blómaskreytingum, krossinum á leiðið, sálmaskránni og tónlistarflutningi við kistulagningu og jarðarför. Við þetta bætast svo oft ýmsir þættir enda geta útfarir verið mjög mismunandi eftir fjölskyldum.“

Útfararstofa Svafars og Hermanns er með mikið úrval af vönduðum kistum og duftkerum. Kisturnar eru mjög fallegar og mikið bólstraðar að innan. Meðal nýjunga er að þær eru bólstraðar inni í lokinu sem gefur þeim hlýlegt yfirbragð. Svafar segir hvítar kistur enn langvinsælstar en þó séu alltaf einhverjir sem vilja viðarlitinn. Meðal nýjunga sem stofan býður upp á eru hvítar háglansandi kistur.

Fundað með aðstandendum

Það hefur færst í vöxt að kistulagning sé sama dag og útförin fer fram þótt enn sé algengt að dagur eða dagar líði á milli kistulagningar



„Stofan er mjög fagmannleg og persónuleg og erum við til þjónustu reiðubúnir hvenær sólarhringsins sem er,“ segja Svafar Magnússon og Hermann Jónasson hjá Útfararstofu Svafars og Hermanns.

MYND/GVA

og jarðarfarar. „Annaðhvort er um að ræða hefðbundna jarðarför eða bálför. Bálfarir hafa verið að færast í aukana, sérstaklega á suðvesturhorni landsins þar sem þar er eina bálstofa landsins staðsett.“

Verð útfara er mjög mismunandi og fer það eftir því hversu mikið er lagt í umgjörðina, segir

Hermann. „Við leggjum þess vegna mikla áherslu á persónulega þjónustu og reynum alltaf að funda með aðstandendum, í heimahúsi eða á skrifstofu okkar í Síðumúlanum. Það skiptir eðlilega miklu máli að allt sé á hreinu þegar útför er skipulögð. Bæði á það við um verkaskiptingu milli okkar og að-

standenda svo ekkert gleymist og ekki síður upp á kostnað að gera, svo ekkert komi nú að óvörum eftir á.“ Útfararstofa Svafars og Hermanns þjónustar allt landið en mest þó í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Nánari upplýsingar má finna á www.kvedja.is.

Nýir eigendur Blómasmiðjunnar

Blómasmiðjan hefur á tuttugu ára ferli lagt áherslu á vandaða og faglega þjónustu vegna útfara. Með nýjum eigendum verður þar engin breyting á.

„Fyrstu mánuðirnir fara vel af stað,“ segir Málfríður Hildur Bjarnadóttir en hún tók við versluninni Blómasmiðjunni í Grímsbæ í október síðastliðnum ásamt fjölskyldu sinni.

„Pabbi sér um ferskvöruna, útfararskreytingar og ýmislegt fleira af sinni stöku snilld. Hann þekkir bransann vel en hann stofnaði Blómaval á sínum tíma ásamt mömmu, bróður sínum og konunni hans. Hann segir lítið hafa breyst. Fólk sækist eftir því sama og fyrir 40 árum. Mamma sér um uppgjör og slíkt en hefur líka gert kransa og fleira, enda mikil listakona sjálf,“ útskýrir Málfríður og segir forréttindi að fá að vinna svo náíð með for-eldrum sínum.

„Ég er kennari að mennt en hef sinnt ýmsum störfum með námi og eftir að því lauk.

Það má segja að ég hafi alist upp í Blómaval. Pabbi var líka mjög hissa þegar hann komst að því nú í haust að hann þurfti voða lítið að kenna mér. Það verklega hafði síast inn í uppeldinu og gleymist ekki,“ segir Málfríður brosandí.

Hún segir fjölskylduna leggja áherslu á góða og persónulega þjónustu. „Við viljum gera góða þjónustu að sérstöðu búðarinnar og bjóðum alla velkomna til okkar. Stór liður í þjónustunni er vegna útfara og viljum við veita hana í samráði við aðstandendur og gerum allt sem við mögulega getum til að koma til móts við óskir hvers og eins.“

Blómasmiðjan er til húsa í verslunarmiðstöðinni Grímsbæ við Efstaland 26. Aðkoma að miðstöðinni er góð og næg bílastæði.



Feðginin Málfríður Hildur Bjarnadóttir og Bjarni Finnsson tóku við Blómasmiðjunni í haust. „Við viljum gera góða þjónustu að sérstöðu búðarinnar.“

MYND/STEFAN



KISTUSKREYTINGAR
KRANSAR
KROSSAR
BLÓMASKREYTINGAR
SAMÚÐARVENDIR
KERTASKREYTINGAR





Arnór L. Pálsson framkvæmdastjóri
Ísleifur Jónsson útfarastjóri
Frimann Andrésón útfararþjónusta
Jón Bjarnason útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugufrún Jónsdóttir útfararþjónusta
Guðmundur Baldvinsson útfararþjónusta
Þorsteinn Elíasson útfararþjónusta
Ellert Ingason útfararþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM

Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 · Fossvogi · Sími 551 1266 · www.utfor.is



Arnór L. Pálsson, framkvæmdastjóri Útfararstofu Kirkjugarðanna, segir starfið erfitt á stundum en einnig gefandi.

Samskiptin mikilvæg

Hjá Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf. er áhersla lögð á traust og umhyggju. Fyrirtækið byggir á áratugareynslu starfsfólks en að mörgu þarf að huga þegar andlát ber að höndum. „Starfið er erfitt en krefjandi.“

Yfirleitt er haft samband við okkur frá dánarstað og við beðin um að flytja hinn látna í líkhús. Tveir menn eru hjá okkur á útkallsvakt, alla daga ársins utan hefðbundins vinnutíma. Síðan hefst skipulagning útfararinnar og við sjáum um hana í samvinnu við aðstandendur,“ útskýrir Arnór L. Pálsson, framkvæmdastjóri Útfararstofu Kirkjugarðanna. Að mörgu þarf að huga við andlát. Útfararstofan hefur samband við þann prest sem aðstandendur óska eftir, ákveða þarf stað og stund fyrir kistulagningu og útför en útför getur farið fram í hvaða kirkju sem er á höfuðborgarsvæðinu. Kistulagning fer venjulega fram í Fossvogskapelli eða bænhúsi við Fossvogskirkju, tveimur til sex dögum eftir dauðsfall. Kistulagt er alla virka daga frá

9 til 16 og útfarartímar eru klukkan 11, 13 og 15 mánudaga til föstudaga.

„Eins þarf að huga að sálmaskrá og vali á tónlistarfólki, organista og kirkjuskreytingum og hversu margir munu bera kistuna,“ bætir Arnór við. Ákvarðanirnar eru margar sem taka þarf, oft á erfiðum stundum. Arnór segir starfsfólk útfararþjónustunnar ávallt leggja sig fram við að veita bestu mögulegu þjónustu sem völ er á með áherslu á traust og umhyggju. Nauðsynlegt sé að geta gefið af sér.

„Það útskrifar enginn skóli útfararþjónustufólk, starfið lærist með reynslunni og mannleg samskipti þurfa að vera góð. Við búum að mikilli reynslu en hér hefur sami starfsmannahópur unnið árum saman,“ segir Arnór. „Sorgin er alltaf erfið og við hittum fólk

á þeirra viðkvæmstu stundum. Þá er nauðsynlegt að starfsfólk geti gefið af sér. Starfið er erfitt en mjög gefandi.“

Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf. er stærsta útfararþjónusta landsins, stofnuð 1994, en áður höfðu Kirkjugarðar Reykjavíkur rekið útfararþjónustu frá árinu 1948. Viðtalsherbergi og skrifstofur eru til húsa að Vesturhlíð 2 í Fossvogi og þar er einnig aðstaða til gerðar sálmaskráa og skiltagerð. Lagerpláss og bílageymsla stofunnar er í Auðbrekku 1 í Kópavogi en fyrirtækið rekur fjóra Cadillac-líkbíla og Renault-flutningabíl. Samvinna er við Útfararþjónustu Hafnarfjarðar og Fjöl-Smið kistuverkstæði, um kistukaup. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.utfor.is.

GÓÐ RÁÐ Í SORG

Á vef Nýrrar dögunar, samtaka um sorg og sorgarviðbrögð, á www.sorg.is er að finna góð ráð til þeirra sem vilja hjálpa aðstandendum í sorginni.

Lausnarorðið er samhygð, það að vera til staðar, viðurkenna sorg og söknudyrkjandans. Það getur verið gott fyrir syrgjandann að fá að segja hvernig honum líður. Snerting og/eða faðmlag segir meira en mörg orð.

Það besta sem hægt er að gera er að hlusta, ekki tala. Fólk verður að fara í gegn um sorgarferlið á eigin hraða.

Ekki segja:

„Ég veit hvernig þér líður.“ Þú veist það ekki.

„Allt verður betra á morgun.“ Það er ekki víst.

„Ég votta þér samúð“ ef þú meinar það ekki. Syrgjandinn finnur muninn.

„Þetta gæti verið verra.“ Þú ert einn um það álit.

Nauðsynlegt að vinna með sorgina

Félagið Ný dögur var stofnað fyrir aldarfjórðungi og hefur að markmiði að styðja þá sem eiga um sárt að binda vegna ástvinamissis. Félagið stendur einnig reglulega fyrir fyrirlesturum um sorg og sorgarviðbrögð. Halldór Reynisson er formaður Nýrrar dögunar. Hann segir hluta af bata fólks oft felast í að deila sorgum sínum með öðrum og styðja aðra í svipaðri stöðu.

Ég tek stundum dæmi úr ljóðinu Sonartorrek eftir Egil Skalla-Grímsson þegar ég ræði um ástvinamissi. Þar segir Egill meðal annars að með sonarmissinum hafi hann „misst snaran þátt af sjálfum sér“. Það sama sér maður hjá mörgum þeim sem misst hafa einhvern náinn sér,“ segir Halldór Reynisson, prestur og formaður félagsins Nýrrar dögunar.

Styðja og fræða

Ný dögur er félagsskapur bæði syrgjenda og fagfólks á borð við presta, lækna, hjúkrunarfræðinga og sálfræðinga sem í sínum störfum koma að stuðningi við fólk eftir missi og andlát. Markmið félagsins er að styðja syrgjendur ásamt því að fræða um sorg og sorgarviðbrögð.

Halldór segir starfið þrískipt. „Í fyrsta lagi höldum við fræðslufund einu sinni í mánuði yfir vetrartímann þar sem fagfólk fjallar um áföll og sorgina. Í annan stað erum við með stuðningshópa og í þriðja lagi höldum við opið hús einu sinni í

mánuði þar sem fólk getur komið og metið hvort félagsskapurinn henti því,“ útskýrir hann. Stuðningshóparnir eru þrír. Fyrir þau sem misst hafa barn, fyrir fólk sem hefur misst nákominn vegna sjálfsvígs og fyrir þau sem misst hafa maka. „Þessir stuðningshópar eru undir handleiðslu fagmanneskju en oft hefur fólk mestan stuðning af því að heyra og sjá aðra ganga í gegnum svipaða hluti og það sjálft,“ lýsir Halldór.

Hluti af batanum að hitta aðra í svipaðri stöðu

Hann segir töluverðan fjölda fólks nýta sér þjónustu Nýrrar dögunar. „Á fyrirlesturana hafa mætt allt frá tuttugu upp í hundrad manns en í hópastarfinu á hverjum vetri hafa verið upp undir hundrad.“

Halldór segir nauðsynlegt að fólk gefi sér smá tíma til að jafna sig áður en það sækir hópastarf líkt og hjá Nýrri dögum. „Inn í svona starf kemur fólk ekki daginn eftir jarðarför. Oft þarf fólk að vera búíð að



„Hluti af batanum getur verið að hitta aðra og deila sorgum sínum en einnig að styðja aðra í sinni sorg,“ segir Halldór Reynisson prestur og formaður Nýrrar dögunar. MYND/ANTON

ná ákveðnu jafnvægi og vera komið út úr mesta áfallinu,“ segir Halldór og miðar oft við að fólk bíði í sex mánuði eftir andlát áður en það tekur þátt í slíku hópastarfi. Hann segir langflestu hafa gagn af félagsskapnum og margir tali um að það sé stór hluti af sínu bataferli. „Hluti af batanum getur verið að hitta aðra

og deila sorgum sínum en einnig að styðja aðra í sinni sorg.“

Hefur starfað í 25 ár

Ný dögur var stofnuð í desember árið 1987 og er því aldarfjórðungsgamalt. „Upphafið má rekja til þess að hópur fólks sem orðið hafði fyrir erfiðum áföllum eins og maka-

missi eða barnsmissi fór að hittast. Síðar tengdist þessi hópur fagfólki úr ýmsum stéttum,“ upplýsir Halldór. Hann segir að á svipuðum tíma, á áttunda og níunda áratugnum, hafi orðið miklar viðhorfsbreytingar innan fagstétta um hvernig ætti að takast á við dauðann, bæði þegar fólk væri dauðvona og hvernig ætti að styðja þá sem höfðu misst einhvern nákominn. „Þetta var breyting frá fyrri tíma þegar ekkert var rætt um dauðann og hann hálfgerð feimnismál. Til dæmis var varla minnst á hinn látna við erfitt dauðsfall eins og kom berlega í ljós í umræðunni hér á Íslandi nýlega þegar verið var að rifja upp snjóflóðin á Neskaupsstað.“

Halldór segir þróunina hafa verið jákvæða síðustu árin. Tekist hafi að vekja athygli á nauðsyn þess að ræða og fræða um dauðann. „Ég segi gjarnan að sorgin sé hvunn dagsleg í þeim skilningi að hún er hluti af mannlegri reynslu. Við verðum öll fyrir sorg, miseríðri þó, og það er mjög nauðsynlegt að vinna með sorgina.“



Legsteinar úr graníti og marmara, gabbró, líparíti og stuðlabergi eru til sýnis í glæsilegum sýningarsal að Skemmuvegi 48, Kópavogi. Þar er hægt að skoða ýmsar gerðir legsteina.

MYND/STEFAN

Unnið í legsteinum í sextíu ár

Sólsteinar – S. Helgason fagnar 60 ára afmæli á þessu ári. Þar vinnur sérmenntað fagfólk á öllum sviðum tilbúið til þjónustu. Hægt er að láta sérsmíða legsteina úr bæði íslenskum og erlendum grjótttegundum. Í tilefni afmælisins verður sérstakur afmælislegsteinn úr íslensku stuðlabergi á tilboði út árið.

Eftir að fólk hefur verið borið til grafar er legsteinn oftast lagður yfir leiðið til að marka gröfina og sem minnisvarði um hinn látna. Vandaður frágangur og fallegur legsteinn er því mikilvægur enda á hann eftir að standa þar um ókomna tíð. „Afar mikilvægt er fyrir viðskiptavinum að fá að ræða við einhvern með reynslu og þekkingu af legsteinasmíð þegar velja á stein. Gríðarmargt spilar þar inn í; hönnun, smíði, frágangur á legsteini og fleira. Hjá okkur starfa bæði steinsmiðir, hönnuðir og annað fagfólk með mikla þekkingu og margra ára reynslu,“ segir Unnar Þór Lárusson hjá Sólsteinum – S. Helgasyni.

Menntaðir steinsmiðir

Lykilatriði að fagmennsku er að vera með fagmenntað fólk og hjá Sólsteinum – S. Helgason starfa þó nokkrir lærdir steinsmiðir. „Það var einmitt einn steinsmiðanemi hjá okkur að útskrifast nú um áramótin og hlaut hann silfurverðlaun forseta Íslands fyrir sveinstykkið sitt. Þá er annar steinsmiður hjá okkur nýkominn af endurmenntunarnámskeiði í Bretlandi. Við leggjum mikið upp úr því að halda faglegri þekkingu innan fyrirtækisins og endurspeglast það í vörunum og þjónustunni sem við veitum.“

Fjöldi steintegunda

Hjá Sólsteinum – S. Helgasyni er hægt að velja milli mismunandi steintegunda. „Innfluttu steintegundirnar eru granít og marmari en íslensku efnin eru gabbró, líparít og stuðlaberg.“

Í glæsilegum sýningarsal okkar á Skemmuvegi 48, Kópavogi, er úrval tilbúinna legsteina sem hægt er að skoða. Þegar fólk hefur valið sér stein eru þeir teiknaðir og settir upp frá A til Ö í tölvu svo hægt er að sjá nákvæma mynd af steininum áður en smíðin hefst.“

Sérsmíðum legsteina

„Þá getur fólk komið með óskir eða hugmyndir að útliti eða formi legsteina. Fagfólk okkar hjálpar svo til við útfæra hugmyndina svo hún geti orðið að veruleika.“

Skreytingar á leiði og legsteina

Ýmsar gerðir skreytinga prýða legsteina og bjóða Sólsteinar – S. Helgason vandaða vöru sem endist.

„Við erum með marmarastyttur og ýmist skraut úr kopar, svo sem engla, fugla, krossa og blóm. Auk þess útbúum við postulínsmynd af hinum látna á legsteininn án endurgjalds. Myndin gerir steininn persónulegri og það eykst ár frá ári að fólk velji að hafa mynd. Um þessar mund-

ir erum við svo með lukt og vasa á legstein á tilboði saman á 29.900.“

Uppsetning og frágangur

Fagfólk frá Sólsteinum – S. Helgasyni sér um uppsetningu og frágang legsteina allt að 200 kílómetra út fyrir höfuðborgarsvæðið. Sú þjónusta er innifalinn í verðinu ásamt sendingarkostnaði hvert á land sem er.

„Legsteinar eru oftast settir upp fljótlega eftir jarðarför. Þá setjum við frostfrían jarðveg undir steininn og þjöppum.“

Eftir það á steinninn ekki að halla en við berum hins vegar ábyrgð á þeim endalaust og lagfærum ef eitthvað er að, viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Við biðjum fólk að láta okkur vita ef eitthvað kemur upp á eða ef það er ekki ánægð og þá lögum við það. Þetta er hluti af þeirri góðu þjónustu sem við veitum.“

Afmælissteinn á tilboði

„Í tilefni afmælisins höfum við framleitt sérstakan stuðlabergslegstein sem verður á tilboði út árið.“

Afmælislegsteinninn er með undirsteini, áletrun, lukt, vasa og postulínsmynd og kostar 169.000 með uppsetningu í kirkjugarði.“



Ljósker og vasar eru á sérstöku tilboði um þessar mundir á 29.900.



Legsteinar úr íslensku stuðlabergi eru einstaklega fallegir og hafa notið vinsælda í gegnum árin.

Allt í einu var hann orðinn lík

Í bókinni Makalaust líf eftir Önnu Ingólfssdóttur er fjallað um sorgina og leiðina til nýs lífs eftir makamissi. Guðfinna Eydal sálfræðingur og Jóna Hrönn Bolladóttir sóknarprestur eru meðhöfundar. Áhrifamiklar frásagnir og viðtöl eru í bókinni, þar á meðal saga Önnu sem varð ekkja 35 ára. Þessi bók lætur engan ósnortinn en hér er birt kaflabrot.

Allt í einu var hann Árni minn orðinn lík. Hann var bara orðinn kaldur og stirður og nú lágu líkamsleifar hans einhvers staðar í kæli hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur. Nú var þetta allt búið en það var samt eftir að undirbúa líkið fyrir kistuna. Presturinn færði það í tal við mig hvort ég vildi ekki koma að því að klæða lík Árna. Ég hafði aldrei áður komist í slíkt návígi við dauðann eins og þegar Árni dó. Ég hafði séð aldraða ömmu mína látna í kistulagningu þegar ég var barn og svo var ég 25 ára þegar faðir minn lést eftir stutt veikindi en hann var í öndunarvél í tvær vikur áður en hann lést. Ég kom ekki að líki hans á neinn hátt. Þannig að þegar presturinn orðaði þetta við mig þá varð mér hálfvegis bilt við. Ég svaraði honum eiginlega áður en ég hafði hugsað málið til enda. Ég var allt í einu búin að segja honum að ég treysti mér ekki til þess en á þessum tímamarki fannst mér þetta erfið tilhugsun. Mér fannst líkami hans svo rýr og skaddaður að ég átti ekki í mér þann styrk að geta komið að því að búa hann undir kistuna. Ég sá þó fljótlega eftir þessari ákvörðun minni en ekki nógu fljótt til þess að bregðast við og koma að málinu og eftirsjáin varð meiri eftir því sem tíminn leið. Ég hefði viljað að það hefðu verið mínar hendur sem snertu hann síðastar allra, áður en hann fór ofan í kistuna.



„Ég var að kveða þann sem hafði leikið aðalhlutverk í þessu leikriti og svo þarna í jarðarförinni var ég sjálf orðin aðalleikarinn.“

Erfidrykkjan

„Ég felldi ekki tár í útförinni, ég var á undarlegum stað í sjálfri mér. Það var skritið að sitja á fremsta bekk og vera vitni að þessum endanleika. Ég var að kveða þann sem hafði leikið aðalhlutverk í þessu leikriti og svo þarna í jarðarförinni var ég sjálf orðin aðalleikarinn. Svo var farið í garðinn, en Árni vildi láta jarða sig á Egilstöðum. Hann hafði orðað það við mig að ég þyrfti ekki að binda mig við grafreit hans. Ég ætti að vera frjáls frá honum. Kistan var látin síga ofan í jörðina þegar allir



Bókin Makalaust líf kom út fyrir jólin.

höfðu gert krossmark yfir henni. Það var síðasta jarðneska stundin með Árna. Það var endanlega jarðneska kveðjustundin. Þá var það erfidrykkjan. Fyrsti samfagnaður fjölskyldu og vina án hans. Markar tímamót. Skilin eru þarna á milli göngunnar frá kirkjugarðinum og yfir í erfidrykkjuna. Vinir okkar og nágrennar sáu um að baka og búa til kræsingar fyrir erfidrykkjuna. Það var mikill og hlýr vinahugur sem við mættum í okkar litla samfélagi. Mér fannst samfé-

lagið vera fjölskylda okkar. Það var gnægta-borð veitinga í erfidrykkjunni og ég get ekki lýst þakklæti mínu fyrir það. Margir höfðu komið um langan veg. Gamlir vinir Árna sem ég hafði suma aldrei hitt áður. Ég tók í höndina á öllum, held ég, og ég hef aldrei áður, hvorki fyrir né síðar, fengið eins mörg faðmlög á sama degi. Ég var ánægð með daginn og ljómaði á einhvern undarlegan hátt.“

Ringulreið og sorg

„Það var mikið um heimsóknir strax eftir andlát Árna og heimilið eitt blómahaf. Ættingjar okkar sem höfðu komið fyrir jarð-

arför og gist hér og þar um plássíð í húsum góðra vina okkar héldu til síns heima. Síminn hringdi mikið þessa daga og ég var enn í einhverri skritinni sælu í blómalmi á heimilinu. Svo fölnuðu blómin og fóru að lykta illa og ég henti þeim og þá færðist hversdagsleikinn yfir heimilið. Þögull og tómur. Holur að innan eins og ég sjálf. Ég fyllti hann oft með tónlist. Svo komu stelpurnar heim úr leikskólanum og skólanum og fylltu húsið gleði og lífi og daglegu amstri. Lífið hafði færst aftur í sitt venjulega horf á ytra byrðinu. Hið innra rékti enn ringulreið og sorg. Dagar og vikur liðu og síminn hringdi sjaldnar.“

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla

Suðurhlíð 35, Rvk • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson **Kristín Ingólfssdóttir**


Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkygningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is
Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

BÁLFÖRUM FJÖLGAR

Líkbrensla hefur færst í vöxt á Íslandi og nú er svo komið að rúmlega þriðja hver útför á höfuðborgarsvæðinu er bálför. Þeir sem búsettir eru úti á landi geta líka óskað eftir þessari þjónustu og hefur Kirkjugarðasamband Íslands og Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma samvinnu um að koma því til leiðar.

Duftker eru að jafnaði grafin í sérstakan duftgarð í kirkjugarði en einnig er algengt að kerin séu grafin ofan á kistugrafir með leyfi umsjónarmanns leiðis. Hafi einstaklingur eldri en átján ára tekið ákvörðun um að láta brenna sig að lífi loknu er hægt að fylla út eyðublað á heimasíðu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Sjá nánar á www.kirkjugardar.is.



ÚTFARARÞJÓNUSTA
Davíðs Ósvaldssonar ehf.

Sími 551 3485, svarað allan sólarhringinn.
www.udo.is

Hinrik **Davíð** **Jóhanna** **Óli Pétur**



Graníthöllin er til húsa að Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirði. Þar er gott aðgengi og tekið vel á móti fólki.

Graníthöllin býður upp á vandaða granítlegsteina í miklu úrvali

Hjá **Graníthöllinni** er markmiðið að bjóða fallegustu legsteina landsins. Úrvalið er ríkulegt og er bæði hægt að velja um einfalda steina og steina með miklum útskurði. Þá eru ýmsir fylgihlutir á boðstólum auk þess sem boðið er upp á viðgerðir og viðhald.

Graníthöllin býður upp á fjölbreytt úrval fallegra legsteina. „Markmið okkar er að vera með fallegustu legsteina landsins og leggjum við okkur fram við að bjóða vandaða vöru á viðráðanlegu verði,“ segir eigandinn, Heiðar Steinsson, sem hefur margra ára reynslu af vinnu við legsteina og meðhöndlun á graníti. „Við bjóðum upp á gríðarlega mikið úrval og erum með yfir hundrað gerðir og liti í versluninni auk þess sem hægt er að sérpanta steina ef þess er óskað. Við erum bæði með einfalda og klassíska steina og einnig steina með miklum útskurði. Það ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“

Steinarnir eru allir úr hágæða granítsteini sem Heiðar segir þola íslenska veðráttu mjög vel. Hann segir að í vöxt hafi færst að fólk vilji hafa alls kyns fylgihluti við legsteininn eins og luktir og blómavasa. **Graníthöllin** býður upp á gömlu koparluktirnar sem hafa notið vinsælda undanfarna áratugi en einnig granítluktir og vasa í stíl við legsteininn sem er nýjung hér á landi. „Fólki hefur líkað þessi nýjung vel, enda eru þetta stílhreinir og fallegir hlutir. Kosturinn er að luktirnar eru afar sterkbyggðar og það sér ekkert á þeim með árunum ólíkt koparum,“ segir Heiðar.

Þá tekur **Graníthöllin** að sér viðgerðir og viðhald á legsteinum. „Það borgar sig að gera við



Granítluktir og vasar í stíl við legsteininn er nýjung sem hefur verið vel tekið.



Steinarnir eru allir úr hágæða graníti og þola íslenska veðráttu afar vel.



Hægt er að velja um yfir hundrað gerðir steina og liti auk þess sem hægt er að sérpanta sé þess óskað.

hættulega legsteina sem eru við það að falla á hliðina en það hafa orðið mörg slys víðs vegar um heiminn af þeirra völdum,“ segir Heiðar. „Ef börn þríla utan í slíkum steinum og þeir falla



Heiðar hefur margra ára reynslu af vinnu við legsteina og meðhöndlun á graníti.

MYND/GVA

á hliðina getur það haft slæmar afleiðingar. Við viljum koma í veg fyrir slíkt og bendum fólki á að hafa samband ef legsteinar eru farnir að halla en við lögum það fyrir sanngjarnt verð. Þá

bjóðum við upp á þá þjónustu að bæta við nöfnum á legsteina, hreinsa og endurmála stafi.“

Graníthöllin er til húsa að Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirði, á móti Fjarðarkaupum, en fyrir-

tækið þjónustar allt landið. „Við erum í fallegu húsnæði. Þar er gott aðgengi og við tökum vel á móti öllum,“ segir Heiðar. Nánari upplýsingar er að finna á www.granithollin.is.

Ólík trúarbrögð í sátt og samlyndi

Fylgjendur ólíkra trúarbragða eru jarðsettir í Gufuneskirkjugarði í Reykjavík. Kirkjugarðurinn er sá eini sinnar tegundar hérlendis.

Gufuneskirkjugarður í Grafarvogi í Reykjavík er eini kirkjugarður landsins sem er skipulagður með þeim hætti að sérstök grafarsvæði eru þar fyrir ólík trúarbrögð og þá sem standa utan trúfélaga. Kirkjugarðurinn var vígður árið 1980 og segir Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdaema, að á þeim tíma hafi menn einfaldlega verið með þá heimssýn að nauðsynlegt væri að bjóða ólíkum trúarbrögðum ákveðið svæði í kirkjugarðinum nýja. „Kirkjugarðar eru fyrir alla. Svipuð þróun hafði áður átt sér stað erlendis auk þess sem íslenskt samfélag var tekið að breytast á þeim tíma og orðið fjölbreyttara, til dæmis þegar kemur að trúarbrögðum fólks.“

Í dag er Gufuneskirkjugarður sá eini hérlendis sem býður upp á slíkt skipulag eins og fyrr segir. Þórsteinn segir þó að nú liggi frumvarp fyrir Alþingi sem gerir ráð fyrir að nýir kirkjugarðar og jafnvel þeir kirkjugarðar sem bæta við nýjum grafarsvæðum geri ráð fyrir þess háttar skipulagi. Hann segist eiga von á því að það verði samþykkt á næsta þingi. „Nú eru til dæmis Akureyri og Hafnarfjörður að huga að nýjum grafarsvæðum. Ef frumvarpið verður samþykkt þarf því að gera ráð fyrir

samskonar svæðum þar.“

Trúfélög nýta aðstöðuna

Víða erlendis tíðkast bæði blandaðir kirkjugarðar og sérstakir garðar fyrir ákveðin trúarbrögð. Áður en Gufuneskirkjugarður var vígður var fólk af öðrum trúarbrögðum grafið í kirkjugörðum hér á landi en þá innan um aðrar grafir. Þórsteinn segir fylgjendur flestra stærri trúarbragða heims vera grafna í garðinum en eðlilega séu langflestir kristinnar trúar. „Engu að síður er gert ráð fyrir þessum hópum í garðinum. Grafir annarra trúarbragða lúta líka sumar öðrum lögmálum en í kristinni trú. Þannig liggja til dæmis grafir múslíma öðruvísi en hjá kristnu fólki og lúta þannig ekki sama skipulagi. Því er gott að hafa sérsvæði fyrir slíkar grafir og það vilja þessir hópar líka sjálfir.“

Þórsteinn segir önnur trúfélög en kristin nota athafnarým-in í Fossvoginum en þar er bæði kirkja, kapella og bænahús. „Fossvogskirkja er ekki sóknarkirkja og tilheyrir því engum sérstökum trúarsófnuði. Þannig geta önnur trúfélög nýtt sér aðstöðuna hér. Í tilfelli múslíma er Biblían bara tekin af altarinu og Kóraninn settur í staðinn. Ef athöfnin tengist búddatru koma þeir inn með sína



„Grafir annarra trúarbragða lúta líka sumar öðrum lögmálum en í kristinni trú,” segir Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdaema.

MYNDI/GVA

siði innan ákveðins ramma og svo framvegis.“

Ekki stúkað af

Hin mismunandi svæði í Gufuneskirkjugarði eru ekki stúkuð sérstaklega af og var það gert viljandi að sögn Þórsteins. „Þannig vildum

við hafa þetta í stað þess að ramma trúfélögin inn. Starfsmenn kirkjugarðsins þekkja auðvitað svæðin og félagar viðkomandi trúfélags. Í dag hlaupa þessar grafir á nokkrum tugum, sjálfsagt nálgast þær hundrad grafir.“

Fyrirkomulagið í Gufuneskirkju-

garði hefur ekki valdið neinum deilum eða óánægju, að sögn Þórsteins, heldur þvert á móti. „Ég er búinn að starfa hér í átján ár og aldrei hafa nein mál komið inn á borð til mín. Þvert á móti hef ég bara upplifað mikið þakklæti frá aðstandendum og trúarhópum.“



Kveðjuathöfn samfélagsins

Útför er kveðjuathöfn samfélagsins. Þá sýnir fólk hinum látna þakklæti sitt og virðingu og aðstandendum samúð.

Útför getur verið tvenns konar: Annars vegar greftrun eða jarðarför. Þá er kistan borin til grafar og jarðsett í kirkjugarði eða óvígðum reit að lokinni útfararathöfn. Hins vegar bálför. Þá er kistan brennd að lokinni útfararathöfn og aska hins látna sett í duftker sem ýmist er jarðsett í duftreit eða ofan á leiði.

Útför getur ekki farið fram nema staðfesting sýslumanns á viðtöku dánarvottorðs liggja fyrir. Þegar útför fer fram í kyrrþey eru aðeins nánustu aðstandendur og vinir viðstaddir. Ekki er þá tilkynnt um andlát fyrr en að lokinni útför.

Útfarir á vegum þjóðkirkjunnar fara fram í samræmi við helgisíðabók og handbók íslensku kirkjunnar. Útfarir í þéttbýli og strjálbýli eru í grundvallaratriðum með svipuðu sniði, í samræmi við hefðir. Hefðbundin útför kristins manns gæti samkvæmt Handbók kirkjunnar farið fram sem hér segir:

- Forspil, leikið á orgel og/eða önnur hljóðfæri.
- Bæn.
- Sálmur.
- Ritningarlestur.
- Sálmur eða tónlistarflutningur.
- Guðspjall.
- Sálmur eða tónlistarflutningur.
- Minningarorð.
- Sálmur, einsöngur, einleikur eða upplestur.
- Bænir.
- Faðir vor.
- Sálmur eða tónlistarflutningur.
- Moldun – fer ýmist fram í kirkju eða kirkjugarði.
- Sé moldað í kirkju fylgir sálmur og síðan blessun.
- Verði moldað í kirkjugarði fylgir aðeins blessun.
- Eftirspil og útganga.

Þegar um útfarir þeirra sem tilheyra öðrum trúfélögum er að ræða gilda siðir og venjur viðkomandi trúfélags.

Borgaraleg útför fer fram án þátttöku prests eða annars fulltrúa kirkjunnar.

Ef hinn látni tilheyrði ekki neinu trúfélagi er það aðstandenda að ákveða hvernig athöfn er háttað.

Grand

ERFIDRYKKJUR

Samvera í notalegu umhverfi

Á Grand Hótel Reykjavík færðu faglega og persónulega þjónustu.

- Fjölbreytilegt úrval sala sem henta vel til erfidrykkju
- Fyrirmyndaraðstaða fyrir allt að 400 manna erfidrykkjur
- Veitingar eru allar búnar til á staðnum, ávallt úr fersku og hágæða hráefni
- Dekkuð borð með rósum og kertum
- Sérstakt borð til heiðurs hinum látna með gestabók, ljósmynd, blómum og kertum
- Fagleg þjónusta og hlýlegt viðmót
- Frábært aðgengi að hótelinu ásamt nægum bílastæðum

Hljólegt og gott viðmót á Grand

Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38
105 Reykjavík
Sími: 514 8019
E-mail: erfidrykkjur@grand.is


Grand
HÓTEL
 REYKJAVÍK

VAMPÍRUR Í BREIÐHOLTINU

PÝSK SKÁLDSAGA Monika Jaedig heillaðist af Íslandi eftir heimsókn til landsins og fór að læra íslensku. Hún skrifar nú skáldsögu um vampírur í Breiðholti sem kemur út á rafbók í lok mars.

Mig langaði til að sameina áhuga minn á „hinum ódauðlegu“ og Íslandi,“ segir Þjóðverjinn Monika Jaedig, en hún er að leggja lokahönd á sína fyrstu skáldsögu, Silbernes Band, sem fjallar um íslenska vampíru. Bókin kemur út á þýsku í lok mars á Neobooks.com. Monika féll fyrir Íslandi eftir að hún heimsótti landið fyrir nokkrum árum og skráði sig í framhaldinu á Íslenskunámskeið.

Hún segist alltaf hafa verið heilluð af vampírum og segir að hugmyndin að bókinni hafi kviknað fljótlega eftir fyrstu Íslandsheimsóknina. En þó dimmur íslenskur vetur gæti talist ákjósanlegt umhverfi fyrir vampírur þá sest sólin ekki á sumrin. Hvernig fer það með ljósfælur blóðsugurnar?

„Ísland er reyndar ekki ákjósanlegur staður fyrir vampírur,“ viðurkennir Monika hlæjandi. „Hér eru eldspúandi fjöll, allt of fáar manneskjur til að sjúga úr blóð og nánast engir skógar til að fela sig í undan sólarljósinu. Þá er Ísland langt frá öðrum löndum. En sólarljósið drepur reyndar ekki vampírurnar í sögunni minni heldur dregur úr þeim mátt. Þær geta klætt af sér birtuna. Söguhetjan mín ferðast einnig til Noregs og Þýskalands á sumrin, þar sem hún getur falið sig í dimmum skógunum.“

Monika las sér til um íslenska drauga og forynjur við vinnslu bókarinnar og fann þar ýmislegt sem hún gat nýtt sér við skrifin.

„Íslenskar fornsögur og draugasögur heilluðu mig upp úr skónum. Í Íslendingasögunum eru margar yfirnáttúrulegar verur, eins og Kveld-Úlfur, völur og berserkir og ég tengi til dæmis eina söguhetjuna við Kveld-Úlf. Þá finnst mér frábært hve sögurnar eru Íslendingum mikilvægar enn í dag. Ég er ekki viss um að Svisslendingar tali jafn mikið um Wilhelm Tell og Íslendingar tala um Njál og Gunnar, Gretti og Egil,“ segir Monika. En hvað gerist í sögunni hennar?

„Þetta er fyrst og fremst rómantísk ástarsaga en auðvitað rennur smá blóð og hálsar eru ristir. Aðalsöguhetjan, Heiðar Kristínarson, er blendingur, al-



inn upp af dauðlegri móður sinni og átti erfitt í æsku. Blóðþorstinn og eirðarleysið ágerist og 12 ára fær hann að vita að faðir hans er vampíra. Hann lærir að hemja hvatir sínar og vinnur sem kennari í Fjölbraut í Breiðholti, er hress og aðlaðandi gaur, hálfgerður kvennabósi. Vampírarn í honum vaknar þegar hann hittir Rúnu, konuna sem hann þráir, og þegar hann hittir föður sinn, hinn írski Fionn, upphefjast átakatímar í lífi hans,“ útskýrir Monika en fæst svo ekki til að segja meir. Hún er þó þegar búin að skrifa þrjár framhaldssögur af Silbernes Band og því ekki annað hægt en að spyrja hana hvað heilli hana svo við vampírur.

„Ódauðleikinn heillar mig, valdið og skörp skilningarvit þeirra. Vampírur eru eins og ofurrándýr, hafa lífað að eilífu og fylgst með þróun mannkyns. Svo eru þær auðvitað alltaf gullfallegar og því fullkomnar í rómantískar fantasíur,“ segir Monika spök.

Silbernes Band verður fáanleg á Amazon, iBookstore og í þýskum vefbókabúðum svo sem Thalia og Weltbild. Kápa bókarinnar verður myndskreytt af íslenskum hönnuði, Fanneyju Sizemore.

■ heida@365.is

ÍSLENSKAR BLÓÐSUGUR Monika Jaedig er að leggja lokahönd á fyrstu skáldsögu sína en hún fjallar um blóðþyrstan framhaldsskóla-kennara í Breiðholti.

MYND/GVA

Námskeið í febrúar

Námskeið í vetrarfjallamennsku

9. febrúar

Ferðafélag Íslands býður upp á námskeið í vetrarfjallamennsku laugardaginn 9. febrúar nk.

Á námskeiðinu er farið yfir grundvallaratriði vetrarfjallamennsku, búnað til fjallamennsku, leiðaval og snjóflóðahættu.

Leiðbeint er um göngu í snjó og notkun ísaxar og ísaxarbremsu, göngu á mannbroddum og snjó- og ístryggingar. Fjallað um hnúta, línumeðferð, sig og létt snjó- og ísklifur.

Skyndihjálp og óhöpp í óbyggðum

19., 21. og 26. febrúar

Tími: Kl. 18-22 í sal FÍ, Mörkinni 6.

Ferðafélag Íslands býður upp á námskeið í skyndihjálp og óhöpp í óbyggðum.

Verklegt námskeið fyrir göngufólk í skyndihjálp og viðbrögðum við óhöppum í óbyggðum. Eftir stutta upprifjun á grunnatriðum skyndihjálpar er lögð aðaláhersla á raunhæf verkefni og fræðslu og frásagnir af slysum á Íslandi og þannig reynt að æfa viðbrögð við óhöppum. Námskeiðið endar á verklegri útiæfingu þar sem björgunarfólkið þarf að fást við slasaða sjúklinga.

Ferðafélag Íslands

Skráning á námskeiðin eru í síma 568 2533 eða í netpóst fi@fi.is

Skráðu þig inn – drifðu þig út

FJÖLBREYTT VETRARRHÁTÍÐ Á AKUREYRI

Éljugangur vetrar- og útivistarhátíð verður haldin á Akureyri dagana 14. til 17. febrúar 2013. Markmið hátíðarinnar er að kynna fjölbreytni í vetrarútivist fyrir íbúum bæjarins og ferðafólki. Ferðaþjónustuaðilar og áhugafélag á svæðinu standa fyrir sérstökum ferðum og viðburðum af ýmsum toga, sleðaspyrnu, snjóbrettakeppni og -sýningu, íscrosskeppni, vélsleðaferðum og snjótroðaraferðum, dorgveiði, fjallgönguferðum og skíðanámskeiðum. Í fyrsta sinn verður boðið upp á ferðir með þyrlu í útsýnisflug eða með skíðin upp á fjallstopp. Ógleymanleg upplifun!

Stærstu viðburðir helgarinnar eru án efa flóðlyst snjóbrettasýning á Ráðhústorgi seinnipartinn á föstudag og DC-brettakeppni og -session í Hlíðarfjalli, skipulögð af brettadeild Skíðafélags Akureyrar.

Fyrir fjölskylduna er Vasa-ljósa-gangur í Hlíðarfjalli á fimmtudagskvöld ómissandi viðburður en þar sjá skíðamenn sjálfir um að lýsa upp brautina og verðlaun verða veitt fyrir frumlegasta ljósabúnaðinn.



Þetta er hátíð þar sem reynt er að höfða til sem flestra sem leggja stund á útivist. Hátíðinni fylgir snjókarlinn Frosti sem kemur sér fyrir á Ráðhústorgi auk þess sem þar verður búin til aðstaða fyrir ungt brettaáhugafólk.

ÚTIVIST Margt verður um að vera á vetrarrhátíðinni á Akureyri um miðjan febrúar.

MYND/ÞÓRIR TRYGGVASON

Ferðaáætlun FÍ 2013 er komin út

Ferðaáætlun 2013



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is

BÍLAR & FARARTÆKI



Bilamarkaðurinn



RENAULT Clio rn h/b. Árgærd 2002, ekinn 87 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 490.000. Rnr.222387.




M.BENZ C 200 kompressor kompr. Árgærd 2003, ekinn 122 P.KM, bensín, sjálfskiptur. leður og lúga Verð 1.890.000. áhl. 950.000 kr tilboð 1.499.000 Rnr.104413.



PEUGEOT 307. Árgærd 2006, ekinn 108 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 970.000. Tilboð 799.000 Rnr.222349.

Bilamarkaðurinn
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800



MJÖG GOTT EINTAK

BMW 5. Árgærd 2004, ekinn aðeins 119.þ km, bensín, sjálfskiptur, leður, topplúga ofl, er á staðnum. Verð 2.890.000. Rnr.125625. Sími: 562-1717.

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18
www.bilalif.is



Viltu persónulega þjónustu?



POLARIS Rmk 800 assault 144". Árgærd 2010, ekinn 800 KM, Ásett verð 1890 TILBOÐ 1.490 þús. stgr. Rnr.110585.

Diesel.is
Kletthálsi 15, 110 Reykjavík
Sími: 578 5252
http://www.diesel.is

bilfang.is

S. 567 2000



TILBOÐ !

Ford Fiesta 07/2008 ek 89 þ.km 5 girar, gott áskomulag nú á tilboði ! 990 þús.



DIESEL HIACE !

Toyota Hiace 4WD Langur diesel Turbo 11/2006 ek 129 þ.km verð 2190 þús.

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is



SUZUKI Grand vítara xl-7. Árgærd 2005, ekinn 152 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.100205. VERÐ NÚ kr: 1.190.000,-



MERCEDES BENZ Gik 220 cdi 4matic . Árgærd 2012, ekinn 14 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.690.000. Rnr.160461.



MERCEDES BENZ B 180 ngt (w233). Árgærd 2011, ekinn 11 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.090.000. Rnr.990314.



ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

iBill.is

Netbílalaga



Mmc Pajero DID. Nýskr. 6/2004, ekinn 98 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.111980.



Nissan Almera SLX. 1997 árgærd, ekinn 100 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 370.000. Visa rað í boði. Rnr.112036.



Toyota Corolla 1,4 vti. Nýskr. 7/2006, ekinn 86 þ.km, bensín, 5 girar. Ásett verð 1.290.000. Tilboðsverð 990.000. Rnr.111584.



Peugeot 307 XR. Nýskr. 1/2002, ekinn 133 þ.km, bensín, 5 girar. Verð 590.000. Mikið yfirfarinn. Visa rað í boði. Rnr.112016.



Toyota Yaris Terra. Nýskr. 7/1999, ekinn 187 þ.km, bensín, 5 girar. Verð 490.000. Visa rað í boði. Rnr.112037.



Hyundai Accent. Nýskr. 3/1999, ekinn 144 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 190.000. Visa rað í boði. Rnr.111978.

iBill.is, Netbílalaga
Smíðjuvegur 4a grænagata, 200 Kópavogur
Sími: 578 8181
www.ibill.is

STÓRA BÍLASALAN



Nissan Double Cab Dísel 4x4 Árgærd 2007, ekinn 75þ.km, bsk. Gott eintak sem er á staðnum! Verð 1.750.000kr. Raðnúmer 154270. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndefartil á plani
http://www.stora.is

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN



VW Golf fsi. Árgærd 2011, ekinn 58 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Ásett verð 3.390 TILBOÐSVERÐ 2.490.000. MÖGUL 80% LÁN Rnr.113046.



VW Touareg v6. Árgærd 2007, ekinn 125 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.290.000. Virkilega gott verð Rnr.113088.



NISSAN Navara 4wd double cab mt se 35". Árgærd 2006, ekinn 133 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 2.850.000. mjög flottur bíll Rnr.218654.



VOLVO V70 cross country awd 2,5. Árgærd 1998, ekinn 153 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Gullmoli Verð 790.000. ath visa/euro Rnr.218799.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
Opíð til kl. 21 á fimmtudögum.
www.nyja.is



NÝ COLEMAN CHEYENNE 10 fet, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábæra verði aðeins 2.389.800kr, Komdu og skoðuðu,

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



VW Bora 99 árg. 1,6 vél beinsk ek. 195 þús, ný tímærim, álfelgur, vetrardekk toppbíll. Verð 395 þús. ATH. skipti á ódýrari. Gsm 868 2352.



Lincoln Navigator Black'07. Ek: 82 þús. Svartur innan/utan. 1 eigandi. Smurbók. Ný vetrardekk negld. Verð: 4,5 m. Engin sk. Uppl: Tómas 895 9974.

Fjór hjól



Yamaha Grizzly 700 ,08. Ek: 10 þús. 27" Big Horne. Vökvastýri. Kassi með aukasæti. Einn eigandi og góð þjónusta. Aukastuðarar. Verð: 990 þús. Engin skipti. Uppl: Tómas 895 9974.

Sendibílar



Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vinnuvélar



Mikið úrval snjóplóga, snjótaña, sanddreifara og snjóblásara á lager. Afvélur ehf, Vesturhraun 3, 210 Garðabæ, S:480-0000.



Eigum úrval af Hardox stálskerum, ísblöðum, karbítblöðum og boltum í skerablöð, á góðu verði. Sendum samdægus hvert á land sem er. Afvélur ehf, Vesturhraun 3, 210 Garðabæ, S:480-0000

Lýftarar



KÖRFUBÍLALEIGA
Ódýr og góð þjónusta. Ný vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.

Bílaþjónusta



RENAULT Megane Sport Tourer. Nýskr. 02/06, ekinn 149 þ.km, bensín, 5 girar. Verð 990.000 TILBOÐSVERÐ 790.000. 100% VISA/ EURO lán mögulegt Rnr.151583.



SUBARU Legacy Sport Sedan. Nýskr. 10/07, ekinn 67 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.580.000 TILBOÐSVERÐ 1.990.000. Rnr.150999.

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ
Við höfum langa reynslu í bílsætaviðgerðum.
Fljót og góð þjónusta.
Sjá video www.hsbolstrun.is
Formbólstun Hamraborg 5,
Kópavogi. (Hamrabrekkumegin)
s: 5445750.

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

bíland

- NOTAÐIR BÍLAR -
www.bilaland.is



NISSAN Patrol LE. Nýskr. 01/08, ekinn 72 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000 TILBOÐSVERÐ 4.280.000. Rnr.200803.



HYUNDAI Tucson 4x4. Nýskr. 10/08, ekinn 115 þ.km, bensín, 5 girar. Verð 2.290.000 TILBOÐSVERÐ 1.780.000. Rnr.120015.



MAZDA Tribute 4WD. Nýskr. 07/05, ekinn 82 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.050.000 TILBOÐSVERÐ 1.290.000. Rnr.101930.



PEUGEOT 407SR. Nýskr. 11/05, ekinn 98 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000 TILBOÐSVERÐ 890.000. 100% VISA/EURO lán mögulegt Rnr.151601.



RENAULT Megane Sport Tourer. Nýskr. 02/06, ekinn 149 þ.km, bensín, 5 girar. Verð 990.000 TILBOÐSVERÐ 790.000. 100% VISA/ EURO lán mögulegt Rnr.151583.



SUBARU Legacy Sport Sedan. Nýskr. 10/07, ekinn 67 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.580.000 TILBOÐSVERÐ 1.990.000. Rnr.150999.



HYUNDAI Sonata GLS. Nýskr. 11/07, ekinn 83 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.880.000 TILBOÐSVERÐ 1.390.000. Rnr.270106.

Breiðhöfða og Kletthálsi 11
525 8000
www.bilaland.is

Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diskur og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

VW - SKODA - VARAHLUTIR

Eigum varahlutir í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurriffs og uppperðar. Bílabúð, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opíð 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

SMÁPARTAR.IS

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. '97 til '02, Skoda Octavia árg. '00 til '07, Honda CR-V árg. '05.W Polo '07 Passat '01. Suzuki Baleno árg. '00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Viðgerðir

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

AB - PÚST

Almennar pústviðgerðir og sérsníði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S. 555 6020.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

FAGLÆRÐIR PÍPARAR
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningaráhjonusta Þvegillinn 5 44 44 46
Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Gardyrkja

GARÐLIST ALHÍDA GARDÞJÓNUSTA
554 1989 • www.gardlist.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

Tek að mér alla málningavinnu, tilboð eða tímavinnu. Björn Axelsson, löggiltur málarameistari. S. 896 4824 eða malarameistarar@simnet.is

MÁLARAMEISTARI

Tek að mér alla almenna málningavinnu f. húsfélag, einstaklinga og fyrirtækja. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

SMÍÐAR

GS Verktakar óska eftir verkefnum, stórum sem smáum. Hagstætt verð, mikil reynsla og gott orðspor. Uppl. í s. 864 4789.

Laga ryðbletti á þökum, hreinsa þakrennur. Tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• mürviðgerðir • þakviðgerðir
• málningavinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flisalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Tölvur

ÓDÝRAR TÖLVUVIÐGERÐIR
start
TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA
Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSID
Spámiðill Tarot lestur og kristalkala
Vn 566 7311
Tímarpantanir í síma 869 4650

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

KEYPT & SELT

Til sölu

ÖRYGGISSKÁPAR
SecureLine
Öryggiskápar fyrir heimil og fyrirtæki
OPTIMA
Vinlandsleið 6-8 - S: 588 9000
www.optima.is

Öryggis- og peningaskápar 25% afsláttur á meðan birgðir endast.

Gistigámar Geymslugámar Salernisgámar
Til sölu og leigu. Hafðu samband!
Margar stærðir.
Stólpi Gámar ehf
Klettagarðum 5 | Sími 568 0100

ditto.is
FRAMLENGJUM ÚTSÖLUNA TIL 4. FEB

Allir saltkristalslampar nú á 20% afslætti. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opíð mán-fös: kl 12-18, lau: kl 12-15. Sími 517-8060. www.ditto.is

myranaut
Ungnautakjöt beint frá býli. Hakk, gúllas og steikur. 1850.-kr/kg www.myranaut.is s. 8687204.

POTTLOK
Saumum yfir heita potta úr sterkum pvc dúk, sem þólar mikin þunga. Mjög létt að opna og rúlla segli upp.
Formbólstrun Hamraborg 5, Kópavogi. (Hamrabrekkumegin) www.hsbolstrun.is s: 5445750.

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.
Vandaðir þýskir öryggisskór á fínu verði. Uppl. Baldur í 848-6972 eða á baldur@groinn.is Facebook-gróinn ehf

ÓDÝR HEIMILSTÆKI
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. S. 845 5976.

ÓSKAST KEYPT
KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjalddeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

KAUPUM GULL
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is

STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPI GULL !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgripa. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Vélar og verkfæri

Laser mælitæki í úrvali.
ÍSMAR
Síðumúla 28 - s:5105100
www.ismar.is

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA
SJÁ NÁNAR Á WWW.VIDUR.IS
Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðaróll. Indus ehf, Öseyrarbraut 2. Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Heilsuvörur
TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.
Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskrysla.is
Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Fæðubótarefni
Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd
NUDD OG HEILSA
FÓTAÁÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppageining og hreinsun. Opíð frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Viltu gott nudd í huggulegu umhverfi. Parftu að ná úr þér þreytu, vöðvabólgu, eymslum í mjóðnum eða streytu. Einnig með sána, húðburstun og olíumeðferð. Þá er Jera nuddstofan fyrir þig. S: 659 9277.

Þjónusta
Nýtt 6.vikna byrjendanámskeið hefst 4.febrúar MFM miðstöðin Sími: 568 3868 www.matarfkn.is

Áfallameðferð, hjónameðferð, umbreyttu erfðu barni - hjartanærandi uppeldi. Einstaklingsmeðferð. S. 615 2161 Gréta Jónsdóttir

Ökukennsla
Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Evar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

GEYMSLULAUSNIR.IS
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sér geymslu frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhúð, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

Húsnæði í boði

GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW.LEIGUHERBERGI.IS
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20.
www.leiguherbergi.is

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Uppl. s. 773 0317.

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 4 herb. íbúð í grh á annari hæð með lyftu. Mikið útsýni, leikvöllur og bílageymsla. 170 þús. á mán. ásamt 1 mán trygging. S : 696 5057 og 572 3473.

Reglusamur meðleigjandi óskast í þriggja herbergja íbúð í smáíbúðarhverfinu 108.Internet, Stöð2 og fjólvarp innifalið. Leiga 80 þús á mánuði. Ath. leiga laus frá næstu mánaðarmótum.Uppl. í s. 897 5012

Atvinnuhúsnæði

HLJÓMSVEITARHÚSNÆÐI
Hljómsveitarhúsnæði til leigu á góðum stað. Uppl. í S: 821 0210

Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRID UM KRING
STADSETNING
FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin í 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 1038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

Tilkynningar

Auglýsing um skipulag - Vopnafjarðarhreppur
Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi athafna- og urðunarsvæði á Búðaröxl – Vopnafirði skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagssлага nr. 123/2010.
Skipulagssvæðið er um 46 ha að stærð og nær til urðunarsvæðis og skilgreindra athafnalóða. Á urðunarsvæðinu er gert ráð fyrir að urða allt að 1.000 tonn á ári og er framkvæmdin umhverfismatskyld skv. 12 tl. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Tillagan fellur einnig undir lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.
Tillöguuppdættir ásamt greinargerð með umhverfisskýrslu verða til sýnis á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15, Vopnafirði frá 30. janúar til 14. mars 2013 svo að þeir sem þessa óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps: www.vopnafjorður.is.
Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 fimmtudaginn 14. mars 2013 og skal athugasemdum skilað skriflega til Þorsteins Steinssonar, sveitarstjóra, Hamrahlíð 15, Vopnafirði eða með tölvupósti (steini@vopnafjarðarhreppur.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkuð.
30. janúar 2013
Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sér geymslu frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhúð, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

ATVINNA

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Atvinna í boði

Rizzo Pizzeria

RIZZO PIZZERIA
Vantar Pizzu bakara, bílstjóra og fólk í afgreiðslu. Hlutastarf. Skilyrði að viðkomandi tali íslensku. Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um.
Umsókn/fyrirspurn með upplýsingum um viðkomandi, reynslu og fyrri störf sendist á rizzo@rizzo.is

JÁRNABINDINGAR

Vantar vanan mann. Járngrímur s. 863 6208 oli@simnet.is

Atvinna óskast

VANTAR PIG SMÍÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafð störf nú þegar.
Starfsmannáþjónustan S.661 7000.

Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heltar kynslóður
905-2002 • 535-9930
Símadómur • live spjall
908-6000 • 535-9999

MERKISATBURÐIR

- 1933** Adolf Hitler er settur í embætti kanslara Pýskalands.
- 1969** Bítlnir spila opinberlega í síðasta sinn.
- 1971** Frost mælist 19,7 gráður í Reykjavík sem var það kaldasta síðan 1918.
- 1974** G. Gordon Liddy er dæmdur sekur í Watergate-málinu.
- 1981** Sjöunda hrina Kröfluelda hefst með gosi í Éthólaborgum í Gjástykki. Gosið stóð í fimm daga.
- 2003** Giftingar samkynhneigðra eru lögleiddar í Belgíu.
- 2005** Fyrstu frjálsu þingkosningarnar frá árinu 1958 eru haldnar í Írak.
- 2006** Snjór fellur í Lissabon í fyrsta skipti í 52 ár.



HINIR TILNEFNDU Fimm manna Viðurkenningaráð valdi þær tíu bækur sem sköruðu fram úr að þess mati. Tilkynt verður um hver hreppir hnosið í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hagþenkir tilnefnir tíu fræðirit til verðlauna

Tilkynt verður um sigurvegara við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhöðunni í mars.

Hagþenkir – félag höfundarfræðirita og kennslugagna tilkynnti í gær hvaða tíu rit væru tilnefnd til viðurkenningar félagsins í ár. Hagþenkir hefur frá árinu 1986 veitt viðurkenningu fyrir fræðirit, námmsgögn eða aðra miðlun fræðilegs efnis til almennings. Höfundar tíu framúrskarandi rita eru tilnefndir árlega til Viðurkenningar Hagþenkis og fá höfundarnir skjal með ályktunarorðum. Viðurkenning Hagþenkis telst til virtustu og veglegustu verðlauna sem fræðimönnum og höfundum fræðilegra rita fyrir skóla og almenning getur hlotnast. Verðlaunaupphæðin er ein milljón króna.

Viðurkenningaráð Hagþenkis velur bækurnar tíu sem tilnefndar eru og að lokum sigurvegarann. Ráðið skipa fimm félagsmenn Hagþenkis af ólíkum náttúrufræðingum og formaður ráðsins, Auður Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur, Birgir Hermannsson stjórn málafræðingur, Fanney Þórsdóttir, lektor í sálfræðideild HÍ, og Haraldur Ólafsson mannfræðingur.

Í byrjun mars verður tilkynt hver hlýtur Viðurkenningu Hagþenkis 2012 við hátíðlega athöfn í Þjóðarbók-

Höfundarfræðingur og bækur eru tilnefndar til Viðurkenningar Hagþenkis 2012

Árni Kristjánsson

Inna augað. Sálfræði hugar, heila og skynjunar. Háskólaútgáfan.

Ásta Bergljót Stefánsdóttir og Guðrún Pétursdóttir

Andlitsmeðferð og efnafræði snyrtivara. Iðnú bókaútgáfa.

Dr. Gunn

Stuð vors lands. Saga dægtónlistar á Íslandi. Sögur útgáfa.

Gunnar Þór Bjarnason

Upp með fánann. Baráttan um uppkastið 1908 og sjálfstæðisbarátta Íslendinga. Mál og menning.

Gunnar F. Guðmundsson

Pater Jón Sveinsson. Nonni. Bókaútgáfan Opna.

Inga Elsa Bergþórsdóttir og Gísli Egill Hrafnsson

Eldað og bakað í ofninum heima. Góður matur – gott líf. Vaka-Helgafell

Jón Ólafsson

Appelsínur frá Akbasú. Vera Hertzsch, Halldór Laxness og hreinsanirnar miklu. JPV útgáfa.

Sigrún Helgadóttir, Freyðís Kristjánsdóttir og Guðmundur Ó. Ingvarsson

Víkingaöld. Árin 800-1050. Námsgagnastofnun.

Sigurður Reynir Gíslason

Kolefnishringrásin. Hið íslenska bókmenntafélag.

Steinunn Kristjánsdóttir

Sagan af klaustrinu á Skriðu. Sögufélag.

+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓNAS JÓHANNSSON
fyrirv. flugumsjónarmaður,

er látinn. Útför hans verður gerð frá Grafarvogskirkju, miðvikudaginn 6. febrúar, kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið og Hjartaheill.



Guðmunda M. Þorleifsdóttir
Þorleifur Jónasson
Matthías Einar Jónasson
Július Jónasson
Heimir Jónasson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ásta H. Bragadóttir
Jóhanna Eyrún Sverrisdóttir
Helga Helgadóttir
Berglind Magnúsdóttir

+

Ástkær eiginmaður minn, bróðir og frændi,

SIGURÐUR ÞÓRÐARSSON
Grandavegi 11,
áður Fossagötu 14, Reykjavík,

lést á Dvalarheimilinu Grund mánudaginn 28. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.



Þóra Gísladóttir
Helga Þórðardóttir
og aðrir vandamenn.

+

Bróðir minn,

NÍELS AXELSSON
Miðstræti 8b, Reykjavík,

fæddur 10. júní 1942, er látinn. Bálför hans hefur farið fram í kyrrþey.

Nanna Bisp Büchert

+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

PORVALDUR JÓNSSON
fyrirverandi umdæmisfulltrúi
Pósts og síma á Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 24. janúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 1. febrúar kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir eða björgunarsveitir Landsbjargar.



Rósa María Sigurðardóttir
Guðbjörg Þorvaldsdóttir
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir
Guðrún Ýr Sigbjörnsdóttir
Þorvaldur Maken Sigbjörnsson
Rósa María Sigbjörnsdóttir
og langafabörnin.

Hallgrímur Jónasson
Stefán Geir Árnason
Magnús Jónsson
Katrín Jónsdóttir

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

PETREA GUÐNÝ PÁLSDÓTTIR
Grundargötu 16,
Grundarfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, þann 26. janúar. Hún verður jarðsungin frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 2. febrúar kl. 14.00.



Steinbjörg Elíasdóttir
Petrína Guðný Elíasdóttir
Margrét Elíasdóttir
Elin Katla Elíasdóttir
Finnbogi Elíasson
Kjartan Elíasson
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

Árni Eiríksson
Ólafur Ægir Jónsson
Porkell Pétur Ólafsson
Steinar Helgason
Sigurlaug Björnsdóttir
Svanhvít Guðmundsdóttir
langalangömmubörn.

PETTA GERÐIST: 31. JANÚAR 1988

Listasafn Íslands tekið í notkun

Listasafn Íslands var opnað í gamla ís-húsinu, á Friðkirkjuvegi 7, þennan dag árið 1988.

Húsið var hannað af Guðjóni Samúelsyni árið 1916 fyrir fyrirtækið Herðubreið. Síðar hýsti það Framsóknarhúsið og frá árinu 1961 Glaumbæ sem brann 1971. Eftir það fékk listasafnið það í sínar hendur en það þurfti þó algerrar endurnýjunar við og flutti safnið ekki inn í húsið fyrr en 1988.

Safnið er í eigu íslenska ríkisins en það var stofnað í Kaupmannahöfn árið 1884 af Birni Bjarnasyni. Árið 1916 var

listasafnið gert að deild í Þjóðminjasafni Íslands. Safnkosturinn var þá geymdur víðs vegar og lánaður til opinberra stofnana og skóla um allt land.

Árið 1950 var fyrsti forstöðumaður safnsins, Selma Jónsdóttir, ráðinn og því fenginn staður á efstu hæð nýja hússins sem hafði verið reist yfir Þjóðminjasafnið við Suðurgötu. Þá var safnkosturinn endurheimtur alls staðar að og fékkst að mestu leyti til baka.

Með nýjum lögum 1961 varð safnið svo sjálfstæð stofnun sem heyrir beint undir menntamálaráðuneytið.



+

Ástkær móðir, tengdamóðir og amma,

RAGNHILDUR ÁRNADÓTTIR
Vesturgötu 17a, Reykjavík,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi mánudaginn 14. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey frá Fossvogskirkju.



Árni Eðvaldsson
Ásgeir Halldórsson
barnabörn
Vilma Ýr Árnadóttir
Ísar Mar Árnason

Inger Maria Erlingsdóttir

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda hlýju og samúð vegna andláts og útfarar okkar ástkæra,

JÓHANNES HEIÐARS GUÐJÓNSSONAR
Skarðshlíð 36d, Akureyri.

Öllum sem önnuðust Jóhann færum við einlæggar þakkir.



Elsa Hlín Axelsdóttir
Guðjón Páll Jóhannsson
Björk Jóhannsdóttir
barnabörn og systkini hins látna.

Valborg Inga Guðjónsdóttir
Steinþór Guðmundsson

Sértilboð á Stöðinni



Stöðvarlangloka
og 0,5l gos frá
Ölgerðinni

699 kr.

(fullt verð 948 kr.)

Kaffidrykkir að
eigin vali með
Orkulyklinum

299 kr.

(fullt verð allt að 429 kr.)

Latte
Espresso
Cappuchino
Macciato
Swiss Mocca
og fl.



Kjúklingasalat með
mangó-dressingu
og fræblöndu

699 kr.



KROSSGÁTA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. viðlag, 6. stefna, 8. hár, 9. óhreinindi, 11. lést, 12. kæra, 14. húrra, 16. forfaðir, 17. sérstaklega, 18. stykki, 20. fíngerð líkamshár, 21. tif.

LÓÐRÉTT

1. grjótfylling, 3. í röð, 4. kabyssa, 5. skordýr, 7. agn, 10. meiðsli, 13. eldsneyti, 15. ókyrrð, 16. kærleikur, 19. tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. stef, 6. út, 8. ull, 9. kám, 11. dó, 12. klaga, 14. bravó, 16. ái, 17. sér, 18. stk, 20. íð, 21. tíkk.
LÓÐRÉTT: 1. púkk, 3. tu, 4. eldavel, 5. fíð, 7. tálbít, 10. mar, 13. gas, 15. órói, 16. ást, 19. kk.



Iceland Business Forum kynnr:

Heildags námskeið með föður nútíma markaðsfræði

Philip Kotler

Marketing 3.0

Values Driven Marketing

Arðsemi Ávöxtun Sjálfbærni

Markaðssetning fyrir stærri og smærri fyrirtæki

Tilboð í forsölu 69.900.-

Fullt verð 99.900.-

Gildir til og með 31. janúar 2013

Takmarkað magn miða í boði

Nánari upplýsingar og forsala er á miði.is og ibf.is

Í Háskólabíói – 24. apríl 2013

EXPO - WWW.EXPO.IS

Philip Kotler er í boði:



Já, nei – Eyrbyggja

BAKPANKAR
Svavars
Hávarðssonar

Ég er nýkominn heim úr ferðalagi. Ég sat ráðstefnu um norðurslóðamáli í Tromsø í Noregi. Þar var glímt við stórar spurningar tengdar stjórnmálum, nýtingu náttúruauðlinda og umhverfismálum. Spurningar um óljósa framtíð.

TIL Noregs voru komnir á annað hundrað blaðamenn fjölmargra landa. Þetta var litríkur hópur sem ég kynntist lítilllega, en helst þegar dagskrá ráðstefnunnar var lokið og menn settust niður yfir góðri máltíð og björglasi. „Nú, ertu frá Íslandi. Erud þú búin að jafna ykkur eftir hrúnið?“, var nær undantekningarlaust næsta spurning eftir að ég hafði verið spurður um nafn og þjóð-erni. Svar mitt var alltaf það sama: „Nei.“ Þriðja spurningin fór svo yfirleitt eftir þjóðerninu og markaðist af fjarlægðinni frá Íslandsströndum. Þeir sem höfðu komið lengst að spurðu hvort við hefðum heilbrigðisþjónustu. Ég játti því. Vegi? Svárið var já. Veitingahús? Aftur var svarið já. Blaðamenn nágrannalöndanna vissu meira og spurðu hvað viðreisnin myndi taka langan tíma. Ég gat ekki gefið afdráttarlaust svar og sagði að það

væri svo margt enn óljóst. Þá var spurt um Icesave. Ég sagði þeim að ég gæti sagt þeim meira á mánudaginn, þá félli mikilvægur dómur. En það vakti athygli mína að þeir sömu og höfðu spurt um vegi og veitingahús litu upp úr eftirréttinum og sögðu upphátt. „Yes, Icesave!“ Var gaman að sitja undir þessu? Já og nei. Var brjóst mitt þanið af stolti? Nei.

STUTTU eftir heimkomuna bárust svo þessi miklu gleðitíðindi; Icesave úr sögunni, eða þannig. Ég fylltist bjartsýni eitt augnablik, en þá upphófst skakið. Sagðir þú já eða nei? Já, hugsaði ég, og hugsaði um jáin mín tvö. Í smá stund fannst mér ég ekki eiga neinn rétt á því að gleðjast en hugsaði að nú gæti ég gefið svar við spurningunni um hvað viðreisnin myndi taka langan tíma. Hún mun taka langan tíma, hefði svar mitt verið.

EFTIR síðustu viku stendur þó tvennt upp úr. Ég þurfti að borga á þriðja þúsund krónur fyrir eitt glas af Ringnes-öli á flugvelli í Noregi. Þar er verdugt úrlausnarefni okkar fyrir komandi ár, og krefst samstöðu. Hitt er að blaðamaður breska stórbladsins The Economist bað mig um aðstoð við að bera fram titil bókarinnar sem hann var að lesa. Eyrbyggja saga, svaraði ég. Hann hváði og ég endurtók – og svo aftur. „Stórkostlegt,“ sagði þessi roskni Breti og brosti við mér. Hann spurði mig ekkert um Icesave.



MYNDASÖGUR

PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



HANDAN VIÐ HORNID

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ÚTSALA

ALLT AÐ 55% AFSLÁTTUR

JABRA HANDFRJÁLS BÚNAÐUR MEÐ 30-40% AFSLÆTTI

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

TOSHIBA 46WL865...
46" LED

TOSHIBA

FULLT VERÐ 229.990

TILBOÐ 169.990

AFSL. 60.000

FINLUX 47FLSY985LHC
47" LED

FINLUX

FULLT VERÐ 249.990

TILBOÐ 199.990

AFSL. 50.000

FINLUX 47FLSY910LHC
47" LCD

FINLUX

FULLT VERÐ 159.990

TILBOÐ 129.990

AFSL. 30.000

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

THOMSON 32FU5253W
32" LED

THOMSON

FULLT VERÐ 99.990

TILBOÐ 79.990

AFSL. 20.000

PANASONIC TXP50X50
50" Plasma

PANASONIC

FULLT VERÐ 179.990

TILBOÐ 139.990

AFSL. 40.000

FINLUX 42FLSY930LHC
42" LED

FINLUX

FULLT VERÐ 149.990

TILBOÐ 129.990

AFSL. 20.000

JBL hátalarar með allt að 70.000 kr. afslætti

Panasonic tökuvélar með allt að 36% afslætti

Vöggur fyrir iPad/iPhone/iPod/Android með miklum afslætti

Tasco sjónaukar með allt að 30% afslætti

KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED
INTENSO JBL harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox.

OPIÐ LAUGARDAG 11 -16 SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MIÐVIKUDAGUR 30. JANÚAR 2013

Fundur

20.00 Framsóknarfélag Reykjavíkur boðar til fundar um afnám verðtryggingar á Grand Hótel. Flutt verða framsöguerindi og boðið upp á opnar umræður og spurningar að þeim loknum. Allir velkomnir.

20.00 Fyrsti fundurinn í fræðslufundaröð Félags heimspekikennara verður haldinn í Verzlunarskóla Íslands. Páll Skúlason flytur þá erindi undir yfirskriftinni Hvað er heimspekikennsla. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Kvikmyndir

16.30 Konfúsusarstofnunin Norðurljós sýnir Villta Kína I, 1. hluta af 6, þáttaröð BBC um ýmis landsvæði Kína. Myndin er sýnd í stofu 132 í Öskju, Háskóla Íslands. Enskt tal og aðgangur ókeypis.

Bókmenntir

20.00 Bókakaffi verður haldið í Menningararmiðstöðinni Gerðubergi í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur. Jón Björnsson fer með umsjón kaffisins þar sem kynntar verða áhugaverðar bókmenntir og rætt um þær á óformlegan hátt.

Dans

14.00 Síðdegisdans verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Matthildur og Jón Freyr.

Tónlist

12.00 Grímur Helgason klarínettuleikari og Hrönn Práinsdóttir píanóleikari spila á fyrstu tónleikum ársins á tónleikaröðinni Líttu inn í Salnum, Kópavogi. Miðaverð er kr. 1.000.

21.00 Hljómsveitin Robert the Roommate heldur tónleika á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

Á dimmum nótum

Hin árlega tónlistarhátíð Myrkir músíkdagar hefst á morgun og stendur fram á sunnudag. Hátíðin hefur verið einn mikilvægasti vettvangur framsækinnar nútímatónlistar hér á landi allt frá stofnun árið 1980.

„Við verðum vör við aukinn áhuga á hverju ári; bæði frá tónskáldum, flytjendum, almennungi og erlendum tónlistarhátíðum,“ segir Pétur Jónasson, framkvæmdastjóri Myrkra músíkdaga, sem hefjast á morgun og standa fram á mánudag. Hátíðin er helsti vettvangur framsækinnar nútímatónlistar á Íslandi, þar sem frumsköpun og tilraunastarfsemi eru í aðalhlutverki. Algengt er að verk séu frumflutt á hátíðinni og segir Pétur að slík verk séu óvenjumörg í ár, eða um sjötíu prósent af efnisskránni.

Á dagskránni í ár kennir ýmissa grasa. Boðið verður upp á sinfóníutónleika, sinfóníettónleika, kammertónleika, kór-tónleika, raftónleika, einleikstónleika og tónleika með börnum. Meðal flytjenda eru nokkrar af helstu hljómsveitum, kammerhópum og einleikurum þjóðarinnar, þar á meðal Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þá mun kínversk samtímatónlist hljóma á sérstökum tónleikum. Fyrirlestrar og námskeið verða haldin í samstarfi við Listaháskóla Íslands og ber hæst heimsókn prófessora og nemenda Brandon-háskólans í Kanada sem auk þess munu koma fram á tvennum tónleikum á hátíðinni sjálfri í Hörpu.

Pétur segir af nógu að taka fyrir tónlistarunnendur og bendir meðal annars á opunar-tónleikana sem haldnir verða í

húsakynnum RÚV í Efstaleiti og sendir út í beinni útsendingu.

„Þar verða frumflutt nokkur ný sönglög eftir Atla Heimi Sveinsson. „Slíkur viðburður sætir auðvitað tíðindum enda erum við með landslið tónlistarfólks sem sér um flutninginn.“

Pétur segir hátíðina ekki skipulagða með neitt sérstakt þema í huga.

„Við bregðumst fyrst og fremst við óskum frá tónskáldum og flytjendum, sem eru alltaf ótrúlega spennir fyrir þessari hátíð. Við fáum líka sífellt fleiri fyrirspurnir frá erlendum tónskáldum og flytjendum sem vilja taka þátt í hátíðinni, eins og sést á dagskránni í ár.“

Þá segir Pétur að almenn aðsókn á hátíðina sé meiri en gengur og gerist á sambærilegum hátíðum í nágrannalöndum.

„Það þykir mjög óvenjulegt að í svona fámennu landi sé leikið fyrir nánast fullum sal á hátíð sem þessari. Erlendir gestir standa í forundran yfir þessu og ekki að ástæðulausu. Ég er nýkominn af norrænum tónlistardögum í Stokkhólmi og þar léku hljómsveitir fyrir nokkrar hræður í hálfstómum sölum.“

Pétur grunar að ástæðuna megi rekja til tónsmíðadeildar Listaháskóla Íslands. „Þaðan hafa verið að útskrifast fjölmargir ungir og flottir músíkantar



PÉTUR JÓNASSON Segir erlenda gesti jafnan verða hissa þegar þeir sjá hversu góð aðsókn er á Myrkra músíkdaga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

með breiða menntun, til dæmis Högni Egilsson í Hjaltalín, sem er poppstjarna og fæst líka við tónsmíðar, og Hafdís Bjarnadóttir, sem er djassgítarleikari en hefur látið rækilega að sér

kveða sem tónskáld. Þetta leggst allt á eitt.“

Nánari upplýsingar um dagskrá Myrkra músíkdaga má finna á heimasíðu hátíðarinnar, www.myrkir.is. bergsteinn@frettabladid.is

Bullukollar, barnaskapur og brjálaðir vísindamenn

BÆKUR ★★★★★

Kamilla vindmylla og bullorðna fólkið

Hilmar Örn Óskarsson. Erla María Árnadóttir myndskreytti.

BÓKABEITAN

Hvað er til ráða þegar pabbar fara að ganga í rósóttum skyrtum, spila líftgítar í gríð og erg og segja grúví í öðru hverju orði? Eða þegar líf-fræðikennarar taka upp á því að kalla frumur fiðlur og segja nemendum sínum að byggingareiningar fiðla kallist umfrymi, rigning og María Kvaran? Hvað er til ráða þegar hinir fullorönu verða bullorðnir?

Kamilla Vindmylla og bullorðna fólkið eftir Hilmar Örn Óskarsson er með skemmtilegri barnabókum sem ég hef lesið undanfarna mánuði. Með þessari bók stígur Hilmar Örn sín fyrstu skref á ritvellinum. Bókin segir frá skelfilegri plágu sem geisar um landið en fullorðna fólkið virðist hafa smitast af bullsjúkdómi og hegðar sér eins og börn. Björgun íslensks samfélags er í höndum barnanna sem þurfa að komast að því hvað það er eiginlega sem herjar á foreldra þeirra.

Hin ellefu ára Kamilla Vindmylla hóar saman hóp skólafélaga og með aðstoð Felix, ungsnillings, komast þau að því að í útjaðri borgarinnar býr brjálaður vísindamaður að nafni Elías Emil. Hann hefur byggt mikið dómsdagstól sem sendir út geisla á hverri nóttu og breytir þankagangi hinna fullorönu. Kamilla, Felix og félagar leggja af stað í mikla svadilför til bækiðöva brjálaða vísindamannsins til að koma í veg fyrir ógurleg áform hans.

Ég frussaði af hlátri við lestur bókarinnar, nú illilega að á blaðsíðu 47 er nú risastór kaffiblettur. Hann varð til þegar ég las um nágrannakonun Kamillu sem raðar litríkum leikfangahestum ofan í



vatnspoll, sáldrar sóleyjarblöðum yfir og syngur lofsöng með skærri óperurödd. „Töfralaugin ykkar er tilbúin, litlu folar“. Við hlið hennar malar gaur úr nágrenninu bílinn sinn svartan, með fjólubláum eldingum. „Minns var bara að gera geimskipið sitt klárt til flugtaks“ tilkynnir hann strákabyrpingu sem fylgist með, og býður þeim að fljúga með sér til plánetunnar Úriel.

Bókin er vel skrifuð, eilítið absúrd, og bráðfyndin. Sögubráður hennar er kannski ekki flókin en sagan líður vel áfram. Ekki er djúpt kafað ofan í sálarlíf söguhetjanna en þær eru skemmtilegar og vinna vel saman. Orðaleikirnir sem verða til þegar fullorðna fólkið byrjar að bulla vekja börn til umhugsunar um eðli tungumálsins og merkingu orðanna. Uppsetning texta er til fyrirmyndar og leturgerð sérlega auðlæsileg. Bókin er fallega myndskreytt af Erlu Maríu Árnadóttur en teikningar hennar eru líflegar og nýmóðins. Þær bæta kannski ekki neinu sérstöku við söguna en þær styðja ágætlega við hana.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir

NIÐURSTAÐA: Stórskemmtileg og bráðfyndin bók ætluð lesendum 10-14 ára.

NÝTT

Senseo®

MEIRI FYLLING & MEIRI munadur

UPPGÖTVAÐU NÝJAN BRAGÐHEIM SENSEO

Kaffipúðarnir passa í venjulegan skeiðar Senseo vélanna

„Kaffipúðarnir passa í allar tvöfaldir skeiðar sem fylgja með Senseo vélum“

Nú er Tímaflakk orðið að veruleika í Sjónvarpi Símans





Ekki örvænta þótt þú missir af uppáhaldspættinum þínum. Við breyttum fjarstýringunni nefnilega í tímavél svo að þú getir valið dagskrárliði á völdum stöðvum allt að sólarhring aftur í tímann.

Komdu í næstu verslun okkar og fáðu þér Sjónvarp Símans fyrir aðeins 1.490 kr. á mánuði.

Nánar á siminn.is

Sjónvarp Símans

Þú getur farið til baka í sjónvarpsdagskránni

1. Veldu stöð 
2. Ýttu á 
3. Veldu dagskrárlið 
4. Flakkaðu aftur í tímann! 

Söngvari sveitarinnar var handtekinn

Þrír hafa verið handteknir vegna mannskæðs eldsvoða á næturklúbbsi í Brasilíu á sunnudagsnótt.

Þrír hafa verið handteknir vegna eldsvoðans á næturklúbbsnum Kiss í háskólaborginni Santa Maria syðst í Brasilíu í fyrrinótt. Í það minnsta 233 fórust í eldsvoðanum. Hinir handteknir eru einn af eigendum staðarins, yfirmaður öryggismála á staðnum og söngvari hljómsveitarinnar Gurizada Fandangueira, en eldurinn kviknaði út frá blysum og flugeldum sem liðsmenn hljómsveitarinnar kveiktu í uppi á sviði.

Leit stendur nú yfir að öðrum eiganda staðarins. Samkvæmt þarlandum fréttum mun öryggisvottorð næturklúbbsins hafa runnið út á síðasta ári. Þá er talið að um tvö þúsund manns hafi verið á staðnum, sem hefur einungis leyfi fyrir eitt þúsund gesti, aðfaranótt sunnudags þegar hörmungarnar átti sér stað. Verið var að fagna ingöngu nýnema í háskólann UFSM og kviknaði í eftir að Gurizada Fandangueira hafði leikið fimm lög.

Flestir hinna látnu voru á aldr-



HÖRMUNGARTALIÐ er að í það minnsta 233 hafi farist í eldsvoðanum á skemmtistaðnum Kiss. NORDICPHOTOS/AFP

inum sextán ára til tvítugs. Fimm meðlimir Gurizada Fandangueira komust undan eldinum en harmóníkuleikari sveitarinnar, Danilo Jacques, lést.

Sameinaðir sprengdu þeir

BÍÓ ★★★★★

Hvellur

Leikstjórn: Grímur Hákonarson
Árið 1970 tóku bændur í Mývatns-sveit sig saman og sprengdu upp stíflu í Laxá sem ógnaði lífríki á svæðinu. 113 lýstu verkinu á hendur sér, og í dag er talað um atburðinn sem eins konar upphafspunktur í sögu náttúruverndar á Íslandi.

Heimildarmyndin Hvellur segir þessa mögnuðu sögu frá hlið bændanna, en samstaða þeirra, auk innherjaupplýsinga frá skæruliðahreyfingum í Suður-Ameríku, varð til þess að erfitt var að draga einhvern til ábyrgðar. Nú er nægilega langt liðið frá atburðinum til þess að sekir og meðsekir geti sagt söguna með glott á vörum. Enda er margt við þessa sögu bráðfyndið.

Ekki er neitt sérlega mikið til af myndefni frá þessari deilu, en harðmæltir og frásagnarglaðir viðmælendur brúa það bil í nýlegum viðtölum. Flestir voru þeir viðstaddir sprenginguna, eða eru að öðru leyti tengdir atburðarásinni. Eins og ávallt þegar hlustað er á góða sögumenn fer áhorfandinn að myndskreyta frásagnirnar



HVELLUR „Leikstjórnin Grímur þakkar efninu smekklega inn og skreytir sögurnar með landslagsmyndum frá svæðinu og því fréttafni sem til er.“

í huganum, svo eftir stendur mun meira „myndefni“ en í raun og veru er í myndinni.

Leikstjórnin Grímur þakkar efninu smekklega inn og skreytir sögurnar með landslagsmyndum frá svæðinu og því fréttafni sem til er. Þetta gerir hann afar vel en hann er fyrir löngu orðinn einn af okkar allra fremstu heimildarmyndagerðarmönnum.

Falleg tónlist Valgeirs Sigurðssonar stingur þó eilítið í stúf, og passar á köflum illa við gláðhlakkalegt myndefnið. Það er dramatík í sögunni um stíflu-sprengjuna, en kannski ekki alveg svona mikil. Haukur Viðar Alfreðsson

NIÐURSTADA: Prælskemmtileg og fróðleg mynd um stórmerkilegan atburð.

Páll Óskar frumsýnir

Í dag verður stuttmyndin Fáðu já frumsýnd samtímis í öllum grunn- og framhaldsskólum hér á landi. Um stuttmynd er að ræða þar sem fjallað er um mörkin milli ofbeldis og kynlífs en leikstjóri er Páll Óskar Hjálmtýsson.

Ætluin með myndinni er að brjóta ranghugmyndir á bak aftur og vega upp á móti áhrifum klámvæðingarinnar. Auk þess að leikstjóra myndinni sá Páll Óskar um handritagerð ásamt þeim Brynhildi Björnsdóttur og Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur.

Verkefnið er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, innanríkisráðuneytinu og velferðarráðuneytinu í vitundarvakningu um kynferðisofbeldi gagnvart börnum og unglingum.



STUTTMYND Páll Óskar Hjálmtýsson frumsýnir í dag tuttugu mínútna forvarnarmynd sem fjallar um mörkin milli ofbeldis og kynlífs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Flytja Dark Side of the Moon

Dúndurfréttir flytja Dark Side of the Moon á tvennum tónleikum í apríl.

Hljómsveitin Dúndurfréttir ætlar að flytja eitt helsta meistaraverk rokksögunnar, Dark Side of the Moon með Pink Floyd, í heild sinni á tvennum tónleikum í apríl. Til efnið er fjórutíu ára afmæli plötunnar.

Fyrri tónleikarnir verða í Eldborgarsal Hörpu 20. apríl og hinir síðari í Hofi á Akureyri 24. apríl. Dark Side of the Moon er vinsælasta plata heims og hefur selst í yfir fimmtíu milljónum eintaka. Engu verður til sparað til að gera þessa tónleika sem glæsilegasta, enda var Pink Floyd þekkt fyrir mikið sjónarspil á sínum tónleikum. Meðal annars verður fjöldi aðstoðarmanna Dúndurfréttamönnum til halds og trausts á tón-



DÚNDURFRÉTTIR Hljómsveitin flytur plötuna Dark Side of the Moon í heild sinni á tvennum tónleikum í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

leikum. Hljómsveitin hefur áður flutt Dark Side of the Moon í heild sinni og einnig aðra plötu með Pink

Floyd, The Wall, en aldrei í Hörpu. Miðasala hefst þriðjudaginn 12. febrúar kl 12 á Midi.is.

TVÖFALDUR ★★ FYRSTI VINNINGUR


250.000.000
+850.000.000

1100 MILLJÓNIR

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ 1.100.000.000

Tvöfaldur fyrsti vinningur stefnir í 250 milljónir, Ofurpotturinn í 850 milljónir.

Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is



SÖLU LÝKUR KL. 17

VÍKINGA
LOTTO

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 30. JANÚAR 2013

A.	12	14	17	21	41	48
B.	05	16	23	36	37	38
C.	07	09	13	22	34	38
D.	03	06	19	24	25	31
E.	11	19	21	25	38	42
F.	01	25	35	36	39	46
G.	18	19	20	23	28	46
H.	22	27	29	39	40	42

ÚTSALA

Allt að 60% afsláttur

Blomberg þvottavélar frá 79.990
Allt að 20% afsláttur

Candy uppvottavélar frá 69.990
Allt að 36% afsláttur

Mikið úrval af kæliskápum frá Blomberg,
Candy og Severin með allt að 33% afslætti

Ryksuguvélmenni frá 39.990 með allt að 41% afslætti

Ofnar, helluborð og háfar frá Blomberg, Brandt,
Die Dietrich og KitchenAid með allt að 60% afslætti

Fröslur pottar, pönnur og hnífar með 20% afslætti

De'Longhi kaffi- og te-emasjínur með allt að 20% afslætti
De'Longhi kaffi- og te-emasjínur með allt að 20% afslætti

William Bonetti pipar- og saltkvarnir með 25% afslætti

Severin smáttíki kaffivélar, blandarar, brauðvélar,
katlar og fleira á frábærum verðum

Opið virka daga 9-18
og laugardaga 11-15



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



Við höldum uppá gott gengi notaðra Ford bíla. Notaðir Ford sópa að sér viðurkenningum.

Frábær tilboð á notuðum Ford.

Tökum allar tegundir bíla uppí.

Valinn
NOTAÐI BÍLL ÁRSINS 2012
af tímaritinu What Car?



Verð: 1.950.000 kr.

Ford Fiesta Trend (EGH08)
1,4i 96 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 61.000 km.
Verð: 1.950.000 kr.

ÖRUGGASTI JEPPINN
skv. öryggistofnuninni
EuroNCAP



Tilboðsbíll: 4.050.000 kr.

Ford Kuga Trend AWD (EXN28)
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 12/2011. Ek. 34.000 km.
Verð: 4.350.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.



Verð: 3.250.000 kr.

Ford C-MAX Trend (FFV41)
2,0TDCi 115 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 5/2011. Ek. 40.000 km.
Verð: 3.250.000 kr.



Tilboðsbíll: 2.350.000 kr.

Ford Focus Trend Collection (GSZ80)
1,6i 100 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 7/2010. Ek. 61.000 km.
Verð: 2.450.000 kr.
Afsláttur: 100.000 kr.

Valinn
BESTI NOTAÐI
SMÁBÍLLINN af What Car?



Tilboðsbíll: 2.190.000 kr.

Ford Fiesta Trend (LTH34)
1,6TDCi 95 hö dísil beinskiptur
Skrd. 5/2011. Ek. 43.000 km.
Verð: 2.390.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.

Mest seldi bíll
heimsins árið 2012



Verð: 3.350.000 kr.

Ford Focus Trend (NMS57)
1,6TDCi 95 hö dísil beinskiptur
Skrd. 3/2012. Ek. 17.000 km.
Verð: 3.350.000 kr.

Yfir milljón eintök
seld árið 2012



Tilboðsbíll: 3.450.000 kr.

Ford Expedition Limited 4x4 (ME357)
5,4i V8 300 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 7/2007. Ek. 116.000 km.
Verð: 3.780.000 kr.
Afsláttur: 330.000 kr.



Tilboðsbíll: 1.690.000 kr.

Ford Explorer XLT 4x4 (TL260)
4,0i V6 310 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 10/2005. Ek. 93.000 km.
Verð: 1.890.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.

Valinn
BESTI NOTAÐI
FJÖLSKYLDUBÍLLINN
2012 af What Car?



Tilboðsbíll: 3.590.000 kr.

Ford Mondeo Trend (TEH76)
2,0i 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 7/2011. Ek. 40.000 km.
Verð: 3.790.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.



Býður allt að 75% fjármögnun
www.lykill.is

Komdu í dag

Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á
laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík
og Tryggvabraut 5 á Akureyri.



Öruggur staður til að vera á

Kári Kristján fer frá Wetzlar

HANDBOLTI Kári Kristján Kristjánsson mun ekki framlengja samning sinn við þýska úrvalsdeildarfélagið Wetzlar, en hann rennur út í sumar. Félagið tilkynnti í gær að það hefði samið við línumanninn Sebastian Weber til þriggja ára en hann er uppalinn hjá félaginu.

Kári Kristján hefur verið í sigtinu hjá danska liðinu Bjerringbro/Silkeborg að undanförunu, meðal annars er hann lék með íslenska landsliðinu á HM á Spáni. Hann stóð sig vel og var meðal bestu manna Íslands á mótinu.

Kári mun þó klára tímabilið í Þýskalandi en Wetzlar er í niunda sæti deildarinnar þrátt fyrir góða byrjun á tímabilinu í haust. Hann er 28 ára gamall og kom til Wetzlar árið 2010, eftir eitt tímabil í svissnesku deildinni.

- esá



Fjölnir fær 35-38 milljónir vegna sölu Arons til AZ Alkmaar

FÓTBOLTI Aron Jóhannsson skrifaði í gær undir fjögurra og hálfis árs samning við hollenska úrvalsdeildarfélagið AZ Alkmaar. Kaupverðið er óþupgefið en líklegt er að það sé á bilinu 250-300 milljónir, miðað við fréttatflutning í Danmörku.

Aron var seldur frá Fjölni til AGF árið 2010 en þá var samið um að íslenska liðið fengi ákveðinn hluta, tæplega 20 prósent, af söluverði hans yrði hann seldur frá danska félaginu. Kristján Einarsson, formaður knattspyrnudeildar Fjölnis, staðfesti við Fréttablaðið í gær að sú upphæð væri á bilinu 35-38 milljónir

króna. Einar segir að Fjölnismenn séu ánægðir með búbotina en þó fyrst og fremst stoltir af sínum manni.

„Fyrir utan peningumræðuna þá erum við í Fjölni fyrst og fremst rosalega stolt af stráknum. Hann hefur lagt gríðarlega mikið á sig síðan hann fór út og það er fyrst og fremst hann sem býr til þennan pening fyrir okkur,“ sagði Einar.

Aron sagði sjálfur að félag í efstu deild á Spáni og Englandi hefðu haft áhuga, en hann hefði kosið að fara frekar til Hollands. „Mér fannst Holland vera rétta skrefið fyrir mig og AZ fullkomlið félag til að hjálpa mér

til að komast lengra. Það þýðir ekkert að taka of stór skref til að byrja með,“ sagði Aron á Boltanum á X-inu í gær en þess má geta að hann gerði nýjan langtímasamning við AGF í haust, sem jók væntanlega verðgildi hans til muna.

Aron er fæddur í Bandaríkjunum og er með tvöfaldan ríkisborgarétt. Hann hefur spilað með yngri landsliðum Íslands en getur enn gefið kost á sér í bæði íslenska og bandaríska A-landsliðið. „Það á eftir að koma í ljós hvað verður í þeim málum. Það mun skýrast fyrir næstu leiki í undankeppni HM,“ sagði Aron.

- esá



PATREKUR Tekur við þjálfun Hauka í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki staðið við loforð hjá Val

HANDBOLTI Patrekur Jóhannesson var í gær ráðinn þjálfari Hauka og mun hann taka við starfinu í sumar. Hann tók við Val síðastliðið sumar og mun klára tímabilið að Hlíðarenda.

„Ég mun klára mitt starf hjá Val eins og atvinnumaður,“ sagði Patrekur á blaðamannafundi á Ásvöllum í gær. „Þetta truflar mig ekki neitt. Ég hef komið hreint og beint fram við Val frá upphafi,“ bætti hann við en Patrekur tilkynnti forráðamönnum Vals um miðjan desember að hann vildi hætta eftir tímabilið. Þá fóru hjólin að snúast varðandi starfið hjá Haukum. Hann tekur við því af Aroni Kristjánssyni sem mun einbeita sér að landsliðsþjálfarastarfinu frá og með sumrinu.

Patrekur segir að ekki hafi verið staðið við loforð sem voru gefin hjá Val. „Ég lenti í því sama og Júlíus Jónasson [sem hætti hjá Val í desember 2010] – leikmenn fóru rétt fyrir tímabilið og svo var lofað leikmönnum sem komu ekki,“ sagði Patrekur.

Haukar og Valur eiga eftir að mætast minnst einu sinni í viðbót í deildinni en hlutskipti liðanna hafa verið ólík hingað til. Haukar eru langefstir með 23 stig en Valur situr á botni deildarinnar með sjö stig úr tólf leikjum.

- esá

Vona að liðið þrauki með mér

Ólafur Stefánsson var í gær ráðinn þjálfari Vals. Hann tekur við starfinu næsta sumar af Patreki Jóhannessyni, sem mun þá skipta yfir í Hauka. Ólafur er með nýstárlegar hugmyndir fyrir sitt fyrsta þjálfarastarf.

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson var í gær kynntur sem nýr þjálfari Vals. Það var gert í gegnum Skype-samskiptaforritið þar sem Ólafur er staddur í Doha í Katar, þar sem hann spilar með Lakhwiya Sports Club út þennan vetur. Að því loknu leggur hann skóna á hilluna og tekur að sér starf þjálfara í fyrsta sinn með formlegum hætti. Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart að hans fyrsti viðkomustaður á þjálfaraferlinum sé æskufélagið Valur.

„Ég hef verið með þetta í hausnum í nokkurn tíma,“ sagði Ólafur. „Þegar ég svo heyrði að Patti [Patrekur Jóhannesson] væri að hætta þá fór ég að hugsa meira um þetta. Planið var svo sem ekki að fara í þjálfun en ég ákvað að reyna að halda mig við handboltann, sem ég kann eitthvað í.“

Ekki að eltast við titla strax

Ólafur mun hvorki spila með Valsliðinu næsta tímabil né nýta sér tengsl sín á leikmannamarkaðnum í Evrópu. Ólafur ætlar þess í stað að einbeita sér að þeim efnivið sem er til staðar í félaginu og byggja upp til framtíðar.

„Þetta snýst ekki um að vinna titla strax,“ sagði Ólafur en þess má geta að Valur er sem stendur í neðsta sæti N1-deildarinnar. „Ef við föllum lít ég á það sem næði til að búa til enn betri jarðveg. En þá er ég heldur ekkert að fara að banka upp á hjá Patta [þegar ég kem heim],“ sagði hann í léttum dúr.

Ólafur hefur ekki menntað sig í handboltaþjálfarafræðum og talaði um að hann gæti notað þetta tækifæri til að afsanna það sem hann kallaði „tröllatrú Íslendinga á prófgráðum“. Hann viðurkennir samt fúslega reynsluleysi sitt, þó svo að hann hafi skýrar hugmyndir um hvað hann ætli sér að gera.

„Ég hef ekki hugmynd um hvort ég sé góður þjálfari eða ekki. Vals-



Í ANNARRI HEIMSÁLFU Ólafur ræddi við blaðamenn í gegnum Skype í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

arar eru samt tilbúnir að taka þá áhættu að fá mann inn sem hefur aldrei þjálfað áður. En það er ekki tryggt að maður sé góður kennari, þó svo að maður hafi sjálfur verið góður nemandi. En ég er viljugur að læra og vona að liðið þrauki með mér í allri þeirri vitleysu sem ég á eftir að bomba á þá. Þetta verður eintómt „experiment“,“ sagði landsliðsfyrirliðinn fyrrverandi.

Vona að leikmenn skemmti sér

„Ég veit alveg hvað ég er að fara að gera. Ég vona bara að leikmenn skemmti sér á meðan,“ sagði Ólafur sem lýsti einnig ánægju sinni með að vera kominn aftur í sitt gamla félag.

“Ég veit alveg hvað ég er að fara að gera. Ég vona bara að leikmenn skemmti sér á meðan.”

Ólafur Stefánsson

„Ég hef verið með samvisku-bit yfir því að hafa verið í burtu og er að koma til Íslands til að hjálpa þeim sem ég hef verið frá. Ég tel mig svo vera með eitthvað í hausnum sem verður að komast út. Margir munu vonandi hafa gott af því, og ég líka sjálfur,“ sagði Ólafur.

Hann ætlar sér óhefðbundnar leiðir í þjálfuninni og setur ekki

fyrir sig að blanda saman æfingum mismunandi aldursflokka. „Þetta verður allt saman eitt batterí. Æfingarnar mínar munu miða við að strákur úr fjórða flokki geti verið með á meistaraflökksæfingu. Annars vil ég hafa sem fæst orð um hvernig þetta verður. Viljinn til að vinna er góður, en viljinn til að undirbúa er mikilvægari. Þetta snýst um að vakna á hverjum degi og hafa sem minnst bil á milli þess sem maður stefnir að og þess sem maður gerir. Ef það tekst, þá gerast góðir hlutir,“ sagði Ólafur.

„Fyrst og fremst er ég fáránlega glaður með að vera á heimleið. Og það verður hverjum frjálst að kíkja í Valsheimilið. Það er alltaf heitt á könnunni.“

eirikur@frettabladid.is



SPORT 2

Í KVÖLD KL. 19.30

ARSENAL
LIVERPOOL

Misstu ekki af stórleik vikunnar þegar Rauði herinn leitar hefnda fyrir tapið gegn Skyttunum á Anfield í haust.

SPORT 2

Kl. 19.55

Man. Utd. – Southampton

Síminn ICELANDAIR 1011 Carlsberg

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

SPORT 2 HD



TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmí

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Stöð 2 kl. 21.40

Rita

Danska þáttaröðin Rita fór vel af stað á Stöð 2 og í kvöld er komið að öðrum þættinum um kennslukonuna Ritunni. Það ríkir stríðsástand í skólanum þegar foreldrar nemanda reyna að banna sykur. Það er aldrei lognmolla heima hjá Ritunni og ekki batnar ástandið þegar hún fær mömmu sína óvænt í heimsókn.



Í KVÖLD



Top Chef

SKJÁR 1 KL. 20.25 Fegurðardísín Padma Lakshmi stýrir þessum raunveruleikabætti þar sem venjulegt fólk keppir í eldhúsinu. Í þætti kvöldsins fá þátttakendurnir miður ferskt hráefni og eiga að búa til ljúffengan rétt úr því. Dómarar eru Tom Colocchio, Gail Simmons og Katie Lee Joel.

IMDb 6,4/100 7,0



Krøniken

STÖÐ 2 GULL KL. 20.50 Dönsk þáttaröð þar sem sagt er frá lífi og starfi Nielsen-fjölskyldunnar. Sagan byrjar árið 1949 og fjölskyldunni er fylgt í gegnum 25 ára sögu þar sem sorgir eru margar og sigrar líka. Þættirnir hafa slegið í gegn í danska ríkissjónvarpinu.

IMDb 6,4



Make It or Break It

RÚV KL. 20.20 Nú eru aðeins sex vikur í Ólympíuleikana og MacIntire þjálfari er farinn að finna fyrir pressunni. Svo virðist sem aðferðir hans nái ekki fram því besta í stúlkunum svo hann þarf greinilega að fara að hugsa sinn gang.

TV.COM 8,9 IMDb 7,6

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.40** Veðurfregni **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregni **10.13** Arabískar söngvöður **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregni **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Konur **15.25** Emma og höfundur hennar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Vísja **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregni **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregni **22.10** Lestur Passíusálmá **22.18** Bak við stjórnum **23.05** Við frostmark **00.00** Fréttir **00.05** Næturútlit Rásar 1

RÚV

15.50 Söngvakeppnin 2013 - Lögin í úrslitum Flutt verða tvö laganna sjö sem keppa í úrslitum Söngvakeppninnar á laugardagskvöld.

16.00 Djöflaeyjan (e)

16.35 Hefnd (14:22) (Revenge) (e)

17.20 Einu sinni var...lífið (25:26) (e)

17.50 Geymslan

18.15 Tánmálsfréttir

18.25 Njósarni (4:6) (Spy) (e)

18.54 Víkingalottó

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfregni

19.35 Kastljós

20.10 Söngvakeppnin 2013 - Lögin í úrslitum

20.20 Að duga eða drepast (3:8) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.

21.05 Kiljan Bókabáttur í umsjón Egils Helgasonar.

22.00 Tíufréttir

22.15 Veðurfregni

22.20 Uns rykið aðskilur okkur (Until Dust Do Us Part) Frönsk heimildamynd um samskipti hjóna, heimilislíf og húsværk. Hvað býr að baki þegar rifist er um heimilissstörf? Stundum er auðveldara að tala um tiltekt og bríf en tilfinningamálin.

23.15 Söngvakeppnin 2013 - Lögin í úrslitum

23.25 Kastljós (e)

23.45 Fréttir

23.55 Dagskrárlok

BÍÓ

11.05 Inkheart

12.50 Kalli á þakinu

14.05 Main Street

15.40 Inkheart

17.25 Kalli á þakinu

18.40 Main Street

20.15 The Adjustment Bureau

22.00 Slumdog Millionaire

00.00 Die Hard

02.10 The Adjustment Bureau

03.55 Slumdog Millionaire

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2

08.05 Malcolm In the Middle (18:22)

08.30 Ellen (85:170)

09.15 Bold and the Beautiful

09.35 60 mínútur

10.20 Doctors (72:175)

11.00 Perfect Couples (13:13)

11.25 Cougar Town (3:22)

11.50 Privileged (3:18)

12.35 Nágrannar

13.00 New Girl (19:24)

13.25 Gossip Girl (23:24)

14.10 Fly Girls (6:8)

14.30 Step It up and Dance (5:10)

15.20 Big Time Rush

15.45 Barnatími Stöðvar 2

16.50 Bold and the Beautiful

17.10 Nágrannar

17.35 Ellen (86:170)

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

19.20 The Big Bang Theory (10:23)

19.40 The Middle (24:24)

20.05 New Girl (14:22)

20.25 Go On (2:22) Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með vininum Matthew Perry í hlutverki Ryans King, íþróttarfréttamanns, sem missir konuna sína.

20.50 Grey's Anatomy (12:24) Níunda sería þessa vinsæla dramabáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.

21.35 Rita (2:8)

22.20 American Horror Story (12:12) Dulmagnaður spennubáttur um fjölskyldu frá Boston sem flytur til Los Angeles.

23.05 NCIS (7:24)

23.50 Breaking Bad (8:13)

00.40 Person of Interest (14:23)

01.25 The Closer (5:21)

02.10 Damages (5:13)

02.50 Catacombs

04.20 Rita (2:8)

05.05 The Big Bang Theory (10:23)

05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

16.00 FA bikarinn: Brentford - Chelsea

17.40 FA bikarinn: Oldham - Liverpool

19.20 FA bikarinn: Leeds - Tottenham

21.00 Ensku bikarmörkin

21.30 HM 2013: Spánn - Danmörk

23.10 Spænski boltinn: Barcelona - Osasuna

SPORT 2

enski boltinn

07.00 QPR - Man. City

14.00 Stoke - Wigan

15.40 Sunderland - Swansea

17.20 Aston Villa - Newcastle

19.00 Football League Show 2012/13 Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.

19.30 Arsenal - Liverpool BEINT

21.45 Man. Utd. - Southampton

23.25 Norwich - Tottenham

01.05 Reading - Chelsea

02.45 Everton - WBA

krakkar

07.00 Brunabílarinn

07.20 Áfram Diego, áfram!

07.45 Waybuloo

08.05 Dóra könnuður

08.30 Svampur Sveinsson

08.50 Daddi litli og Eyrnastór

09.00 UKI

09.05 Strumpanir

09.30 Lína Langsokkur

09.55 Ofurhundurinn Krypto

10.15 Lukku-Láki

10.40 Histerial!

11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími

17.00 Maularinn

17.25 Ofurhetjusérsveitin

17.50 iCarly (2:25)

POP TV

17.00 Simpson-fjölskyldan (14:22) Flugvöllur Springfield breytir flugleiðum sínum þannig að allar flugvélarnar fljúga yfir hús Simpson-fjölskyldunnar.

17.25 Íslenski listinn

17.50 Gossip Girl (11:22)

18.35 Sjáðu

19.00 Friends Það er komið að brúðkaupinu hennar Phoebe og Monica sem hefur tekið að sér skipulagninguna er að gera alla brjálada.

19.20 How I Met Your Mother (1:24)

19.45 Simpson-fjölskyldan

20.10 American Dad (5:16)

20.30 Funny or Die (2:12) Sprenghlægilegir sketsabættir frá Will Arnett og HBO byggðir á efni á samnefndri heimasíðu sem grínmeistarinn Will Ferrell heldur úti ásamt félagum sínum.

21.00 FM 95BLÖ Farið er yfir það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum.

21.20 Arrow (3:23) Bandarísk þáttaröð um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og verið talinn af.

22.05 Sons of Anarchy (11:13) Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótörhjáklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu. Klúbburinn rekur löglegt verkstæði og felur sig á bak við fjölskyldugildi.

22.50 American Dad (5:16)

23.15 Funny or Die (2:12)

23.45 FM 95BLÖ

00.10 Arrow (3:23)

00.55 Sons of Anarchy (11:13)

01.40 Tónlistarmyndbönd Popptívi

GULL

18.15 Doctors (124:175)

19.00 Ellen (86:170)

19.40 Lífsaugað

20.20 Örlagadagurinn (1:14)

20.50 Krøniken (1:22)

21.55 Örnin (1:24)

22.55 Örlagadagurinn (1:14)

23.25 Lífsaugað

00.05 Krøniken (1:22)

01.05 Örnin (1:24)

02.05 Tónlistarmyndbönd Popptívi

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

08.00 Rachael Ray

08.45 Dr. Phil

09.25 Pepsi MAX tónlist

16.05 Once Upon A Time (4:22)

16.55 Rachael Ray

17.40 Dr. Phil

18.20 Ringer (21:22)

19.10 America's Funniest Home Videos

19.35 Hæ Gosi (8:8)

20.00 Will & Grace (17:24)

20.25 Top Chef (8:15) Bandarískur raunveruleikabáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu.

21.10 Last Resort (10:13) Hörkuspennandi þættir um ahöfn kjarnorkukafbáts sem þarf að hlýða skipun sem í hugum skipstjórnenda er óhugsandi. Óvænt hjálp berst frá Kínverjum og allt virðist falla í ljúfa löð en áður en varir sigur á ógæfuhliðina.

22.00 CSI: Miami (18:19) Einn albesti spennubáttur veraldar þar sem Horatio Caine fer fyrir þrautþjáfaðri rannsóknardeild. Horatio hittir erkióvin sinn á nýjan leik í kjölfar hneykslismáls.

22.50 Hawaii Five-0 (16:24) Bandarísk þáttaröð sem byggist á samnefndum spennubáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum. Sérsvéitin undir stjórn McGarretts þarf að vernda afar mikilvægt vitni í sérkennilegu morðmáli sem upp kom á eyjunni.

23.35 Dexter (12:12) (e)

00.25 Combat Hospital (6:13) (e)

01.15 XIII (1:13) (e)

02.05 Excused

02.30 Last Resort (10:13) (e)

03.20 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **08.10** Farmers Insurance Open **2013 (3:4)** **12.40** Golfing World **13.30** Farmers Insurance Open **2013 (3:4)** **18.00** Golfing World **18.50** Arnold Palmer Invitational **2012 (4:4)** **21.35** Inside the PGA Tour **(5:47)** **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights **(4:45)** **23.45** ESPN America

INN

20.00 Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Vínsmakkarinn

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1

FM 95,7 FM957 **FM 96,3** FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið

FM 98,9 Bylgjan **FM 99,4** Útlit Saga

FM 100,5 Kaninn **FM 102,2** Útlit Latibær

FM 102,9 Lindin **FM 105,5** Útlit Boðun

Fáðu tilboð á oryggi.is

Er heimilið örugglega öruggt?

Á oryggi.is getur þú fengið ráðgjöf um öryggiskerfi sem hentar þínu heimili eða sumarhúsi. Ekki bíða of lengi, verðu þig og þína gegn innbrotum, bruna og vatnstjóni. Enginn stofnkostnaður þegar þú færð þér öryggiskerfi frá okkur – óháð stærð kerfis.

Kíktu á Trausta öryggisráðgjafa á oryggi.is og láttu hann ráðleggja varðandi kerfi og gera þér verðtilboð.

ÖRYGGI

VELFERÐ

Góð ráð frá Trausta á facebook.com/oryggi

Sími 570 2400 · oryggi.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

FLUG EÐA BÍLL

EINFALT REIKNINGSDÆMI

FLUGFELAG.IS

75 | ÁR Á FLUGI



00:40



MIÐI = 9.140 kr.



BLÖÐ



KAFFI

FRÁ **9.140 kr.**

REYKJAVÍK



AKUREYRI




05:30



ELDSNEYTI = 13.649 kr.*



RÚÐUPISS = 741 kr.



GÖNGIN = 1.000 kr.



PYLSA = 310 kr.



PYLSA = 310 kr.



GOS = 240 kr.



ÍS = 395 kr.



KAFFI = 245 kr.

FRÁ **16.890 kr.**

JÁ, ÞAÐ BORGAR SIG! Við hjá Flugfélagi Íslands viljum ekki horfa niður á þá sem aka á milli en í 18.000 feta hæð er stundum erfitt að komast hjá því. Á Íslandi var ekki til neitt sem hét bein leið áður en flugið kom til sögunnar og þegar allt kemur til alls þá borgar sig frekar að fljúga beint en keyra krókaleiðir. Komdu um borð. Við erum með heitt á könnunni.

*Skv. töflu FÍB; bifreið í 3.500.000 kr. verðflokki: 35,73 kr. á km.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

SJÓNVARPSPÁTTURINN



„Þessa dagana hef ég líftinn tíma fyrir sjónvarpsáhorf, en þess utan er Homeland númer eitt hjá mér. Svo horfi ég alltaf á Project Runway.“

Guðrún Guðjónsdóttir, fatahönnuður hjá Hugjin Munin.

Fermingargestabókinni stolið

Persónulegum munum var stolið úr bíl grínistans Daníels Geirs Moritz.

„Maður á aldrei von á að lenda í einhverju svona. Mér varð náttúrulega brugðið og það var mjög óþægilegt að lenda í þessu,“ segir grínistinn Daníel Geir Moritz.

Brotist var inn í rauða Mazda-bifreið hans fyrir utan Útvarps-húsið aðfaranótt sunnudags og stolið þaðan tveimur kössum. Í þeim var gestabók úr ferming-arveislunni hans, útskriftargjöf frá afa hans og ömmu, verð-launapeningar úr æsku, minningarbók sem var skrifað í eftir

fæðingu hans og fleira. „Ég var fyrir austan, í Neskaupstað þar sem ég er fæddur og uppallinn, um jólin. Ég var að fara yfir gamalt dót með pabba því það var kominn tími á að finna annan stað fyrir það. Þarna er ekkert sem nýtist þjófum eða þjófunum en þetta hefur mikið gildi fyrir mig,“ segir Daníel Geir, sem var kjörinn fyndnasti maður Íslands árið 2011.

Hann setti stöðu á Facebook í fyrradag sem hann hvatti fólk til að deila. Þar biðlaði hann til

þjófsins eða þjófanna að skila mununum. „Viðbrögðin urðu mögnuð. Það var rosalega margt fólk sem tók við sér á mínum vinalista og líka fullt af fólki sem ég þekki ekki neitt. Það er gaman að sjá svona stuðning og þetta gefur manni von um að þetta komist til skila.“

Þeir sem geta aðstoðað Daníel Geir við að fá persónulega muni sína aftur geta sent honum póst á Danielgeirmoritz@gmail.com eða hringt í síma 868-5460.

- fb



HJÁ BÍLNUM Daníel Geir Moritz hjá Mazda-bifreið sinni sem brotist var inn í um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hannar á dömurnar

Guðmundur Jörundsson frumsýnir fyrstu dömulinu sína á Reykjavík Fashion Festival og opnar nýja verslun við Laugaveg meðan hátíðin stendur yfir.

Guðmundur Jörundsson fatahönnuður hefur fært út kvíarnar og sýnir fyrstu dömulinu sína á Reykjavík Fashion Festival í mars. Guðmundur hefur áður getið sér gott orð fyrir herralínur sínar en hann hannar bæði undir eigin nafni og fyrir Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar.

Samkvæmt Guðmundi verður dömulinan gæjaleg og mikið lagt upp úr sniðagerðinni. „Við erum nýbyrjuð í sniða- og munsturgerð. Litapallettan verður einföld og sniðin gæjaleg. Hingað til hef ég einbeitt mér alfarið að herrafatnaði og þetta er því svolítið nýtt fyrir mér, en ég er mjög spenntur fyrir þessu,“ segir Guðmundur sem á merkið JÖR by Guðmundur Jörundsson ásamt Gunnari Erni Petersen.

Guðmundur mun áfram hanna línur fyrir Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar en segir þær línur ekki koma jafn ört út og hans eigin. „Vörurnar þeirra eru mjög klassískar og koma ekki út á hverri önn eins og mínar. Það er vissulega mikið í gangi þessa stundina, en mér finnst gott að geta kúplað mig úr herralínunum með dömulinunni og öfugt,“ útskýrir Guðmundur sem stefnir á að opna eigin verslun við Laugaveg 89 sömu helgi og RFF stendur yfir.

„Þetta er rúmgott og fínt húsnæði og er við hliðina á Atmo. Við Gunnar fengum það afhent um helgina sem leið og erum nú að hefjast handa við að pæla, hanna og innrétta. Til að byrja með verður aðeins herralína JÖR by Guðmundur Jörundsson fánleg í versluninni en við ætlum líka að bjóða upp á ódýrari og klassískari vörur á borð við jakkaföt, boli og skyrtur, sem ég mun einnig sjá um að hanna. Ég er einn í þessu núna, en vonin er að geta sett saman gott hönnunarteymi í framtíðinni,“ segir hinn vinnusami hönnuður að lokum.

sara@frettabladid.is



HANNAR Á DÖMUR Guðmundur Jörundsson hefur getið sér gott orð fyrir herralínur sínar en frumsýnir sína fyrstu dömulinu á RFF. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Feginn að Chris Brown hætti við

Stílisti söngvarans Chris Brown óskaði eftir jakkafötum frá herrafatalínu Kormáks og Skjaldar í haust. Stílistinn var á höttunum eftir fötum fyrir Brown til að klæðast er hann sótti tiskuvíkuna í London. Svo fór að söngvarinn ákvað að vera heldur viðstaddur MTV-tónlistarhátíðina og því voru jakkafötin send aftur til baka. Guðmundur segist feginn því að söngvarinn hafi ekki klæðst hönnun sinni. „Ég hafði mjög blöndnar tilfinningar gangvart þessu því hann er ekki fyrirmyndin sem ég vil að klæðist fötunum mínum. Ég er því nokkuð feginn að þetta gekk ekki upp,“ segir Guðmundur og vísar þar til ofbeldisfullrar fortíðar söngvarans. Brown gekk í skrokk á kærustu sinni, söngkonunni Rihönnu, árið 2009 og var í kjölfarið dæmdur í fimm ára skilorðsbundið fangelsi, samfélagsþjónustu og skikkaður í meðferð við bræði. Þann 14. júní 2012 lentu Brown og rapparinn Drake í slagsmálum á skemmtistað með þeim afleiðingum að átta manns slösuðust. Nú á sunnudag lenti Brown í slagsmálum við söngvarann Frank Ocean.



Mary Poppins
dans og steppnámskeið

Einstakt tækifæri.
Danskennari: Anthony Whiteman,
Gæðstoðardanshöfundur Mary Poppins.

Námskeiðið verður fullt af skemmtun og krafti, innblásið af stórkostlegri danshönnun Lee Proud í Borgarleiðhúsinu.

Lau 2/2 kl. 15:15 - 16:30 fyrir 9-12 ára.
Lau 2/2 kl. 16:30 - 18:15 fyrir 13 ára og eldri.
Sun 3/2 kl. 15 - 17 fyrir dansara/leikara/söngvara

Lærið af atvinnudanshöfundi frá West End í London.
Skráning á www.kramhusid.is og í síma 551-5103

MARY POPPINS

Borgarleiðhúsið

HEILSUVIKA

28. jan. - 3. feb.

Verðdæmi:

Laxafliok, fersk	1.390
Laxafliok, fersk	1.390
Þorskhakkar	1.390
Ýsufliok roðlaus/beinlaus	1.390
Löngusteikur marineraðar Indversku karri	1.390
Löngusteikur marineraðar á Gríska visu	1.390
Rauðsprettufliok glæný	1.390
Allir fiskréttir	1.390



ALLUR FISKUR Í FISKBORÐI

1.390 kr.kg.

Opíð kl. 7-18.15
Laugard. 10-15

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Daðrandi töffarar í afgreiðslunni

Heilsustaðurinn Lemon verður opnaður í mars á Suðurlandsbraut. Hann á að fyrirmynd staðina Joe & the Juice í Danmörku og Pret A Manger í Bretlandi.

„Við bjóðum bara upp á ferskan og hollan mat og enginn þarf að óska eftir yfirdráttarheimild til að geta borðað hjá okkur,“ segir Jón Arnar Guðbrandsson sem ásamt Jóni Gunnari Geirdal opnar nýjan stað að Suðurlandsbraut 4 í mars.

Staðurinn ber heitið Lemon og verður samblanda af stöðunum Joe & the Juice, sem er geysivinsæll í Danmörku, og Pret A Manger, sem er stærsti skyndibitasali í Bretlandi. „Við verðum með grillaðar sælkerasamlokur, safaríka hollustudjúsa, hafragrauta, salöt, skyr-smoothies og fleira og ætlum að búa til sama andrúmsloft og er á þessum stöðum þar sem fólki líður svo vel að það gleymir stund og stað,“ segir Jón Arnar. „Við verðum með alls kyns nýja strauma og blöndum saman framandi hráefnum sem eiga eftir að trylla bragðlaukana,“ bætir hann við.

DJ Margeir sér um tónlist staðarins og parið Hálf-dán Pedersen og Sara Jónsdóttir sér um hönnun hans, en þau hönnuðu meðal annars Geysibúðirnar og KEX Hostel. „Það er svo undir mér komið að maturinn standi undir væntingum,“ segir Jón Arnar og hlær. Spurður hvort afgreiðslan verði full af vel



NÝIR STRAUMAR Jón Gunnar og Jón Arnar eru mennirnir á bak við Lemon, þar sem hollustan verður í fyrirrúmi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

útlítandi og daðrandi strákum eins og þekkest á Joe & the Juice segir Jón Arnar það vera hluta af þemanu. „Við verðum auðvitað með stelpur í vinnu líka, til að hjálpa okkur að láta þetta ganga upp, en stefnum á að vera með afgreiðsluna fulla af flöttum strákum,“ segir hann.

- trs

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30-18
laugardaga
12-17

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

Útsöluverð:
349.995

50 PÚS. KR. AFSLÁTTUR

Verð áður:
399.995



47LM669T

47" LG LED sjónvarp án ramma

Rammalaus hönnun, SMART TV, innbyggt WiFi, 400Hz MCI, Cinema 3D, DLNA, 4 pör af gleraugum fylgja, FullHD, 2x10w, 3x USB, 4x HDMI.

NÝ VARA
frábært verð

Stærð Verð:

42" 269.995

47" 319.995

55" 499.995



42LM640, 47LM640,
55LM640

42" 47" og 55" LG 3D sjónvörp

LED, Cinema Screen rammi, SMART TV, innbyggt WiFi, 400Hz MCI, Cinema 3D, DLNA, 4 pör af gleraugum fylgja, FullHD, 2x10w, 3x USB, 4xHDMI.

Útsöluverð:
279.995

40 PÚS. KR. AFSLÁTTUR

Verð áður:
319.995



60PA5500

60" LG plasma sjónvarp

60" plasma, FullHD, 600Hz, DVB-T, 2x10W, 2xHDMI, 24P Real Cinema, Triple XD Engine, USB.

Útsöluverð:
149.995

80 PÚS. KR. AFSLÁTTUR

Verð áður:
229.995



42LM340T

42" LG LED 3D sjónvarp

42" LED, 3D, 4 gleraugu fylgja, FullHD 1920x1080, USB, DiVX-HD, 100Hz MCI, 2xHDMI, DVB-T, IPS Panel.

**Fullt af
frábærum
vörum á
útsölu!**

Útsöluverð:
129.995

40 PÚS. KR. AFSLÁTTUR

Verð áður:
169.995



42LS3450

42" LG LED sjónvarp

42" LED, FullHD 1920x1080, USB, DiVX-HD, 100Hz MCI, 2xHDMI, DVB-T, IPS Panel.

**NÝ VARA -
frábært verð**

Verð:
99.995



Vnr. 32LM340T

32" LG 3D sjónvarp

Frábært verð á 32" fullkomnu Cinema 3D sjónvarpi sem skilar 100Hz endurnýjunartíðni með Dual-Play stuðningi. Upplifðu flottustu 3D-tæknina frá LG.



BP325

NÝ VARA
frábært verð

Verð:
24.995

LG Blu-ray spilari

LG Blu-ray spilari með 3D, SMART TV function, USB afspilun, instant tray open.

Hátekni



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mary Poppins æði

Það er óhætt að fullyrða að Mary Poppins æði eigi eftir að ganga yfir landann í kjölfar frumsýningar söngleiksins í Borgarleikhúsinu í lok febrúar. Anthony Whiteman, aðstoðardanshöfundur sýningarinnar, ætlar að efna til dansnámskeiðs í Kramhúsinu þar sem verða kenndir dansar og stepp úr sýningunni en hann hefur dansað í stærstu söngleikjum í heimi á borð við Billy Elliot, My Fair Lady, Cats og fleiri. Einnig hefur nótnahefti með tónlistinni úr Mary Poppins verið sent á alla tónlistarkennara á landinu og eru þeir á fullu núna að æfa lögin með nemendum sínum. Það er Agnar Már Magnússon sem stjórnar tónlistinni í sýningunni þar sem **Jóhanna Vigdís Arnarsdóttir** fer með hlutverk barnfóstrunnar ástsælu.



Umdeildur Bam

Hjólábrettamaðurinn og Jackass-pinninn **Bam Margera** frumsýndi í gær nýtt tónlistarmyndband sem hann tók upp í heimsókn sinni til Íslands í fyrrasumar. Myndbandið er við lag sem heitir Bend My Dick in My Ass og hefur eins og nærri má geta miður huggulegan texta. Í myndbandinu má meðal annars sjá kærustu Margera, Nicole Boyd, striplast í íslenski náttúru og gæla við hann í aftursæti leigubíls, auk þess sem Margera sést standa við þjóðveg og hafa þvaglát upp í sjálfan sig. Í gærkvöldi höfðu



nærri 125 þúsund manns séð myndbandið á vefnum Youtube en skrípalætin höfðu þó hlotið blendnar viðtökur. Helmingi fólks mislíkaði það sem fyrir augu bar – ef frá er talin íslenska náttúran sem hlaut lof í athugasemda-kerfinu. - áþ, sh

Mest lesið **vísir**

- 1 Jackass-stjarna fer hamföllum á Íslandi
- 2 Ótrúleg umfjöllun um konu sem er háð því að borða kattahár
- 3 Breskir skattgreiðendur tapa 20 milljörðum á dómnum
- 4 Stjórnarandstaðan íhugar að leggja fram vantrauststillögu

Slökkvitæki og reykskynjarar



oryggi.is
 Sími 570 2400



SÍÐUSTU DAGAR!

STÓR ÚTSALA!

ÚTSALA

REKKJUNNAR

50-60%

AFSLATTUR AF ÖLLUM ELDRI GERÐUM AF KING SIZE RUMUM



CAPE FIRM
 Cal King Size rúm (183x213 cm)
 FULLT VERÐ 282.767 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 113.106 kr.
60% AFSLÁTTUR

HEILSUKODDAR
20-30% AFSLÁTTUR!

GREY
 King Size rúm (193x203 cm)
 FULLT VERÐ 299.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 149.950 kr.
50% AFSLÁTTUR

CREAM
 Queen Size rúm (153x203 cm)
 FULLT VERÐ 175.398 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 87.699 kr.
50% AFSLÁTTUR

rekkjan

HEILSURÚM